

AUGLÝSING

um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 7. mars 2012 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna sammings um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sem gerður var í Brussel 18. nóvember 2008, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur.

Breytingin öðlaðist gildi 7. mars 2012 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um breytingu á bókun 4 við samninginn
milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR

Með hliðsjón af samningum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

að höfðu samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af mikilvægum breytingum á bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól eftir að hann var gefinn út¹, sem hafa leitt til þess að nauðsynlegt er að breyta bókuninni.

Með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 7. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja² með leiðréttingum samkvæmt Stjtið. ESB L 172, 6.5.2004, bls. 9.

Með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2008 frá 20. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 802/2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja³.

Með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 773/2004 að því er varðar sáttameðferð í málum sem tengjast einokunarhringum⁴.

Með hliðsjón af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2009 og 118/2009 frá 22. október 2009. um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn,

Í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

HAFNA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað texta bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi textinn í I. viðauka við þennan samning.

2. gr.

Í stað texta viðbættans a við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi textinn í II. viðauka við þennan samning.

3. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig. Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.
2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það. Skjal um staðfestingu skal afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.
3. Samningur þessi öðlast gildi sama dag og öll EFTA-ríkin hafa afhent til vörslu öll skjöl sín um staðfestingu.

¹ Stjtið. EB L 344, 31.1.1994, bls. 3.

² Stjtið. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1.

³ Stjtið. ESB L 279, 22.10.2008, bls. 3.

⁴ Stjtið. ESB L 171, 1.7.2008, bls. 3.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan

Gjört í Brussel hinn 18. nóvember 2009

FYRIR HÖND LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEIN

FYRIR HÖND KONUNGRÍKISINS NOREGS

I. VIÐAUKI
**VIÐ SAMNINGINN FRÁ 18. NÓVEMBER 2009
UM BREYTINGU Á BÓKUN 4 VIÐ SAMNING EFTA-RÍKJANNA
UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS
BÓKUN 4
UM HLUTVERK OG VALDSVIÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á SVIÐI SAMKEPPNI
Efnisyfirlit með tilvísunum í samsvarandi EB-gerðir eða ákvæði EES-samningsins**

I. HLUTI
INNGANGUR:
I. KAFLI
INNGANGUR

II. HLUTI
BEITING 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS:
II. KAFLI

Framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr. EES-samningsins (sbr. reglugerð (EB) nr. 1/2003 eins og henni var breytt með reglugerðum (EB) nr. 411/2004 og 1419/2006)

III. KAFLI
Reglur sem varða málsmeðferð af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins (sbr. reglugerð (EB) nr. 773/2004 eins og henni var breytt með reglugerðum (EB) nr. 1792/2006 og 622/2008)

III. HLUTI
EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM:
IV. KAFLI

Reglur sem varða eftirlit með samfylkingum milli fyrirtækja (sbr. 4. og 5. mgr 4. gr. og 6.-24. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004)

V. KAFLI
Um framkvæmd IV. kafla um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (sbr. reglugerð (EB) nr. 802/2004 eins og henni var breytt með reglugerðum (EB) nr. 1792/2006 og 1033/2008)

IV. HLUTI
KOL OG STÁL

VI. KAFLI
Reglur sem eiga við um fyrirtæki á sviði kola og stáls

I. þáttur
Almennar reglur varðandi samninga og samfylkingar (sbr. 65. gr. (2. mgr., undirgreinar 3 til 5, 3. mgr., 4. mgr., undirgreinar 2 og 5) og 66. gr. (2. mgr., undirgreinar 2 og 4 og 4. til 6. mgr.), 47. gr., 1. mgr. 36. gr. og 82. gr. við stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu)

II. þáttur
Upplýsingar sem látnar skulu í té (4. mgr. 2. gr. í I. þætti) (sbr. ákvörðun 26/54)

III. þáttur
Fyrningarfrestur við málsmeðferð og til fullnustu viðurlaga samkvæmt bókun 25 við EES-samninginn og þessum kafla (sbr. ákvörðun 715/78)

IV. þáttur

Valdsvið embættismanna og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA sem falið hefur verið að láta fara fram eftirlit sem kveðið er á um í bókun 25 við EES-samninginn og í þessum kafla (sbr. ákvörðun 379/84)

V. HLUTI

FYRNINGARFRESTIR, BRÁÐABIRGÐAREGLUR OG AÐRAR REGLUR:

VII. KAFLI

Fyrningarfrestir við málsmeðferð og til fullnustu viðurlaga samkvæmt reglum sem varða flutninga og samkeppni í IV. og V. kafla (sbr. reglugerð (EBE) nr. 2988/74 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003)

VIII. KAFLI

Bráðabirgðareglur og aðrar reglur

I. þáttur

Reglur sem eiga við um fyrrverandi II. - XII. og XV. kafla (sbr. fyrrverandi 5. til 7. gr. og 9. gr., 8. og 10. gr. og áfram í bókun 21 við EES-samninginn)

II. þáttur

Reglur sem gilda um fyrrverandi XIII. og XIV. kafla (sbr. 2. mgr. 25. gr. í reglugerð (EBE) nr. 4064/89)

Viðbætar

1. viðbætur

Eyðublað sem um getur í 1. mgr. 5. gr. III. kafla (C-eyðublað)

2. viðbætur

Eyðublað sem um getur í 1. mgr. 3. gr. V. kafla (CO-eyðublað)

3. viðbætur

Eyðublað sem um getur í 1. mgr. 3. gr. V. kafla (einfaldað CO-eyðublað)

4. viðbætur

Eyðublað sem um getur í 1. mgr. 6. gr. V. kafla (RS-eyðublað)

5. viðbætur

Eyðublað sem getið er um í 20. gr. V. kafla (RM-eyðublað)

I. HLUTI
ALMENNAR REGLUR

I. KAFLI
INNGANGUR

1. gr.

Í þessari bókun eru sett fram ákvæði til framkvæmdar samkeppnisreglum sem eiga við um fyrirtæki samkvæmt EES-samningnum, einkum hvað varðar framkvæmd bókana 21-25 við samninginn.

2. gr.

1. Ákvæði II. - V. kafla gilda um öll svið sem falla undir EES-samninginn nema kveðið sé á um annað.
2. Ákvæði II. - V. kafla gilda ekki um mál sem falla undir VI. kafla samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram þar.

3. gr.

Í VIII. kafla eru settar fram bráðabirgðareglur sem eiga við um fyrrverandi II. - XV. kafla¹.

4. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, í samræmi við 49. gr. þessa samnings, að leggja fram breytingartillögur við þessa bókun, þ.m.t. viðbætar hennar, fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna.

II. HLUTI
BEITING 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS

II. KAFLI
FRAMKVÆMD SAMKEPPNISREGLNA SEM MÆLT ER FYRIR UM
Í 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS

I. ÞÁTTUR
MEGINREGLUR

1. gr.

Beiting 53. og 54. gr. EES-samningsins.

1. Lagt er bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og uppfylla ekki skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.
2. Ekki er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og uppfylla skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.
3. Lagt er bann við misnotkun á yfirburðastöðu, sem um getur í 54. gr. EES-samningsins, án sérstakrar ákvörðunar um það.

2. gr.

Sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð á innlendum vettvangi eða á vettvangi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) til beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins skal sönnunarbyrði vegna brots á 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins hvíla á þeim aðila eða því yfirvaldi sem telur að brot hafi átt sér stað. Sönnunarbyrði um að skilyrðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafi verið fullnægt hvílir á því fyrirtæki eða þeim samtökum fyrirtækja sem hafa ávinning af þeirri málsgrein.

3. gr.

Tengsl milli 53. og 54. gr. EES-samningsins og innlendra samkeppnislaga.

1. Ef samkeppnisfyrivöld í EFTA-ríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr.

¹ Efni VIII. kafla hefur ekki verið endurskoðað frá því bókun 4 gekk upphaflega í gildi og vísar því til kaflanna í bókuninni eins og þeir voru birtir í Stjtið. L 344, 31.1.1994, bls. 3.

53. gr. EES-samningsins, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum í skilningi þess ákvæðis, skulu þau einnig beita 53. gr. EES-samningsins að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir. Ef samkeppnisyfirvöld í EFTA-rikinum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna misnotkunar, sem er bönnuð skv. 54. gr. EES-samningsins, skulu þau einnig beita 54. gr. EES-samningsins.
2. Beiting innlendra samkeppnislaga má ekki leiða til þess að bannaðir verði samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, en hamla ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, eða uppfylla skilyrði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða falla undir réttarreglu um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Þessi réttarregla kemur ekki í veg fyrir EFTA-ríkin geti samþykkt og beitt á yfirráðasvæði sínu strangari landslögum sem banna eða beita viðurlögum við einhliða athæfi fyrirtækja.
 3. Með fyrirvara um almennar meginreglur og önnur ákvæði EES-laga gilda 1. og 2. mgr. hvorki þegar samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-rikinum beita innlendum lögum um samrunaefirlit né heldur koma þær í veg fyrir beitingu ákvæða landslaga þar sem í meginatriðum eru ríkjandi önnur markmið en þau sem er að finna í 53. og 54. gr. EES-samningsins.

II. ÞÁTTUR

VALDSVIÐ

4. gr.

Valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA.

Að því er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins skal valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA vera eins og kveðið er á um í þessum kafla.

5. gr.

Valdsvið samkeppnisyfirvalda í EFTA-rikinum.

Samkeppnisyfirvöld í EFTA-rikinum hafa vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins í einstökum tilvikum. Þau geta tekið eftirfarandi ákvarðanir í þessu skyni, annaðhvort að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar:

- krafist þess að látið verði af broti,
- gefið fyrirmæli um tímabundnar ráðstafanir,
- samþykkt skuldbindingar,
- lagt á sektir og févíti eða beitt hverjum þeim viðurlögum öðrum sem kveðið er á um í landslögum þeirra.

Þeim er enn fremur heimilt að ákveða að ekki sé ástæða til aðgerða af þeirra hálfu ef skilyrðum fyrir banni er ekki fullnægt á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

6. gr.

Valdsvið innlendra dómstóla.

Innlendir dómstólar hafa vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins.

III. ÞÁTTUR

ÁKVARÐANIR EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

7. gr.

Að uppgötva og stöðva brot.

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli kvörtunar eða að eigin frumkvæði, að brotið hafi verið gegn 53. eða 54. gr. EES-samningsins er henni heimilt að taka ákvörðun um að krefjast þess að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti af brotinu. Í þessu skyni er henni heimilt að beita úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Heimilt er að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnarángursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytingar á skipulagi. Ef Eftirlitsstofnun

EFTA hefur af því lögmæta hagsmuni er henni enn fremur heimilt að sýna fram á að brot hafi átt sér stað áður.

2. Einstaklingum eða lögaðilum, sem geta sýnt fram á lögmæta hagsmuni, og EFTA-rikinum er heimilt að leggja fram kæru varðandi 1. mgr.

8. gr.

Tímabundnar ráðstafanir.

1. Þegar skjótra aðgerða er þörf vegna hættu á að samkeppni verði fyrir umtalsverðum og óbætalegum skaða er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að taka ákvörðun, að eigin frumkvæði og á grundvelli þess sem virðist við fyrstu sýn vera uppgötvun brots, um að grípa til tímabundinna ráðstafana.
2. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir um tiltekinn tíma og hana má endurnýja ef slíkt er talið nauðsynlegt og viðeigandi.

9. gr.

Skuldbindingar.

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hyggst samþykkja ákvörðun um að brot skuli stöðvað og að hlutaðeigandi fyrirtæki taki á sig skuldbindingar til þess að draga úr þeim áhyggjum sem hún hefur látið í ljós í bráðabirgðamati sínu er henni heimilt að taka ákvörðun um að skylda fyrirtækin til að standa við þær skuldbindingar. Heimilt er að samþykkja slíka ákvörðun til tiltekins tíma og í henni skal koma fram að ekki sé lengur ástæða til aðgerða af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði, að hefja málsmeðferð að nýju:
 - a) ef verulegar breytingar hafa orðið á þeim málsatvikum sem liggja til grundvallar ákvörðuninni,
 - b) ef hlutaðeigandi fyrirtæki efna ekki skuldbindingar sínar, eða
 - c) ef ákvörðunin er byggð á ófullnægjandi, röngum eða villandi upplýsingum sem aðilarnir hafa látið í té.

10. gr.

Beiting á ekki við.

Ef þess er krafist vegna almannahagsmuna samkvæmt EES-samningnum, að því er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins, er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að komast að þeirri niðurstöðu, með ákvörðun að eigin frumkvæði, að 53. gr. EES-samningsins gildi ekki um samning, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir annaðhvort vegna þess að skilyrði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafa ekki verið uppfyllt eða vegna þess að skilyrði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafa verið uppfyllt.

Eftirlitsstofnun EFTA getur á sama hátt komist að þessari niðurstöðu með vísun til 54. gr. EES-samningsins.

IV. ÞÁTTUR

SAMSTARF

11. gr.

Samstarf milli Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyrvalda í EFTA-rikinum.

1. Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyrvald í EFTA-rikinum skulu hafa með sér náð samstarf um beitingu samkeppnisreglna EES.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda samkeppnisyrvaldum í EFTA-rikinum afrit af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur safnað saman vegna beitingar 7., 8., 9., 10. og 29. gr. (1. mgr.). Eftirlitsstofnun EFTA skal, að fenginni beiðni frá samkeppnisyrvaldum í EFTA-ríki, leggja fram afrit af fyrirliggjandi skjölum sem nauðsynleg teljast til að unnt sé að leggja mat á málið.
3. Samkeppnisyrvald í EFTA-rikinum skulu, á grundvelli 53. eða 54. gr. EES-samningsins, senda Eftirlitsstofnun EFTA skriflega tilkynningu fyrir fram eða strax og gerðar eru ráðstafanir til að

hefja formlega rannsókn. Einnig má veita samkeppnisyfirvöldum í hinum EFTA-ríkjunum þessar upplýsingar.

4. Samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um samþykkt ákvörðunar um að brot skuli stöðvað, skuldbindingar samþykktar eða fallið frá veitingu hóp- undanþágu með minnst 30 daga fyrirvara. Í þessu skyni skulu þau láta Eftirlitsstofnun EFTA í té samantekt yfir málið, fyrirhugaða ákvörðun eða, liggi hún ekki fyrir, sérhvert annað skjal sem felur í sér tillögur um aðgerðir. Einnig má veita samkeppnisyfirvöldum í hinum EFTA-ríkjunum þessar upplýsingar. Hlutaðeigandi samkeppnisyfirvöld skulu, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, láta henni í té önnur skjöl sem þau hafa undir höndum og telja má nauðsynleg til að meta málið. Heimilt er að veita samkeppnisyfirvöldum í hinum EFTA-ríkjunum þær upplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA eru látnar í té. Innlendum samkeppnisyfirvöldum er einnig heimilt að skiptast á upplýsingum sem telja má nauðsynlegar til að meta mál sem þau fjalla um skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins.
5. Samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum er heimilt að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA vegna sérhvers máls sem felur í sér beitingu EES-laga.
6. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur málsmeðferð til samþykktar á ákvörðun skv. III. þætti hafa samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum ekki lengur vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins. Ef samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki vinna þegar að máli skal Eftirlitsstofnun EFTA því aðeins hefja málsmeðferð að haft sé samráð við innlend samkeppnisyfirvöld.
7. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum upplýsingar sem hún fær frá framkvæmdastjórn EB skv. 2. gr., 3. gr. (fyrsta undirlið 1. mgr.), 4. gr., 7. gr., 8. gr. (1. mgr.) og 11. gr. bókunar 23 við EES-samninginn. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að veita upplýsingar samkvæmt bókun 23 við EES-samninginn.

11. gr. a

Upplýsingar, sem leitt geta til niðurfellingar eða lækkunar sekta, fengnar samkvæmt bókun 23 við EES-samninginn.

1. Samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum er óheimilt að nota upplýsingar, sem um getur í 7. mgr. 11. gr., sem ástæðu til að hefja eigin rannsókn í málum þar sem Eftirlitsstofnun EFTA fékk þessar upplýsingar frá framkvæmdastjórn EB í samræmi við 1. eða 2. mgr. 2. gr. í bókun 23 við EES-samninginn og þær varða mál sem var tekið til meðferðar í kjölfar umsóknar um niðurfellingu eða lækkun sekta. Þetta er með fyrirvara um heimildir samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum til að hefja rannsókn á grundvelli upplýsinga frá öðrum.
2. Þær takmarkanir og þau skilyrði, sem greint er frá í 4. og 5. mgr. 9. gr. í bókun 23 við EES-samninginn, skulu gilda að breyttu breytanda milli Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum um framsendingu upplýsinga í samræmi við 7. mgr. 11. gr.

11. gr. b

Upplýsingar frá Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum sem leitt geta til niðurfellingar eða lækkunar sekta.

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki fjalla um mál, sem er tekið til meðferðar í kjölfar umsóknar um niðurfellingu eða lækkun sekta, skulu upplýsingar, sem eru veittar hinum yfirvöldunum skv. 1.-6. mgr. 11. gr. í slíkum málum, ekki notaðar af þeim yfirvöldum sem ástæða til að hefja eigin rannsókn, hvort heldur er samkvæmt samkeppnisreglum EES-samningsins eða, ef um er að ræða samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum, samkvæmt innlendum samkeppnislögum eða öðrum lögum. Þetta er með fyrirvara um heimildir yfirvaldsins til að hefja rannsókn á grundvelli upplýsinga frá öðrum eða, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. hér á eftir, að óska eftir, taka við og nota upplýsingar skv. 12. gr. frá einhverju hinna yfirvaldanna, að meðtöldu yfirvaldinu sem tók við umsókninni um niðurfellingu eða lækkun sekta.
2. Upplýsingar, sem umsækjandi um niðurfellingu eða lækkun sekta veitir sjálfviljugur, skulu einungis sendar öðru yfirvaldi skv. 12. gr. með samþykki umsækjanda, sbr. þó 3. mgr. Á sama hátt skulu aðrar upplýsingar, sem hafa fengist við eða eftir athugun eða aðra gagnaöflun sem í engu tilviki hefði getað farið fram nema á grundvelli umsóknar um niðurfellingu eða lækkun

sekta, því aðeins sendar öðru yfirvaldi skv. 12. gr. að umsækjandi hafi samþykkt sendingu upplýsinga, sem hann hefur sjálfviljugur veitt í umsókn sinni um niðurfellingu eða lækun sekta, til þess yfirvalds. Eftir að umsækjandi um niðurfellingu eða lækun sekta hefur gefið samþykki sitt fyrir sendingu upplýsinga til annars yfirvalds getur hann ekki dregið það til baka. Þessi málsgrein er þó með fyrirvara um þá ábyrgð sem hvílir á sérhverjum umsækjanda að senda umsókn sína um niðurfellingu eða lækun sekta hverju því yfirvaldi sem hann telur viðeigandi.

3. Þrátt fyrir það sem að framan greinir er við eftirfarandi aðstæður ekki krafist samþykkis umsækjanda fyrir sendingu upplýsinga til annars yfirvalds skv. 12. gr.:
 - a) Samþykki er ekki krafist ef yfirvaldið sem veitir upplýsingunum viðtöku, hefur einnig fengið umsókn um niðurfellingu eða lækun sekta fyrir sama brot frá sama umsækjanda og send var yfirvaldinu, sem sendir upplýsingarnar, að því tilskildu að umsækjandinn hafi ekki möguleika á að draga upplýsingar, sem hann hefur veitt viðtökuyfirvaldinu, til baka þegar þær eru sendar.
 - b) Samþykki er ekki krafist ef viðtökuyfirvaldið hefur gefið út skriflega skuldbindingu um að upplýsingar, sem það hefur fengið sendar og aðrar upplýsingar sem það kann að fá eftir sendingartímann, sem skráður er hjá sendingaryfirvaldinu, verði hvorki notaðar af því sjálfu né öðru yfirvaldi sem fær þær sendar síðar til að beita viðurlögum:
 - i. gagnvart þeim sem sækir um niðurfellingu eða lækun sekta,
 - ii. gagnvart öðrum lögaðila eða einstaklingi sem nýtur hagstæðari meðferðar af hálfu sendingaryfirvaldsins á grundvelli umsóknar sinnar sem hann leggur fram innan ramma áætlunar yfirvaldsins um niðurfellingu eða lækun sekta, eða
 - iii. gagnvart starfsmanni eða fyrirverandi starfsmanni einhverra þeirra sem getið er í i. eða ii. lið.

Afhenda skal umsækjanda eintak af skriflegri skuldbindingu viðtökuyfirvaldsins.
 - c) Ekki þarf samþykki fyrir sendingu upplýsinga til yfirvalds, sem fékk umsókn um niðurfellingu eða lækun sekta, eða notkun þess á þeim upplýsingum, hafi samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki tekið þær saman skv. 1. mgr. 22. gr. fyrir hönd og á kostnað þess yfirvalds.

12. gr.

Upplýsingaskipti.

1. Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyfirvöld í EFTA-rikjunum skulu hafa það vald, til beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins, að veita hvert öðru og nota til sönnunar hvers konar upplýsingar um staðreyndir og lagaatriði, þ.m.t. trúnaðarupplýsingar.
2. Upplýsingar, sem skipst er á, skulu einungis notaðar til sönnunar við beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins og í tengslum við það viðfangsefni sem var tilefni þess að þær voru teknar saman hjá yfirvaldinu sem sendir upplýsingarnar. Ef innlendum samkeppnislögum er hins vegar beitt í sama máli og samhliða samkeppnislögum EES og það leiðir ekki til annarrar niðurstöðu er einnig heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á samkvæmt þessari grein, við beitingu innlendra samkeppnislaga.
3. Einungis er heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á skv. 1. mgr., til sönnunar þegar beita á einstaklinga viðurlögum ef:
 - mælt er fyrir um svipuð viðurlög í lögum yfirvaldsins, sem sendir upplýsingarnar, í tengslum við brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins eða, ef slíkt er ekki fyrir hendi,
 - upplýsingunum hefur verið safnað á þann hátt að gert sé ráð fyrir að varnarréttur einstaklinga sé varinn að sama marki og kveðið er á um í lögum landsins sem tekur við upplýsingunum. Í þessu tilviki er yfirvaldinu, sem tekur við upplýsingunum, þó ekki heimilt að nota þær upplýsingar, sem skipst er á, til að beita viðurlögum til frijalsræðissviptingar.

13. gr.

Málsmeðferð frestað eða hætt.

1. Ef samkeppnisyfirvöld í tveimur EFTA-rikjum eða fleiri taka við kvörtun eða fara fram að eigin frumkvæði skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins gegn sama samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð skal sú staðreynd að eitt yfirvald fjalli um málið nægja öðrum til þess að fresta máls-

meðferð eða vísa kvörtun frá. Eftirlitsstofnun EFTA getur með sama hætti vísað kvörtun frá á þeirri forsendu að samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki fjalli um málið.

2. Ef samkeppnisyfirvald í EFTA-ríki eða Eftirlitsstofnun EFTA fær senda kvörtun gegn samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð, sem annað samkeppnisyfirvald hefur þegar fjallað um, er því heimilt að vísa henni frá.

14. gr.

Ráðgjafarnefnd.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samráð við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu áður en hún tekur ákvörðun skv. 7., 8., 9., 10. og 23. gr., 24. gr. (2. mgr.) og 29. gr. (1. mgr.).
2. Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum við umfjöllun einstakra mála. Heimilt er að tilnefna viðbótarfulltrúa EFTA-ríkis, sem er til þess bært að fjalla um samkeppnismál, þegar fjallað er um annað á fundum en einstök mál. Í stað fulltrúa, sem geta ekki sótt fundi, geta komið aðrir fulltrúar.
Framkvæmdastjórn EB og aðildarríki EB hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum ráðgjafarnefndarinnar og láta álit sitt í ljós, eins og kveðið er á um í bókun 23 við EES-samninginn. Fulltrúar þeirra hafa þó ekki atkvæðisrétt.
3. Samráð getur farið fram á boðuðum fundi undir formennsku Eftirlitsstofnunar EFTA og skal hann haldinn í fyrsta lagi 14 dögum eftir að fundarboð er sent ásamt samantekt um málið, upplýsingum um mikilvægustu skjölin og drögum að ákvörðun. Að því er tekur til ákvarðana skv. 8. gr. er heimilt að halda fundinn sjö dögum eftir að framkvæmdarhluti draga að ákvörðun hefur verið sendur. Ef Eftirlitsstofnun EFTA sendir fundarboð, sem tilgreinir skemmri fyrirvara en að framan greinir, má halda fundinn á þeim degi sem lagður er til ef ekkert EFTA-ríki hreyfir mótmælum við því. Ráðgjafarnefndin skal leggja fram skriflegt álit á drögum Eftirlitsstofnunar EFTA að ákvörðun. Henni er heimilt að skila álitinu jafnvel þótt einhverjir nefndarmanna séu fjarstaddir og enginn hafi komið í þeirra stað. Rökstyðja skal þá afstöðu sem fram kemur í álitinu fari einn eða fleiri nefndarmanna fram á það.
4. Samráð getur einnig farið fram skriflega. Eftirlitsstofnun EFTA skal þó boða til fundar ef EFTA-ríki eða framkvæmdastjórn EB óskar eftir því. Við skriflega málsmeðferð skal Eftirlitsstofnun EFTA ákvarða eigi skemmri frest en 14 daga til handa EFTA-ríkjunum til að leggja fram athugasemdir til dreifingar til hinna EFTA-ríkjanna. Ef um er að ræða ákvarðanir sem taka skal skv. 8. gr. styttest fresturinn úr 14 dögum í sjö daga. Ef Eftirlitsstofnun EFTA ákvarðar skemmri frest vegna skriflegrar málsmeðferðar en að framan greinir skal sá frestur, sem lagður er til, gilda ef ekkert EFTA-ríkjanna hreyfir andmælum.
5. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ítrasta tillit til álits ráðgjafarnefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.
6. Ef ráðgjafarnefndin skilar skriflegu álitu skal það látið fylgja drögum að ákvörðun. Ef ráðgjafarnefndin mælir með því að álitu verði birt skal Eftirlitsstofnun EFTA annast birtinguna og taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.
7. Eftirlitsstofnun EFTA skal, að beiðni samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríki, setja á dagskrá ráðgjafarnefndarinnar mál sem samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki hafa til umfjöllunar skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að gera slíkt að eigin frumkvæði. Í báðum tilvikum skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna hlutaðeigandi samkeppnisyfirvöldum um það.
Einkum geta samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríki lagt fram beiðni varðandi mál sem Eftirlitsstofnun EFTA telur gefa tilefni til málsmeðferðar á grundvelli 6. mgr. 11. gr.
Ráðgjafarnefndin skal ekki segja álitu á málum sem eru til umfjöllunar hjá samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum. Ráðgjafarnefndinni er einnig heimilt að fjalla um almenn atriði samkeppnislaga EES.
8. Framkvæmdastjórn EB skal, með hliðsjón af þeirri þátttöku sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr., fá boð um að taka þátt í samráði í samræmi við 3. og 4. mgr. og fá viðeigandi upplýsingar eins og kveðið er á um í 6. gr. bókunar 23 við EES-samninginn.

15. gr.

Samstarf við innlenda dómstóla.

1. Í málsmeðferð til beitingar á 53. eða 54. gr. EES-samningsins er dómstólum í EFTA-ríkjunum heimilt að óska eftir því að Eftirlitsstofnun EFTA sendi þeim þær upplýsingar, sem hún hefur undir höndum, eða álit sitt á þeim álitaeftum sem varða beitingu samkeppnisreglna EES.
2. EFTA-ríkin skulu senda Eftirlitsstofnun EFTA afrit af sérhverjum skriflegum úrskurði innlendra dómstóla um beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Senda skal slíkt afrit án tafar eftir að aðilar hafa fengið tilkynningu um skriflegan úrskurð í heild sinni.
3. Samkeppnisyfirköllum í EFTA-ríkjunum er heimilt að leggja fram skriflegar athugasemdir, að eigin frumkvæði, fyrir innlenda dómstóla í eigin ríki um málefni sem varða beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Þeim er enn fremur heimilt, með leyfi hlutaðeigandi dómstóls, að gera athugasemdir munnlega fyrir innlendum dómstólum í eigin ríki. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að leggja, að eigin frumkvæði, skriflegar athugasemdir fyrir dómstóla í EFTA-ríkjunum, ef nauðsyn krefur, varðandi samræmda beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Henni er enn fremur heimilt að gera athugasemdir munnlega með leyfi hlutaðeigandi dómstóls. Samkeppnisyfirköllum í EFTA-ríkjunum og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, þó aðeins til undirbúnings athugasemda sinna, að fara fram á það við viðeigandi dómstól í EFTA-ríki að hann sendi þeim eða tryggi sendingu þeirra skjala sem teljast nauðsynleg til að meta málið.
4. Þessi grein hefur ekki áhrif á viðtækari valdheimildir til handa samkeppnisyfirköllum í EFTA-ríkjunum samkvæmt lögum viðkomandi EFTA-ríkis til að skila athugasemdum til dómstóla.

16. gr.

Samræmd beiting samkeppnislaga EES.

1. Þegar innlendir dómstólar fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt. Þeir skulu enn fremur forðast að taka ákvarðanir sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka við málsmeðferð sem hafin er. Innlendum dómstóli er, í þessu skyni, heimilt að meta hvort ástæða sé til að fresta málsmeðferð dómstólsins. Þessi skylda hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur skv. 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
2. Þegar samkeppnisyfirköllum í EFTA-ríkjunum fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. eða 54. gr. EES-samningsins, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt.

V. ÞÁTTUR

VALD TIL RANNSÓKNA

17. gr.

Rannsóknir á einstökum atvinnugreinum og á tegundum samninga.

1. Gefi þróun viðskipta milli aðila að EES-samningnum, ósveigjanleiki í verðmyndun eða aðrar aðstæður ástæðu til að ætla að samkeppni á því svæði, sem EES-samningurinn tekur til, hafi verið takmörkuð eða henni raskað getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að gera athugun á tiltekinni atvinnugrein eða tilteknum tegundum samninga í ýmsum atvinnugreinum. Meðan á þeirri athugun stendur er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að framfylgja 53. og 54. gr. EES-samningsins og getur hún látið gera nauðsynlegar athuganir í því skyni. Eftirlitsstofnun EFTA er m.a. heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni upplýsingar um alla samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að birta skýrslu um niðurstöður athugana sinna á tilteknum atvinnugreinum og bjóða þeim sem hagsmuna eiga að gæta að skila inn athugasemdum.
2. Ákvæði 14., 18., 19., 20., 22., 23. og 24. gr. gilda að breyttu breytanda.

18. gr.

Beiðnir um upplýsingar.

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, með einfaldri beiðni eða ákvörðun, að leita allra nauðsynlegra upplýsinga hjá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin skv. 55. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókunar 23 og XIV. viðauka við EES-samninginn eða ákvæðum þessa kafla.
2. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA sendir einfalda beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafresti þeirra og skýra frá viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. gr., við því að gefa rangar eða villandi upplýsingar.
3. Ef Eftirlitsstofnun EFTA fer fram á það, með ákvörðun, að fyrirtæki og samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem að liggur baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafrest þeirra. Hún skal einnig tilgreina þau viðurlög sem kveðið er á um í 23. gr. og gefa til kynna eða beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 24. gr. Hún skal enn fremur skýra frá réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.
4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögaðila er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um er að ræða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, einstaklingum, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða reglum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar fyrir hönd hlutaðeigandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Lögfræðingum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd viðskiptavina sinna. Hinir síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.
5. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda afrit af hinni einföldu beiðni eða ákvörðun til samkeppnis-yfirvalda í EFTA-ríkinu, þar sem fyrirtækið eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur, og til samkeppnis-yfirvalda í því EFTA-ríki sem þetta hefur áhrif á.
6. Ríkisstjórnir og samkeppnis-yfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessum kafla.

19. gr.

Vald til skýrslutöku.

1. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessum kafla er henni heimilt að taka viðtöl við einstaklinga eða lögaðila sem samþykkja slík viðtöl vegna söfnunar upplýsinga er varða viðfangsefni rannsóknar.
2. Fari viðtal skv. 1. mgr. fram á athafnasvæði fyrirtækis skal Eftirlitsstofnun EFTA upplýsa samkeppnis-yfirvöld í EFTA-ríkinu, þar sem viðtalið fer fram, um það. Fari samkeppnis-yfirvöld í því EFTA-ríki fram á það geta embættismenn yfirvaldsins verið embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA til að sjá um slíkt viðtal, til aðstoðar.

20. gr.

Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að gera athuganir.

1. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessum kafla er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.
2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa vald til:
 - a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land og inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,
 - b) að skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,
 - c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,
 - d) að innsigla atvinnuhúsnaði og bókhald eða viðskiptaskjöl í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,
 - e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.

3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita valdi sínu þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 23. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkinu, þar sem athugunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.
Eftirlitsstofnun EFTA skal útvega þeim fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem munu taka þátt í rannsókninni í samræmi við 3. mgr. 8. gr. bókanar 23 við EES-samninginn, heimild eins og um getur í fyrstu undirgrein.
4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem fyrirskipaðar eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. og 24. gr., og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkinu þar sem athugunin verður gerð.
5. Embættismenn og aðrir með umboð frá eða tilnefndir af samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkinu, þar sem athugunin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða Eftirlitsstofnunar EFTA, aðstoða embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, með virkum hætti. Í þessu skyni skulu þeir hafa það vald sem tilgreint eru í 2. mgr.
6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun sem farið er fram á samkvæmt þessari grein skal hlutaðeigandi EFTA-ríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða stjórnvalds með sambærilegt framkvæmdarvald til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.
7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðar-ráðstöfun.
8. Ef sótt er um þá heimild sem um getur í 7. mgr. skulu innlend dómsmálayfirvöld hafa eftirlit með því að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt, þegar þau sinna eftirlitsskyldum sínum og kanna hvort þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brotið, að biðja Eftirlitsstofnun EFTA, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkinu, um nákvæmar skýringar, t.d. á því á hverju Eftirlitsstofnun EFTA byggir grunsemdir sínar um brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins, svo og hversu alvarlegt meint brot er og á hvern hátt hlutaðeigandi fyrirtæki tengist málinu. Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis EFTA-dómstóllinn er til þess bær að fjalla um lögmati ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA.

21. gr.

Athugun á öðrum athafnasvæðum.

1. Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að bókhald eða önnur viðskiptaskjöl, er varða starfsemina og viðfangsefni athugunarinnar, sem skipta máli til að sanna alvarlegt brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins, séu geymd á öðru athafnasvæði, landsvæði eða í öðru flutningatæki, þ.m.t. á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja, getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun um að fyrirskipa athugun á því athafnasvæði, landsvæði eða flutningatæki.
2. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið og tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og réttinn til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins. Í henni skal það einkum tilgreint sem staðfesti grunsemdir Eftirlitsstofnunar EFTA í skilningi 1. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkinu þar sem athugunin verður gerð.

3. Ákvörðun, sem er samþykkt skv. 1. mgr., verður ekki komið til framkvæmda nema fyrir liggi heimild innlendra dómsmálayfirvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki. Innlend dómsmálayfirvöld skulu hafa eftirlit með því að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar, einkum með hliðsjón af því hversu alvarlegt meint brot er, mikilvægi þeirra sannana sem leitað er, þátttöku hlutaðeigandi fyrirtækis og því hversu líklegt má telja að bókhald og viðskiptaskjöl, er varða viðfangsefni athugunarinnar, séu geymd á því athafnasvæði sem heimildin varðar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt að biðja Eftirlitsstofnun EFTA, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisyrvalda í EFTA-ríkinu, um nákvæmar skýringar á þeim atriðum sem nauðsynleg teljast vegna eftirlits þeirra með því að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu í réttu hlutfalli við brot.

Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis EFTA-dómstóllinn er til þess bær að fjalla um lögmati ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA.

4. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA til að gera athugun, sem er fyrirskipuð í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skulu hafa það valdsvið sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 2. mgr. 20. gr. Ákvæði 5. og 6. mgr. 20. gr. gilda að breyttu breytanda.

22. gr.

Rannsóknir samkeppnisyrvalda í EFTA-ríkjunum.

1. Samkeppnisyrvöldum í EFTA-ríki er heimilt að láta fara fram hvers konar athugun eða gagnaðflun á yfirráðasvæði sínu samkvæmt landslögum fyrir hönd og á kostnað samkeppnisyrvalda í öðru EFTA-ríki í því skyni að sannreyna að brot á 53. eða 54. gr. EES-samningsins hafi átt sér stað. Skipti á og notkun upplýsinga, sem safnað er, skulu fara fram í samræmi við 12. gr.
2. Samkeppnisyrvöld í EFTA-ríkjunum geta, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, tekið að sér að gera þær athuganir sem hún telur nauðsynlegar skv. 1. mgr. 20. gr. eða á grundvelli ákvörðunar skv. 4. mgr. 20. gr. Embættismenn samkeppnisyrvalda í EFTA-ríkjunum, sem bera ábyrgð á þessum athugunum, og aðrir, sem þau hafa veitt umboð eða tilnefnt, skulu hafa það valdsvið sem þeim er veitt í samræmi við landslög.

Embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, er heimilt að veita embættismönnum samkeppnisyrvalda í því EFTA-ríki, þar sem athugunin fer fram, aðstoð ef Eftirlitsstofnun EFTA eða hlutaðeigandi yfirvald fer fram á það.

VI. ÞÁTTUR VIÐURLÖG

23. gr.

Sektir.

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs ef þau, vísitandi eða af gáleysi:
- veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni skv. 17. gr. eða 2. mgr. 18. gr.,
 - veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests,
 - framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar athuganir fara fram skv. 20. gr. eða neita að fallast á athugun sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,
 - að því er varðar spurningu sem er lögð fyrir í samræmi við e-lið 2. mgr. 20. gr.,
 - gefa rangt eða villandi svar,
 - leiðrétta ekki, innan tilskilins frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður hefur gefið, eða
 - svara ekki eða neita að veita fullnægjandi svar um málsatvik sem varða viðfangsefni og tilgang athugunar sem fyrirskipuð er með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,

- e) hafa rofið innsigli sem embættismenn eða fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, hafa komið fyrir í samræmi við d-lið 2. mgr. 20. gr.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja þegar þau, vísitandi eða af gáleysi:
- brjóta gegn 53. eða 54. gr. EES-samningsins eða
 - brjóta í bága við ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr., eða
 - standa ekki við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.
- Fjárhæð sektar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu næstliðs rekstrarárs fyrir hvert fyrirtæki og hver samtök fyrirtækja sem eiga þátt í brotinu.
- Ef brot samtaka tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna hefur áhrif á.
3. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist.
4. Ef samtök fyrirtækja eru sektuð með hliðsjón af veltu aðila að samtökunum og þau eru ekki gjaldhæf eru samtökin skuldbundin til að leita eftir framlagi frá aðilum að samtökunum til greiðslu sektarinnar.
- Ef slík framlög berast samtökunum ekki innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur er henni heimilt að krefjast greiðslu sektarinnar beint frá einhverju þeirra fyrirtækja sem áttu fulltrúa í þeim stjórnnum samtakanna sem hlut eiga að máli.
- Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur krafist greiðslu samkvæmt annarri undirgrein er henni heimilt, til að tryggja fullnaðargreiðslu sektarinnar, að krefja einhvern þann aðila að samtökunum, sem er virkur á þeim markaði þar sem brotið á sér stað, um greiðslu á mismuninum.
- Eftirlitsstofnun EFTA er hins vegar óheimilt að krefja þau fyrirtæki um greiðslu samkvæmt annarri eða þriðju undirgrein sem sýna fram á að þau hafi ekki unnið eftir ákvörðun samtakanna, þar sem hvatt er til brotsins, eða var ókunnugt um þá ákvörðun eða lagst gegn henni áður en Eftirlitsstofnun EFTA hóf rannsókn málsins.
- Fjárskuldbinding hvers fyrirtækis vegna greiðslu sektarinnar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu þess á næstliðnu rekstrarári.
5. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1. og 2. mgr., varða ekki hegningarlög.

24. gr.

Févíti.

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að taka ákvörðun um févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem nemur fjárhæð sem fer ekki yfir 5% af meðaldagsveltu næstliðs rekstrarárs, reiknað frá þeim degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni, í því skyni að þvinga þau til:
- að láta af broti á 53. eða 54. gr. EES-samningsins í samræmi við ákvörðun skv. 7. gr.,
 - að fara að ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr.,
 - að standa við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.,
 - að veita tæmandi og réttar upplýsingar sem hún hefur farið fram á með ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr.,
 - að fallast á athugun sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.
2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að knýja fram er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni. Ákvæði 4. mgr. 23. gr. gilda á hliðstæðan hátt.

VII. ÞÁTTUR

FYRNINGARFRESTUR

25. gr.

Fyrningarfrestur að því er varðar viðurlög.

1. Valdsvið, sem Eftirlitsstofnun EFTA er falið skv. 23. og 24. gr., er með fyrirvara um eftirfarandi fyrningarfresti:
- þrjú ár þegar um er að ræða brot á ákvæðum um upplýsingar sem krafist er eða framgang athugana,

- b) fimm ár fyrir öll önnur brot.
2. Fresturinn hefst daginn sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.
3. Hefjist Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirkvöld í EFTA-ríki handa við rannsókn eða málsmeðferð er varðar brot skal gera hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févítis. Hlé er gert á fyrningarfresti frá og með þeim degi sem a.m.k. einu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, sem aðild eiga að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina. Aðgerðir, sem valda því að gert er hlé á fyrningarfresti, eru einkum:
 - a) skriflegar beiðnir um upplýsingar frá Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirkvöldum í EFTA-ríki,
 - b) skriflegt umboð til athugana sem Eftirlitsstofnun EFTA eða samkeppnisyfirkvöld í EFTA-ríki veita embættismönnum sínum,
 - c) upphaf málsmeðferðar af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eða samkeppnisyfirkvalda í EFTA-ríki,
 - d) tilkynning um andmæli af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eða samkeppnisyfirkvalda í EFTA-ríki.
4. Hlé á fyrningarfresti gildir gagnvart öllum fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem eiga aðild að brotinu.
5. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ákvarðað sekt eða févíti. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé var gert á fyrningu skv. 6. mgr.
6. Gera skal hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févita á meðan ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er til meðferðar hjá EFTA-dómstólum.

26. gr.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga.

1. Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til fullnustu ákvarðana skv. 23. og 24. gr. er með fyrirvara um fyrningarfrest til fimm ára.
2. Fresturinn hefst á þeim degi sem lokaákvörðun er tekin í málinu.
3. Gera skal hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga þegar:
 - a) tilkynnt er um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,
 - b) Eftirlitsstofnun EFTA eða EFTA-ríki að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslu á sekt eða févíti.
4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.
5. Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga skal felldur niður tímabundið þegar:
 - a) greiðslufrestur er veittur,
 - b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun EFTA-dómstólsins.

VIII. ÞÁTTUR

SKÝRSLUGJÖF OG ÞAGNARSKYLDA

27. gr.

Skýrslugjöf málsaðila, kvartenda og annarra.

1. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun, eins og kveðið er á um í 7., 8. og 23. gr. og 24. gr. (2. mgr.), skal hún veita hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, sem málsmeðferð hennar varðar, tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í málum sem hún hefur andmælt. Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis byggja ákvarðanir sínar á andmælum sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Kvartendur skulu hafa nán tengsl við málsmeðferðina.
2. Réttur hlutaðeigandi til varnar skal virtur að fullu í málinu. Þeir skulu hafa rétt til aðgangs að málsskjölum Eftirlitsstofnunar EFTA en taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga og innanhússkjala Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB eða sam-

keppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum eða aðildarríkjum EB. Réttur til aðgangs nær t.a.m. ekki til bréfaskipta á milli eftirlitsstofnananna, milli eftirlitsstofnunar og samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða milli samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða í EFTA-ríkjunum, þ.m.t. málsskjöl sem eru samin skv. 11. og 14. gr. Ekkert í þessari málsgrein kemur í veg fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA veiti og noti nauðsynlegar upplýsingar til að sanna brot.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögaðila telji hún ástæðu til þess. Verða skal við umsóknum þessara einstaklinga og lögaðila um skýrslugjöf geti þeir sýnt fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta. Samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum geta einnig farið fram á það við Eftirlitsstofnun EFTA að aðrir einstaklingar eða lögaðilar fái að gefa skýrslu.
4. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hyggst samþykkja ákvörðun skv. 9. eða 10. gr. skal hún birta gagnorða samantekt um málið og megininntak skuldbindinga eða fyrirhugaðra aðgerða. Þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, er heimilt að leggja fram athugasemdir sínar innan frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur og skal hann við birtingu vera minnst einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

28. gr.

Þagnarskylda.

1. Með fyrirvara um 9. gr. í bókun 23 við EES-samninginn og 12. og 15. gr. þessa kafla skulu upplýsingar, sem aflað er skv. 17. til 22. gr. eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann, einungis notaðar í þeim tilgangi sem lá að baki öflun þeirra.
2. Með fyrirvara um upplýsingaskipti og notkun upplýsinga, sem gert er ráð fyrir í 11., 12., 14., 15. og 27. gr., skulu Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkjunum, embættismenn þeirra og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í EFTA-ríkjunum, ekki veita þær upplýsingar, sem farið er fram á, eða skiptast á þeim upplýsingum skv. þessum kafla eða 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann né heldur þær upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Þessi skylda tekur einnig til allra fulltrúa og sérfræðinga EFTA-ríkjanna sem sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar skv. 14. gr. Þessi skylda tekur einnig til fulltrúa framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem taka þátt í störfum ráðgjafarnefndarinnar skv. 2. mgr. 14. gr. þessa kafla og í skýrslugjöf skv. 3. mgr. 14. gr. í III. kafla.

IX. ÞÁTTUR

GERÐIR UM UNÐANÞÁGU

29. gr.

Afturköllun í einstökum tilvikum.

1. Ef það leiðir af gerðum í XIV. viðauka við EES-samninginn að ekki er unnt að beita 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins að því er varðar ákveðnar tegundir samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt, að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar, að fella niður ávinning af slíkri undanþágugerð ef hún kemst að því að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð, sem undanþágugerðin á við um, hafi í einhverju tilviki leitt til tiltekinna áhrifa sem samrýmast ekki 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.
2. Ef samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir, sem réttarregla, sem um getur í 1. mgr. á við um, hafa þau áhrif í einhverju tilviki að samrýmast ekki 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins á yfirráðasvæði EFTA-ríkis eða hluta þess, sem ber öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar, er samkeppnisyfirvöldum í því EFTA-ríki heimilt að afturkalla ávinning af viðkomandi reglu að því er þetta yfirráðasvæði varðar.

X. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

30. gr.

Birting ákvarðana.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 7. til 10. gr. og 23. og 24. gr.

2. Við birtingu skulu koma fram nöfn málsaðila og megininntak ákvörðunarinnar, þ.m.t. hvaða viðurlögum er beitt. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

31. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins.

EFTA-dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu til að fjalla um lögmæti ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða féviti. Honum er heimilt að fella niður sekt eða féviti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

32. gr.

(Enginn texti)²

33. gr.

Framkvæmdarákvæði.

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að beita þessum kafla. Þær ráðstafanir geta m.a. tekið til:
 - a) framsetningar, efnis og annarra atriða kvartana sem eru lagðar fram skv. 7. gr. og þeirrar málsmeðferðar sem lýtur að frávisun kvartana,
 - b) hagnýtrar tilhögunar á upplýsingaskiptum og samráði sem kveðið er á um í 11. gr.,
 - c) hagnýtrar tilhögunar við skýrslugjöf sem kveðið er á um í 27. gr.
2. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir ráðstafanir skv. 1. mgr. skal hún birta drög að þeim og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila inn athugasemdum sínum innan þess frests sem settur er og skal hann ekki vera skemmri en einn mánuður. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA birtir drög að ráðstöfunum og samþykkir þær skal hún hafa samráð við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.

XI. ÞÁTTUR

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG SÉRÁKVÆÐI

34. gr.

Tilvísanir í eldri greinar og kafla.

Í þessum þætti er litið svo á að tilvísanir í eldri greinar og kafla jafngildi tilvísunum í þær greinar og kafla eins og þeim var beitt fyrir gildistöku samningsins um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var 24. september 2004.

35. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Umsóknir til Eftirlitsstofnunar EFTA skv. fyrrverandi 2. gr. í II. kafla I. hluta, tilkynningar skv. fyrrverandi 4. og 5. gr. þess kafla og samsvarandi umsóknir og tilkynningar samkvæmt fyrrverandi VI., IX. og XI. kafla II. hluta falla úr gildi.
2. Ráðstafanir tengdar málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt fyrrverandi II. kafla I. hluta og VI., IX. og XI. kafla II. hluta, gilda áfram að því er varðar beitingu þessa kafla.

36. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 5. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 10. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 1017/68).

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 10. lið XIV. viðauka (reglugerð (EBE) nr. 1017/68) þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tiltekna athafnir aðila:

- a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,

2 Ákvæði 32. gr. (undantekningar) eru felld brott með samningnum um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 1. febrúar 2007 (öðlast gildi 8.10.2007).

- b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,
- c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum,
- d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 2. gr. fyrrnefndrar gerðar sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirk.

37. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart flutningum á sjó (reglugerð (EBE) nr. 4056/86).

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, að því er varðar sjóflutninga, í samræmi við fyrrverandi IX. kafla II. hluta þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tiltekna athafnir aðila:

- a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,
- b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,
- c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum, eða
- d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirk.

38. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins að því er varðar flutninga í lofti (reglugerð (EBE) nr. 3975/87).

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, að því er varðar flutninga í lofti í samræmi við fyrrverandi IX. kafla II. hluta þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tiltekna athafnir aðila:

- a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,
- b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,
- c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum, eða
- d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirk.

39. gr.

Gildistími og afturköllun ákvarðana um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (reglugerð 17/62).

Eftirfarandi ákvæði gildir áfram um ákvarðanir um að beita 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins í samræmi við fyrrverandi II. kafla I. hluta þar til ákvarðanirnar falla úr gildi:

Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað eða breytt ákvörðun sinni eða bannað tiltekna athafnir aðila:

- a) hafi einhverjar grundvallarforsendur fyrir ákvörðuninni breyst,
- b) bregðist aðilar einhverjum skyldum sem fylgja ákvörðuninni,
- c) byggist ákvörðunin á röngum upplýsingum eða hafi hún verið tekin með blekkingum, eða
- d) misnoti aðilar undanþágu þá frá ákvæðum 1. mgr. 53. gr. sem þeim var veitt með ákvörðuninni.

Í tilvikum, sem falla undir b-, c- eða d-lið, má afturkalla ákvörðunina afturvirk.

40. gr.

Tilnefning samkeppnisyrivalda í EFTA-rikkjum.

1. EFTA-rikin skulu tilnefna samkeppnisyrivöld eða önnur yrivöld sem annast skulu beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins með þeim hætti að farið sé með skilvirkum hætti að ákvæðum þessa kafla. Tilnefnd yrivöld geta einnig verið dómstólar.
2. Ef innlend stjórnvöld og dómsmálayfirvöld hafa umboð til að annast framkvæmd samkeppnislaga EES er EFTA-rikkjunum heimilt að fá mismunandi landsyrivöldum, hvort sem um er að ræða stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld, ólíkt valdsvið og hlutverk.
3. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná til yrivalda sem EFTA-rikin tilnefna, þ.m.t. dómstólar sem hafa hlutverki að gegna við undirbúning og samþykkt þeirra tegunda ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná ekki til dómstóla sem starfa sem endurskoðunardómstólar að því er varðar þær tegundir ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr.
4. Ef yrivald fer með mál, vegna samþykktar á tilteknum tegundum ákvarðana sem greint er frá í 5. gr., fyrir dómsmálayfirvöld í EFTA-riki, önnur en til saksóknara, og að því tilskildu að farið sé að skilmálum þessarar málsgreinar, skulu áhrif 6. mgr. 11. gr., þrátt fyrir 3. mgr., einungis ná til þess yrivalds sem sækir málið og skal það yrivald draga kröfu sína fyrir dómsmálayfirvaldinu til baka ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur málsmeðferð og afturköllun málsins verður til þess að unnt er að ljúka innlendri málsmeðferð með árangursríkum hætti.

41. gr.

Fyrirvari að því er varðar Liechtenstein.

Furstadæminu Liechtenstein ber engin skylda til að tilnefna samkeppnisyrivöld eða önnur yrivöld sem annast beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þegar Furstadæmið Liechtenstein veitir samkeppnisyrivöldum eða öðrum yrivöldum vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins skal það upplýsa hin EFTA-rikin og Eftirlitsstofnun EFTA um það. Til bráðabirgða og með fyrirvara um fyrstu setningu þessarar málsgreinar skal lögbært yrivald í Furstadæminu Liechtenstein teljast til samkeppnisyrivalda EFTA-rikkjanna, að því er varðar II. og III. kafla þessarar bókuar.

42. gr.

Sérákvæði.

Eftirlitsstofnun EFTA getur lagt fyrir EFTA-rikin, til samráðs í fastanefndinni í samræmi við 2. gr. samningsins um fastanefnd EFTA-rikkjanna, tillögur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins að því er varðar ákveðnar tegundir af samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum.

III. KAFLI

**REGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
SKV. 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS**

I. ÞÁTTUR

GILDISSVIÐ

1. gr.

Efni og gildissvið.

Þessi kafli gildir um málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins.

II. ÞÁTTUR

MÁLSMEÐFERÐ HAFIN

2. gr.

Málsmeðferð hafin.

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að hefja málsmeðferð með það fyrir augum að samþykkja ákvörðun samkvæmt III. þætti II. kafla hvenær sem er, en þó eigi síðar en þann dag sem hún gefur út bráðabirgðamat eins og um getur í 1. mgr. 9. gr. þess kafla, eða yfirlýsingu um andmæli eða beiðni til málsaðila um að láta í ljós áhuga á að hefja sáttaviðræður, eða þann dag sem tilkynning skv. 4. mgr. 27. gr. þess kafla er birt, eftir því hvað af þessu gerist fyrst.

2. Eftirlitsstofnun EFTA getur birt upplýsingar um að málsmeðferð sé hafin á hvern þann hátt sem hentar. Áður en hún gerir það skal hún láta viðkomandi aðila vita af því.
3. Eftirlitsstofnun EFTA getur beitt valdi sínu til rannsókna skv. V. þætti II. kafla áður en hún hefur málsmeðferð.
4. Eftirlitsstofnun EFTA getur vísað kvörtun frá skv. 7. gr. II. kafla án þess að hefja málsmeðferð.

III. ÞÁTTUR

RANNSÓKNIR EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

3. gr.

Vald til skýrslutöku.

1. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tekur viðtal við aðila með samþykki hans í samræmi við 19. gr. II. kafla skal hún, í upphafi viðtals, skýra frá lagagrundvelli og tilganginum með viðtalinu og minna á að þeir veiti viðtalið af fúsum og fjálsum vilja. Hún skal einnig upplýsa aðilann, sem viðtal er tekið við, um það ef hún hyggst skrá viðtalið.
2. Taka má viðtalið á hvaða hátt sem er, þ.m.t. gegnum síma eða með rafrænum aðferðum.
3. Eftirlitsstofnun EFTA getur skráð málflytning einstaklinga, sem viðtal er tekið við, á hvaða hátt sem er. Aðili, sem hefur samþykkt að tekið sé viðtal við hann, skal fá aðgang að afriti af hvers konar skráningu viðtalsins. Ef nauðsyn krefur skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa þeim sem viðtal er tekið við frest til að koma á framfæri leiðréttingum á málflytningi sínum.

4. gr.

Munnlegar spurningar við athugun máls.

1. Þegar embættismenn eða aðrir aðilar, sem eru í fylgd með þeim og hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, biðja fulltrúa eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar skv. e-lið 2. mgr. 20. gr. II. kafla er heimilt að skrá skýringarnar, sem eru gefnar, með hvaða hætti sem er.
2. Að lokinni athuguninni skal veita viðkomandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja aðgang að afriti af hvers konar skráningu, sem er gerð skv. 1. mgr.
3. Í tilvikum þegar starfsmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem hefur ekki eða hafði ekki heimild fyrirtækisins eða samtakanna til að gefa skýringar fyrir þeirra hönd, hefur verið beðinn um skýringar skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa fyrirtækinu eða samtökum fyrirtækja frest til að koma til Eftirlitsstofnunar EFTA hvers konar leiðréttingum, breytingum eða viðbótum við skýringar sem slíkur starfsmaður lætur í té. Bæta skal leiðréttingunum, breytingunum eða viðbótunum við skýringarnar eins og þær eru skráðar skv. 1. mgr.

IV. ÞÁTTUR

MEÐFERÐ KVARTANA

5. gr.

Skilyrði fyrir því að kvartanir séu tækar.

1. Einstaklingar og lögaðilar skulu sýna fram á að þeir hafi lögmætra hagsmuna að gæta til að eiga rétt á að leggja fram kvörtun að því er varðar 7. gr. II. kafla. Í slíkum kvörtunum skulu koma fram upplýsingar sem er krafist á C-eyðublaði sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, með samhljóða samkomulagi, eða framkvæmdastjórnin gefa út eins og fram kemur í 1. viðbæti Eftirlitsstofnunar EFTA getur fallið frá því að gera þetta að skyldu að því er varðar hluta upplýsinganna, þ.m.t. skjöl sem krafist er á C-eyðublaði.
2. Senda skal Eftirlitsstofnun EFTA kvörtunina í þrítíti á pappír auk afrits á rafrænu formi ef unnt er. Sé einhver hluti kvörtunarinnar háður trúnaðarkvöðum skal sá sem leggur fram kvörtun einnig leggja fram sérútgáfu af kvörtuninni, sem inniheldur engin trúnaðarmál.
3. Kvartanir skulu lagðar fram á opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða Bandalagsins.

6. gr.

Þátttaka kvartenda í málsmeðferð.

1. Beri Eftirlitsstofnun EFTA fram andmæli varðandi mál sem hún hefur fengið kvörtun um skal hún afhenda þeim sem leggur fram kvörtunina afrit af þeirri útgáfu andmælanna sem inniheldur

engin trúnaðarmál, að undanskildum þeim tilvikum þegar sáttameðferð á við, en þá skal hún upplýsa þann sem leggur fram kvörtun skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig gefa þeim sem leggur fram kvörtun frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Eftirlitsstofnun EFTA getur, eftir því sem við á, veitt þeim sem leggja fram kvörtun tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í munnlegri skýrslugjöf málsaðilanna sem yfirlýsing um andmæli hefur verið borin fram gegn ef þeir óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.

7. gr.

Kvörtunum vísað frá.

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur, að ekki séu nægilegar ástæður fyrir því að bregðast við kvörtun skal hún upplýsa þann sem leggur fram kvörtun um ástæður þess og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.
2. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem Eftirlitsstofnun EFTA gefur, rennur út og skriflegar athugasemdir hans leiða ekki til þess að kvörtunin sé metin á annan hátt skal Eftirlitsstofnun EFTA vísa kvörtuninni frá með ákvörðun.
3. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir ekki frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem Eftirlitsstofnun EFTA setur, rennur út telst kvörtunin hafa verið dregin til baka.

8. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur upplýst þann sem leggur fram kvörtun um að hún hyggist vísa henni frá skv. 1. mgr. 7. gr. getur sá sem leggur fram kvörtunina farið fram á að fá aðgang að skjölunum sem liggja til grundvallar bráðabirgðamati Eftirlitsstofnunar EFTA. Sá sem leggur fram kvörtunina skal þó ekki fá aðgang að viðskiptaleyndarmálum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tilheyra öðrum málsaðilum sem eiga hlut að málsmeðferðinni.
2. Sá sem leggur fram kvörtun má einungis nota þau skjöl, sem hann hefur haft aðgang að í tengslum við málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins, þegar um er að ræða dóms- eða stjórnáskilumál vegna beitingar þessara ákvæða EES-samningsins.

9. gr.

Frávísun kvartana skv. 13. gr. II. kafla.

Vísi Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun frá skv. 13. gr. II. kafla skal hún þegar í stað upplýsa þann sem leggur fram kvörtunina um það hvaða innlenda samkeppnisyfirvald fjalli um málið eða hafi þegar fjallað um það.

V. ÞÁTTUR

RÉTTUR TIL AÐ FLYTJA MÁL SITT

10. gr.

Yfirlýsing um andmæli og svar.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna viðkomandi málsaðilum um andmæli sem borin eru fram gegn þeim. Tilkynna skal hverjum málsaðila sem andmæli eru borin fram gegn, skriflega yfirlýsinguna um andmæli.
2. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir málsaðilum um andmæli sín skal hún gefa þeim frest til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við sig. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.
3. Málsaðilar geta í skriflegri yfirlýsingu sinni sett fram allar staðreyndir, sem þeir vita um, sem skipta máli fyrir vörn þeirra gagnvart andmælum Eftirlitsstofnunar EFTA. Þeir skulu láta fylgja öll skjöl sem málið varðar til sönnunar staðreyndum sem þar eru settar fram. Þeir skulu leggja fram frumrit á pappír auk afrits á rafrænu formi eða, ef ekki er lagt fram rafrænt eintak, sex pappírsofrit af gögnunum sem þeir leggja fram og skjölum sem fylgja þeim. Þeim er heimilt að

leggja það til að Eftirlitsstofnun EFTA taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest þær staðreyndir sem koma fram í gögnunum sem þeir leggja fram.

10. gr. a

Sáttameðferð í málum sem tengjast einokunarhringum.

1. Þegar málsmeðferð skv. 6. mgr. 11. gr. II. kafla er hafin getur Eftirlitsstofnun EFTA gefið málsaðilum frest til að greina skriflega frá því að þeir séu reiðubúnir að taka þátt í sáttaviðræðum í því skyni að leggja hugsanlega fram sáttagerð. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að taka tillit til athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.
Eftveir eða fleiri aðilar innan sama fyrirtækis sýna vilja til að taka þátt í sáttaviðræðum samkvæmt fyrstu undirgrein, skulu þeir skipa sameiginlegan málsvara til að taka þátt í viðræðum við Eftirlitsstofnun EFTA fyrir þeirra hönd. Þegar fresturinn sem um getur í fyrstu undirgrein er settur, skal Eftirlitsstofnun EFTA tilgreina viðeigandi málsaðilum að þeir séu skilgreindir sem aðilar innan sama fyrirtækis, í þeim eina tilgangi að gera þeim kleift að fara að þessu ákvæði.
2. Eftirlitsstofnun EFTA getur upplýst aðilana sem taka þátt í sáttaviðræðunum um:
 - a) andmælin sem hún fyrirhugar að bera fram gegn þeim,
 - b) sönnunargögnin sem notuð eru til að ákvarða fyrirhuguð andmæli,
 - c) sérútgáfur tiltekinna aðgengilegra skjala, sem innihalda engin trúnaðarmál, sem eru skrásett í málinu á viðkomandi tímamarki, svo fremi að beiðni af hálfu málsaðilans sé rökstudd með því að honum verði kleift að ganga úr skugga um stöðu sína varðandi tiltekið tímabil eða einhvern annan þátt einokunarhringsins og
 - d) umfang hugsanlegra sekta.
Upplýsingar þessar skulu vera bundnar trúnaði gagnvart þriðja aðila nema Eftirlitsstofnun EFTA hafi áður sérstaklega heimilað að birta þær.
Ef sáttaviðræðunum miðar áfram getur Eftirlitsstofnun EFTA gefið málsaðilum frest til að skuldbinda sig til að fylgja sáttameðferðinni með því að leggja fram sáttatillögur sem endurspeglar sáttaviðræðurnar og þar sem þeir viðurkenna að hafa tekið þátt í broti gegn 53. gr. EES-samningsins og gangast við ábyrgð sinni. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA gefur hlutaðeigandi málsaðilum frest til að leggja fram sáttatillögur, skulu þeir eiga rétt á að fá tímanlega þær upplýsingar, sem eru tilgreindar í fyrstu undirgrein 2. mgr., 10. gr. a., óski þeir þess. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að taka tillit til athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.
3. Þegar andmæli, sem tilkynnt eru málsaðilum, endurspeglar efni sáttatillagna þeirra skal skriflegt svar málsaðila við þeirri yfirlýsingu, innan tímamarka sem sett eru af Eftirlitsstofnun EFTA, staðfesta að yfirlýsing um andmæli endurspeglar efni sáttatillagna þeirra. Eftirlitsstofnun EFTA getur þá hafið málsmeðferð til samþykktar ákvörðunar skv. 7. og 23. gr. II. kafla, að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu, skv. 14. gr. II. kafla.
4. Eftirlitsstofnun EFTA getur, hvenær sem er á meðan málsmeðferðinni stendur, ákveðið að slíta sáttaviðræðum alfarið í tilteknu máli eða gagnvart einum málsaðila eða fleiri ef hún telur ólíklegt að unnt verði að gera málsmeðferðina skilvirka.

11. gr.

Réttur til að flytja mál sitt.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita málsaðilum, sem þeir hafa beint andmælum til, möguleika á að flytja mál sitt áður en þeir hafa samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 1. mgr. 14. gr. II. kafla.
2. Í ákvörðunum sínum skal Eftirlitsstofnun EFTA einungis fjalla um andmæli sem málsaðilar, sem um getur í 1. mgr., hafa fengið að tjá sig um.

12. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal gefa málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, færi á að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf ef þeir óska eftir því í skriflegum gögnum sem þeir leggja fram.

2. Þegar málsaðilar leggja sáttatillögur sínar fram skulu þeir þó staðfesta við Eftirlitsstofnun EFTA að þeir fari aðeins fram á að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf, ef andmæli endurspeglar ekki efni sáttatillagna þeirra.

13. gr.

Skýrslugjöf annarra aðila.

1. Ef einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en þeir sem um getur í 5. og 11 gr., óska eftir því að flytja mál sitt, og geta sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og veita þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir því sem við á, að bjóða aðilum, sem um getur í 1. mgr., að rökstyðja mál sitt frekar við munnlega skýrslugjöf málsaðilans sem andmælum var beint til, ef aðilarnir, sem um getur í 1. mgr., óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að bjóða hvaða öðrum aðila sem er að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum og vera viðstaddur munnlega skýrslugjöf málsaðilanna sem andmælum hefur verið beint til. Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig boðið slíkum aðilum að skýra frá sjónarmiðum sínum í munnlegri skýrslugjöf.

14. gr.

Framkvæmd munnlegrar skýrslugjafar.

1. Skýrslugjafarfulltrúi skal stjórna skýrslugjöf og skal hann vera fullkomlega hlutlaus.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal boða þá aðila, sem eiga að gefa skýrslu, til munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal boða samkeppnisyfirvöld EFTA-ríkjanna til þátttöku í munnlegu skýrslutökunni. Hún getur einnig boðað embættismenn og opinbera starfsmenn annarra yfirvalda í EFTA-ríkjunum. Hún skal bjóða framkvæmdastjórn EB og aðildarríkjum EB að eiga fulltrúa við skýrslutöku eins og kveðið er á um í bókun 23 við EES-samninginn.
4. Aðilar, sem eru boðaðir, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglega fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem reglur þeirra heimila, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er einnig heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.
5. Þeim sem gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu er heimilt að njóta aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.
6. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.
7. Skýrslugjafarfulltrúi getur leyft málsaðilum, sem andmælum hefur verið beint til, þeim sem leggja fram kvörtun, öðrum aðilum, sem eru boðaðir til skýrslugjafar, þjónustudeild Eftirlitsstofnunar EFTA og yfirvöldum EFTA-ríkjanna að spyrja spurninga meðan á skýrslugjöfinni stendur.
8. Skrá skal málf lutning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem gefa skýrslu skulu fá aðgang að skráðum málf lutningi ef þeir óska eftir því. Taka skal tillit til lögmætra hagsmuna málsaðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

VI. ÞÁTTUR

AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM OG MEÐFERÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

15. gr.

Aðgangur að málskjöllum og notkun skjala.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, aðgang að málskjöllum, ef um það er beðið. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli.
 - 1a. Eftir að málsmeðferð hefst skv. 6. mgr. 11. gr. II. kafla, og í þeim tilgangi að gera málsaðilum sem vilja leggja fram sáttatillögur, kleift að gera það, skal Eftirlitsstofnun EFTA afhenda málsaðilum þau sönnunargögn og skjöl sem lýst er í 2. mgr. 10. gr. a, sé þess óskað, og með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru í viðeigandi undirgreinum. Þegar málsaðilar leggja

fram sáttatillögur sínar skulu þeir staðfesta við Eftirlitsstofnun EFTA að þeir fari aðeins fram á aðgang að málsskjölunum, eftir að hafa tekið við andmælum, ef þau andmæli endurspegla ekki efni sáttatillagna þeirra.

2. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til viðskiptaleyndarmála og innanhússkjala Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB eða samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum eða aðildarríkjum EB. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær t.a.m. ekki til bréfaskipta á milli samkeppnisyfirvaldanna, milli samkeppnisyfirvalda og aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna eða milli samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða í EFTA-ríkjunum þegar slík bréfaskipti eru hluti af málsskjölum Eftirlitsstofnunar EFTA.
3. Ekkert í þessum kafla kemur í veg fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA afhendi og noti nauðsynlegar upplýsingar til að sanna brot á ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins.
4. Skjöl, sem hafa fengist með aðgangi að málsskjölum samkvæmt þessari grein, skal einungis nota í dóms- eða stjórnarsýslumeðferð vegna beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins.

16. gr.

Greining og varðveisla trúnaðarupplýsinga.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal ekki afhenda upplýsingar, þ.m.t. skjöl, eða gera þau aðgengileg ef þau innihalda viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar um aðila.
2. Einstaklingur sem skýrir frá sjónarmiðum sínum skv. 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 13. gr. (1. og 3. mgr.) þessa kafla eða leggur síðar fram frekari upplýsingar hjá Eftirlitsstofnun EFTA á meðan sama málsmeðferð stendur yfir skal tilgreina á skýran hátt ásamt rökstuðningi hvaða gögn hann telur vera trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt á þeim degi sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður að hann geti skýrt frá sjónarmiðum sínum.
3. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar getur Eftirlitsstofnun EFTA krafist þess að fyrirtæki og samtök fyrirtækja, sem leggja fram skjöl eða greinargerðir skv. II. kafla, tilgreini hvaða skjöl eða hlutar skjala þau telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem tilheyra þeim og gagnvart hvaða fyrirtækjum slík skjöl skuli vera trúnaðarmál. Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig krafist þess að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja tilgreini hvern þann hluta andmæla, samantektar um mál sem er gerð grein fyrir skv. 4. mgr. 27. gr. II. kafla eða ákvörðunar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, sem hún telur vera viðskiptaleyndarmál. Eftirlitsstofnun EFTA getur gefið fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja frest til að:
 - a) rökstyðja kröfu sína um upplýsingaleynd að því er varðar hvert einstakt skjal eða hluta af skjali, skýrslu eða hluta úr skýrslu,
 - b) láta Eftirlitsstofnun EFTA í té sérútgáfu af skjölum eða skýrslum þar sem trúnaðarmálum er sleppt,
 - c) leggja fram nákvæma lýsingu á hverju einstöku atriði í upplýsingum sem er sleppt.
4. Ef fyrirtæki eða samtök fyrirtækja fara ekki að ákvæðum 2. og 3. mgr. getur Eftirlitsstofnun EFTA gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjölum eða skýrslum.

VII. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Frestur.

1. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA veitir frest, eins og kveðið er á um í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 10. gr. a (1., 2. og 3. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir framlagningu gagna og þess hversu brýnt málið er.
2. Frestur, sem um getur í 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (2. mgr.), skal vera a.m.k. fjórar vikur. Sé um að ræða málsmeðferð, sem er hafin í því skyni að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir skv. 8. gr. II. kafla, má þó stytta frestinn í eina viku.
3. Frestur, sem um getur í 4. gr. (3. mgr.), 10. gr. a (1. mgr.), 10. gr. a (2. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal vera a.m.k. tvær vikur. Frestur, sem um getur í 3. mgr. 3. gr., skal vera a.m.k. tvær vikur,

nema um sé að ræða frest til sáttatillagna, en leiðréttingar við þær skulu gerðar innan einnar viku. Frestur, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. a., skal vera a.m.k. tvær vikur.

4. Lengja má frest eftir því sem við á og þegar rökstudd beiðni berst um það áður en upphaflegi fresturinn rennur út.

18. gr.

(Enginn texti)

19. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Reglur um málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt fyrirverandi IV. kafla I. hluta og XII. kafla II. hluta, eins og þeim var beitt fyrir gildistöku samningsins um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var 3. desember 2004, gildir áfram að því er varðar beitingu þessa kafla.

20. gr.

Sérákvæði.

Eftirlitsstofnun EFTA getur, í samræmi við ákvæði 49. gr. þessa samnings, lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum ásamt athugasemdum.

III. HLUTI

EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM

IV. KAFLI

REGLUR UM EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM FYRIRTÆKJA

Vegna skiptingar texta reglugerðar (EBE) nr. 139/2004 á milli XIV. viðauka við EES-samninginn (efnisreglur) og þessa kafla (reglur um málsmeðferð) er texta 1.–3. gr., 4. gr. (1.–3. mgr.) og 5. gr. hennar, eins og hann hefur verið aðlagður, að finna í gerðinni sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004). Eftirlitsstofnun EFTA skal annast eftirlit með samfylkingu í samræmi við ákvæði 57. gr. EES-samningsins, einkum b-lið 2. mgr.

1. til 3. gr.

(Enginn texti)

4. gr.

1. (Enginn texti)
2. (Enginn texti)
3. (Enginn texti)
4. Áður en tilkynnt er um samfylkingu í skilningi 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), er aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr. sömu greinar, heimilt að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, í rökstuddri greinargerð, að samfylkingin geti haft veruleg áhrif á samkeppni á markaði í EFTA-ríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar og því sé nauðsynlegt að EFTA-ríkið taki hana til skoðunar í heild eða að hluta. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda þessa greinargerð til allra EFTA-ríkja. EFTA-ríkið, sem um getur í rökstuddu greinargerðinni, skal, innan 15 virkra daga frá viðtöku hennar, láta í ljós hvort það samþykkir eða andmælir beiðninni um að málinu sé vísað áfram. Taki EFTA-ríkið ekki slíka ákvörðun á þessum tíma telst það hafa veitt samþykki sitt. Ef EFTA-ríkið lýsir ekki yfir andmælum getur Eftirlitsstofnun EFTA, ef hún telur að slíkur aðgreindur markaður sé til og að samfylkingin geti hafi veruleg áhrif á samkeppni á þeim markaði, ákveðið að vísa málinu, að öllu leyti eða að hluta, til lögbærra yfirvalda í því EFTA-ríki með það fyrir augum að beita samkeppnislögum þess ríkis. Taka skal ákvörðun um hvort málinu skuli vísað áfram eða ekki, í samræmi við þriðju undirgrein, innan 25 virkra daga frá því að Eftirlitsstofnun EFTA tekur við rökstuddu greinargerðinni.

Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna hinum EFTA-ríkjunum ásamt hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína. Taki Eftirlitsstofnun EFTA ekki ákvörðun innan þessa tíma er litið svo á að hún hafi ákveðið að vísa málinu áfram í samræmi við greinargerð viðkomandi aðila eða fyrirtækja. Ef Eftirlitsstofnun EFTA ákveður, eða telst hafa ákveðið, samkvæmt þriðju og fjórðu undirgrein, að vísa málinu áfram að öllu leyti skal ekki senda neina tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar og innlend samkeppnislög skulu gilda. Ákvæði 6.–9. mgr. 9. gr. þessa kafla gilda að breyttu breytanda.

5. Að því er varðar samfylkingu eins og hún er skilgreind í 3. gr. umræddrar gerðar, sem varðar ekki hagsmuni EFTA í skilningi 1. gr. umræddrar gerðar og sem hægt er að endurskoða samkvæmt innlendum samkeppnislögum í minnst þremur EFTA-ríkjum, er þeim aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., heimilt, áður en tilkynning er send til samkeppnisyrvalda, að senda Eftirlitsstofnun EFTA rökstudda greinargerð um að rétt sé að hún taki samfylkinguna til skoðunar. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda þessa greinargerð til allra EFTA-ríkja. Hvert EFTA-ríki, sem er þar til bært að taka samfylkinguna til skoðunar samkvæmt innlendum samkeppnislögum, getur, innan 15 virkra daga frá viðtöku rökstuddu greinargerðarinnar, lýst yfir andmælum gegn beiðninni um vísun málsins. Ef a.m.k. eitt slíkt EFTA-ríki hefur, í samræmi við þriðju undirgrein, lýst yfir andmælum innan 15 virkra daga skal ekki vísa málinu áfram. Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað tilkynna öllum EFTA-ríkjum og aðilum eða fyrirtækjum, sem málið varðar, um slík andmæli. Ef ekkert EFTA-ríki hefur lýst yfir andmælum, í samræmi við þriðju undirgrein innan 15 virkra daga, skal samfylkingin teljast varða hagsmuni EFTA og skal tilkynna um hana til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 1. og 2. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar. Við þær aðstæður skal ekkert EFTA-ríki beita sínum eigin samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.
6. (Enginn texti)

5. gr.

(Enginn texti)

6. gr.

Skoðun tilkynningar og upphaf málsmeðferðar.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka tilkynninguna til skoðunar strax eftir að hún berst.
 - a) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið, falli ekki undir gildissvið gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) skal hún skrá niðurstöðu sína með ákvörðun.
 - b) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið, falli undir gildissvið gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) gefi ekki tilefni til alvarlegra efasemda um að hún samrýmist framkvæmd EES-samningsins skal hún taka ákvörðun um að leggjast ekki gegn henni og lýsa því yfir að hún samrýmist EES-samningnum. Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist EES-samningnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.
 - c) Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið, falli undir gildissvið gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og hefur alvarlegar efasemdir um að hún samrýmist framkvæmd EES-samningsins skal hún taka ákvörðun um að hefja málsmeðferð, sbr. þó 2. mgr. Hætta skal slíkri málsmeðferð með ákvörðun, eins og kveðið er á um í 1. til 4. mgr. 8. gr., nema viðkomandi fyrirtæki hafi sýnt fram á það á fullnægjandi hátt að mati Eftirlitsstofnunar EFTA að þau hafi lagt niður samfylkinguna, sbr. þó 9. gr.
2. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, eftir að breytingar hafa verið gerðar hjá hlutaðeigandi fyrirtækjum, að samfylking, sem tilkynnt hafði verið um, gefi ekki tilefni til alvarlegra efasemda í skilningi c-liðar 1. mgr., skal hún lýsa samfylkinguna samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins skv. b-lið 1. mgr.

- Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt skv. b-lið 1. mgr. að binda ákvörðun sína skilyrðum og skyldum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki þær skyldur sem þau hafa tekist á hendur gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og miða að því að samfylkingin geti samrýmst framkvæmd EES-samningsins.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. ef:
 - a) ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á eða er fengin fram með blekkingum, eða
 - b) hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylla ekki skyldu sem tengist ákvörðuninni.
 4. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun skv. 1. mgr. án þess að vera bundin þeim fresti sem um getur í 1. mgr. 10. gr.
 5. Eftirlitsstofnun EFTA skal án tafar tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína og einnig lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna.

7. gr.

Tímabundin stöðvun samfylkingar.

1. Samfylking, sem varðar hagsmuni EFTA, eins og hún er skilgreind í 1. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), eða Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið til skoðunar skv. 5. mgr. 4. gr. þessa kafla skal ekki koma til framkvæmda fyrir en tilkynnt hefur verið um hana og ekki fyrir en hún hefur verið lýst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 1. eða 2. mgr. 8. gr., eða á grundvelli ályktunar skv. 6. mgr. 10. gr.
2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að yfirtökuboð komi til framkvæmda eða að fram fari röð viðskipta með verðbréf, þ.m.t. verðbréf sem breyta má í önnur verðbréf sem eru tekin til skráningar á markaði, t.d. kauphöll, og þannig aflað yfirráða í skilningi 3. gr. þeirrar gerðar frá ýmsum söluaðilum, að því tilskildu að:
 - a) tilkynnt sé um samfylkingu til Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar og 4. og 5. mgr. 4. gr. þess kafla án tafar og
 - b) kaupandinn nýti sér ekki þann atkvæðisrétt sem fylgir viðkomandi verðbréfum eða geri það einungis í þeim tilgangi að viðhalda fullu verðgildi þeirra fjárfestinga á grundvelli undanþágu sem Eftirlitsstofnun EFTA veitir skv. 3. mgr.
3. Eftirlitsstofnun EFTA getur, samkvæmt beiðni, veitt undanþágu frá skyldum þeim sem eru lagðar á með 1. eða 2. mgr. Rökstyðja ber beiðni um undanþágu. Við afgreiðslu beiðninnar skal Eftirlitsstofnun EFTA m.a. taka tillit til áhrifa stöðvunarinnar á eitt eða fleiri fyrirtæki, sem hlut eiga að samfylkingu, eða á þriðja málsaðila og þeirrar hættu sem samkeppni stafar af samfylkingunni. Slíka undanþágu er heimilt að binda skilyrðum og skyldum í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni. Heimilt er að sækja um og veita undanþágu hvenær sem er, jafnvel áður en tilkynnt er um samfylkingu eða eftir að viðskiptunum er lokið.
4. Gildi viðskipta, sem brjóta í bága við ákvæði 1. mgr., skal háð ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 1., 2. eða 3. mgr. 8. gr. eða ályktun á grundvelli 6. mgr. 10. gr. Ákvæði þessarar greinar hafa þó engin áhrif á gildi viðskipta með verðbréf, þ.m.t. breytanleg verðbréf, sem eru skráð á markaði á borð við kauphöll, nema því aðeins að kaupandi og seljandi hafi haft eða hefðu átt að hafa vitneskju um að viðskiptin brytu í bága við 1. mgr.

8. gr.

Ákvörðunarvald Eftirlitsstofnunar EFTA.

1. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. í gerðinni sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og, í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 2. gr. umræddrar gerðar, skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmst framkvæmd EES-samningsins.

Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist EES-samningnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.

2. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli, að afstöðnum tilteknum breytingum, sem hlutaðeigandi fyrirtæki hafa gert, skilyrði þau sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. umræddrar gerðar og í tilvikunum, sem um getur í 4. mgr. 2. gr., skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.
Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að binda ákvörðun sína skilyrðum og skyldum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki þær skyldur sem þau hafa tekist á hendur gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og miða að því að samfylkingin geti samrýmst framkvæmd EES-samningsins.
Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist EES-samningnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.
3. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking uppfylli þau skilyrði sem skilgreind eru í 3. mgr. 2. gr. umræddrar gerðar eða, í tilvikunum, sem um getur í 4. mgr. 2. gr. umræddrar gerðar, uppfylli ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.
4. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking:
 - a) sé þegar komin til framkvæmda og hafi verið lýst ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins eða
 - b) sé komin til framkvæmda þótt það brjóti í bága við skilyrði bundið ákvörðun, sem er tekin skv. 2. mgr., þar sem niðurstaðan er sú að samfylkingin standist viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr. þeirrar gerðar, að úppfylltu skilyrði, eða, í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 2. gr. þeirrar gerðar, hún standist ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins,
er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt:
 - að krefjast þess að viðkomandi fyrirtæki leysi samfylkinguna upp, einkum með því að leysa upp samrunann eða ráðstafa öllum hlutabréfum eða eignum, sem aflað hefur verið, með það fyrir augum að færa aftur til fyrra horfs þær aðstæður sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda, við kringumstæður þar sem ekki er mögulegt að endurheimta aðstæður, sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda með því að leysa samfylkinguna upp, er Eftirlitsstofnun EFTA þá heimilt að gera allar aðrar viðeigandi ráðstafanir til að færa aðstæður til fyrra horfs að svo miklu leyti sem unnt er,
 - að gefa fyrirmæli um hvers konar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að viðkomandi fyrirtæki leysi upp samfylkinguna eða geri aðrar ráðstafanir til að færa aðstæður til fyrra horfs eins og krafist er í ákvörðun hennar.
 Í tilvikum, sem falla undir a-lið fyrstu undirgreinar, er hægt að ákveða ráðstafanirnar, sem um getur í þeirri undirgrein, annaðhvort með ákvörðun skv. 3. mgr. eða með sérstakri ákvörðun.
5. Eftirlitsstofnun EFTA getur gert bráðabirgðaráðstafanir til að færa aftur til fyrra horfs eða viðhalda skilyrðum virkrar samkeppni þar sem samfylking:
 - a) er komin til framkvæmda þótt hún brjóti í bága við 7. gr. og ákvörðun hafi enn ekki verið tekin varðandi það hvort samfylkingin samrýmist framkvæmd EES-samningsins,
 - b) er komin til framkvæmda þótt hún brjóti í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar,
 - c) er þegar komin til framkvæmda og hefur verið lýst ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.
6. Eftirlitsstofnun EFTA getur afturkallað ákvörðun, sem hún hefur tekið í samræmi við 1. eða 2. mgr., ef:

- a) yfirlýsingin um samrýmanleika er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á eða þegar hún er fengin fram með blekkingum eða
 - b) hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylla ekki skyldu sem tengist ákvörðuninni.
7. Eftirlitsstofnun EFTA getur tekið ákvörðun skv. 1.–3. mgr. án þess að vera bundin þeim fresti sem um getur í 3. mgr. 10. gr. í tilvikum þar sem:
- a) hún kemst að raun um að samfylking sé komin til framkvæmda
 - i. þótt það brjóti í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða
 - ii. þótt það brjóti í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun, sem er tekin skv. 2. mgr. og í samræmi við 2. mgr. 10. gr., þar sem ákveðið er að verulegur vafi leiki á því, að úppfylltu skilyrðinu, hvort samfylkingin sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins eða
 - b) ákvörðun hefur verið afturkölluð skv. 6. gr.
8. Eftirlitsstofnun EFTA skal án tafar tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína og einnig lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna.

9. gr.

Vísun til lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum.

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur, með ákvörðun sem hlutaðeigandi fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum hinna EFTA-ríkjanna er tilkynnt um án tafar, vísað samfylkingu, sem tilkynnt hefur verið um, til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki við eftirfarandi aðstæður.
2. EFTA-ríki getur, innan 15 virkra daga frá því að það fær afrit af tilkynningunni, að eigin frumkvæði eða að boði Eftirlitsstofnunar EFTA, upplýst Eftirlitsstofnun EFTA, sem aftur skal upplýsa hlutaðeigandi fyrirtæki, um að:
 - a) hætta sé á að samfylking yrði samkeppni veruleg hindrun á markaði í því EFTA-ríki, sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar, eða
 - b) samfylking hafi áhrif á samkeppni á markaði í því EFTA-ríki, sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar og sem telst ekki verulegur hluti yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna.
3. Telji Eftirlitsstofnun EFTA, með tilliti til markaðarins fyrir þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða og landfræðilega viðmiðunarmarkaðarins í skilningi 7. mgr., að um sé að ræða slíkan aðgreindan markað og slíka hættu skal hún annaðhvort:
 - a) sjálf taka málið til meðferðar í samræmi við 57. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókanar 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn og með ákvæðum þessa kafla eða
 - b) vísa málinu, í heild eða að hluta, til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki með það fyrir augum að ákvæðum samkeppnislaga þess verði beitt.

Líti Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar svo á að ekki sé um að ræða slíkan aðgreindan markað eða hættu skal hún samþykkja ákvörðun þess efnis sem hún skal beina til viðkomandi EFTA-ríkis og taka sjálf málið til meðferðar í samræmi við 57. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókanar 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn og með ákvæðum þessa kafla.

Þegar svo ber undir að EFTA-ríki upplýsir Eftirlitsstofnun EFTA, skv. b-lið 2. mgr., um að samfylking hafi áhrif á samkeppni á aðgreindum markaði á yfirráðasvæði þess, sem telst ekki vera verulegur hluti af yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, skal Eftirlitsstofnun EFTA vísa málinu áfram í heild, eða þeim hluta þess sem varðar aðgreinda markaðinn, ef hún telur að áhrifanna gæti á aðgreinda markaðnum.
4. Ákvörðun um hvort vísa beri máli áfram eða ekki á grundvelli 3. mgr. skal tekin:
 - a) að jafnaði innan þess frests sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. hafi Eftirlitsstofnun EFTA ekki hafið málsmeðferð skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða
 - b) innan 65 virkra daga hið mesta frá því að tilkynnt var um viðkomandi samfylkingu ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið málsmeðferð skv. c-lið 1. mgr. 6. gr. án þess að gera undirbúningsráðstafanir fyrir samþykkt nauðsynlegra ráðstafana skv. 2., 3. eða 4. mgr. 8. gr. til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á viðkomandi markaði.
5. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið ákvörðun innan 65 virkra daga, eins og um getur í b-lið 4. mgr., þrátt fyrir áminningu af hálfu viðkomandi EFTA-ríkis, um vísun í samræmi við 3. mgr. eða gert undirbúningsráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 4. mgr., skal litið svo á að hún hafi ákveðið að vísa málinu til hlutaðeigandi EFTA-ríkis í samræmi við b-lið 3. mgr.

6. Lögbært yfirvald í viðkomandi EFTA-ríki skal taka ákvörðun um málið án óþarfra tafa. Innan 45 virkra daga frá því að Eftirlitsstofnun EFTA vísar málinu áfram skal lögbært yfirvald í viðkomandi EFTA-ríki upplýsa viðkomandi fyrirtæki um niðurstöður bráðabirgðamats á samkeppni og hvaða frekari aðgerða hún hyggst grípa til ef einhverra. Viðkomandi EFTA-ríki getur, í undantekningartilvikum, lengt frestinn þegar viðkomandi fyrirtæki hafa ekki veitt þeim nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við innlend samkeppnislög ríkisins. Ef tilkynningar er krafist í landslögum skal 45 daga tímabilið hefjast á næsta virka degi eftir að lögbært yfirvald í því EFTA-ríki veitir endanlegri tilkynningu viðtöku.
7. Landfræðilegur viðmiðunarmarkaður er svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eiga hlut að framboði og eftirspurn á vöru eða þjónustu og samkeppnisskilyrði eru nægilega einsleit og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, ekki sist vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega ólík á þessum svæðum. Við mat á þessu skal einkum taka tillit til eðlis og einkenna viðkomandi vöru eða þjónustu til hugsanlegra aðgangshindrana eða neytendavenja, greinilegs munar á markaðshlutdeild fyrirtækjanna á þessu svæði og nærliggjandi svæðum eða til verulegs verðmunar.
8. Þegar hlutaðeigandi EFTA-ríki beita ákvæðum þessarar greinar mega þau einungis gera allra nauðsynlegustu ráðstafanir til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á viðkomandi markaði.
9. Í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins getur EFTA-ríki skotið máli til EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, og m.a. óskað eftir því að 41. gr. þessa samnings verði beitt með það fyrir augum að það fái að beita sínum eigin samkeppnislögum.

10. gr.

Frestur til að hefja málsmeðferð og til ákvarðanatöku.

1. Ákvarðanir þær sem um getur í 1. mgr. 6. gr. skulu teknar innan 25 virkra daga hið mesta, sbr. þó 4. mgr. 6. gr. Sá frestur skal hefjast á næsta virka degi eftir að tilkynning um samfylkingu berst eða, ef upplýsingarnar sem eiga að fylgja tilkynningunni eru ófullnægjandi, næsta virka dag eftir að fullnægjandi upplýsingar berast. Lengja skal frestinn í 35 daga berist Eftirlitsstofnun EFTA beiðni frá EFTA-ríki í samræmi við 2. mgr. 9. gr. eða ef viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar skv. 2. mgr. 6. gr. með það fyrir augum að gera samfylkinguna samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins.
2. Taka skal ákvarðanir skv. 1. eða 2. mgr. 8. gr., varðandi samfylkingar sem tilkynnt hefur verið um, jafnskjótt og í ljós kemur að alvarlegum efasemdum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr., hefur verið eytt, einkum eftir að viðkomandi fyrirtæki gera breytingar og í síðasta lagi áður en fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., rennur út.
3. Með fyrirvara um 7. mgr. 8. gr. skal taka ákvarðanir skv. 1.–3. mgr. 8. gr. varðandi tilkynntar samfylkingar eigi síðar en 90 virkum dögum eftir að málsmeðferð hefst. Framlengja skal þennan frest í 105 virka daga ef viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar skv. annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. með það fyrir augum að samfylkingin geti samrýmst framkvæmd EES-samningsins, nema þessar skuldbindingar hafi verið boðnar fram innan 55 virkra daga frá því að málsmeðferð hófst. Einnig skal framlengja frest, sem ákveðinn er í fyrstu undirgrein, ef tilkynningaraðilar leggja fram beiðni um það eigi síðar en 15 virkum dögum eftir að málsmeðferð hefst skv. c-lið 1. mgr. 6. gr. Tilkynningaraðilar geta aðeins einu sinni borið fram slíka beiðni. Einnig getur Eftirlitsstofnun EFTA, með samþykki tilkynningaraðila, framlengt frest, sem er settur samkvæmt fyrstu undirgrein, hvenær sem er eftir að málsmeðferð hefst. Samanlögð framlenging frests eða fresta, sem eru settir samkvæmt þessari undirgrein, skal ekki vera lengri en 20 virkir dagar.
4. Í undantekningartilvikum er heimilt að lengja tímabundið þá fresti sem eru settir með 1. og 3. mgr. ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur þurft að krefjast upplýsinga með ákvörðun skv. 11. gr. eða gefa fyrirmæli um athugun með ákvörðun skv. 13. gr. vegna aðstæðna sem eitt af fyrirtækjunum í samfylkingunni ber ábyrgð á. Fyrsta undirgreinin skal einnig gilda um frestinn sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr.

5. Kveði EFTA-dómstóllinn upp úrskurð sem ógildir, að nokkru eða öllu leyti, ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, sem er háð fresti sem er settur í þessari grein, skal Eftirlitsstofnun EFTA taka samfylkinguna aftur til skoðunar með það fyrir augum að samþykkja ákvörðun skv. 1. mgr. 6. gr. Samfylkingin skal skoðuð aftur í ljósi gildandi markaðsaðstæðna.
Ef upphafleg tilkynning verður ófullnægjandi vegna þess að breytingar verða á markaðsaðstæðum eða upplýsingum, sem hafa verið veittar, skulu tilkynningaráðilar þegar í stað leggja fram nýja tilkynningu eða viðbót við upphaflegu tilkynninguna. Hafi engar slíkar breytingar orðið skulu aðilarnir votta það án tafar.
Frestirnir, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu hefjast á næsta virka degi eftir viðtöku fullnægjandi upplýsinga í nýrri tilkynningu, viðbótartilkynningu eða vottun í skilningi þriðju undirgreinar.
Önnur og þriðja undirgrein skulu einnig gilda í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 6. gr. og 7. mgr. 8. gr.
6. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið ákvörðun í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 6. gr. eða 1., 2. eða 3. mgr. 8. gr. innan þess frests sem er tilgreindur í 1. mgr. annars vegar og 3. mgr. hins vegar skal litið svo á að samfylkingin samrýmist framkvæmd EES-samningsins, sbr. þó 9. gr.

11. gr.

Beiðnir um upplýsingar.

1. Til að Eftirlitsstofnun EFTA sé unnt að gegna þeim störfum, sem henni eru falin með 57. eða 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókar 24 og í XIV. viðauka við EES-samninginn og með ákvæðum þessa kafla, getur hún krafist þess, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, að aðilarnir, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), sem og fyrirtæki og samtök fyrirtækja, veiti allar nauðsynlegar upplýsingar.
2. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA sendir einfalda beiðni um upplýsingar til aðila, fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað, ákveða skilafrest og skýra frá viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. gr., við því að gefa rangar eða villandi upplýsingar.
3. Ef Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess, með ákvörðun, að aðili, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og ákveða skilafrest þeirra. Hún skal einnig tilgreina þau viðurlög sem kveðið er á um í 14. gr. og skýra frá eða beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 15. gr. Hún skal enn fremur skýra frá réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.
4. Eigendur fyrirtækjanna eða fulltrúar þeirra og, þegar um lögaðila er að ræða, félög eða fyrirtæki eða, þegar um er að ræða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, aðilar, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða stofnsamningi þeirra, skulu veita umbeðnar upplýsingar fyrir hönd hlutaðeigandi fyrirtækis. Aðilum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Hinir síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.
5. Eftirlitsstofnun EFTA skal tafarlaust senda afrit af öllum ákvörðunum, sem eru teknar skv. 3. mgr., til lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkinu sem hefur yfirráð yfir því landsvæði þar sem aðilinn, fyrirtækið eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur og til lögbærs yfirvalds í EFTA-ríkinu sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu sem þetta hefur áhrif á. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig, komi sérstök beiðni um það frá lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríki, senda því yfirvaldi afrit af einföldum beiðnum um upplýsingar varðandi samfylkingu sem tilkynnt hefur verið um.
6. Ríkisstjórnir og lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin skv. 57. eða 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókar 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn og með ákvæðum þessa kafla.
7. Til að Eftirlitsstofnun EFTA geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin skv. 57. eða 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókar 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn og með ákvæðum

Þessa kafla er henni heimilt að taka viðtöl við einstaklinga eða lögaðila, sem samþykkja slík viðtöl vegna söfnunar upplýsinga er varða viðfangsefni rannsóknarinnar. Í upphafi viðtals, sem taka má gegnum síma eða með öðrum rafrænum búnaði, skal Eftirlitsstofnun EFTA skýra frá því hvaða lagagrundvöllur liggur að baki viðtalinu og tilganginum með því.

Ef viðtal er ekki tekið á athafnasvæði Eftirlitsstofnunar EFTA eða gegnum síma eða með öðrum rafrænum búnaði skal hún láta lögbært yfirvald EFTA-ríkisins, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu, þar sem viðtalið fer fram, vita af því fyrir fram. Fari lögbært yfirvald í því EFTA-ríki fram á það geta embættismenn yfirvaldsins verið embættismönnum og öðrum aðilum, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA til að taka slíkt viðtal, til aðstoðar.

12. gr.

Athugun yfirvalda EFTA-ríkjanna.

1. Lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum geta, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, tekið að sér að gera þær athuganir sem hún telur nauðsynlegar skv. 1. mgr. 13. gr. eða hefur gefið fyrirmæli um á grundvelli ákvörðunar skv. 4. mgr. 13. gr. Embættismenn lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum, sem bera ábyrgð á þessum athugunum, og aðrir, sem þau hafa veitt umboð eða tilnefnt, skulu hafa það valdsvið sem þeim er veitt í samræmi við landslög.
2. Embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, er heimilt að veita embættismönnum samkeppnisyfirvalda í því EFTA-ríki, þar sem athugunin fer fram, aðstoð ef Eftirlitsstofnun EFTA eða lögbært yfirvald EFTA-ríkis fer fram á það.

13. gr.

Valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA til að gera athuganir.

1. Til að Eftirlitsstofnun EFTA geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin skv. 57. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókanar 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn og ákvæðum þessa kafla er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.
2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa heimild til:
 - a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land og inn í öll flutningatæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,
 - b) að skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,
 - c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,
 - d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl svo lengi og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,
 - e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.
3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita heimildum sínum þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 14. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara. Eftirlitsstofnun EFTA skal útvega þeim fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem munu taka þátt í athuguninni í samræmi við 5. mgr. 8. gr. bókanar 24 við EES-samninginn, slíkt umboð.
4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem fyrirskipaðar eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. og 15. gr., og réttinum til að skjóta ákvörðuninni til dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 36. gr. Eftirlits-

stofnun EFTA skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirvöld í EFTA-ríkinu þar sem athugunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir sem hafa umboð eða eru tilnefndir af lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríkinu, sem hefur yfirlit yfir landsvæðinu þar sem athugunin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða Eftirlitsstofnunar EFTA, veita embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, dygga aðstoð. Í þessu skyni skulu þeir hafa það vald sem tilgreint eru í 2. mgr.
6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun, þ.m.t. með því að innsigla atvinnuhúsnæði, bókhald eða viðskiptaskjöl, sem gefin eru fyrirmæli um samkvæmt þessari grein skal hlutaðeigandi aðildarríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða sambærilegs löggæsluyfirvalds til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.
7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.
8. Ef sótt er um þá heimild, eins um getur í 7. mgr., skulu innlend dómsmálayfirvöld tryggja að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Við eftirlit með því að þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brot geta innlend dómsmálayfirvöld óskað eftir nákvæmum skýringum frá Eftirlitsstofnun EFTA, beint eða fyrir milligöngu lögbærs yfirvalds í EFTA-ríkinu, í tengslum við viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis EFTA-dómstólinn getur skorið úr um hvort ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé lögmæt.

14. gr.

Sektir.

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur, með ákvörðun, sektað aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, í skilningi 5. gr. þeirrar gerðar, ef þau vísitandi eða af gáleysi:
 - a) veita rangar eða villandi upplýsingar í greinargerð, vottorði, tilkynningu eða viðbót við hana skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. (1., 2. og 3. mgr.) umræddrar gerðar eða 4. gr. (4 og 5. mgr.), 10. gr. (5. mgr.) eða 22. gr. (3. mgr.) þessa kafla,
 - b) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni skv. 2. mgr. 11. gr.,
 - c) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun sem er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests,
 - d) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar athuganir fara fram skv. 13. gr. eða neita að gangast undir athugun sem fyrirmæli hafa verið gefin um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,
 - e) að því er varðar spurningu sem er lögð fyrir í samræmi við e-lið 2. mgr. 13. gr.,
 - gefa rangt eða villandi svar,
 - leiðréttu ekki, innan tilskilins frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður hefur gefið, eða
 - svara ekki eða neita að veita fullnægjandi svar um málsatvik sem varða viðfangsefni og tilgang athugunar sem fyrirskipuð er með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,
 - f) hafa rofið innsigli sem embættismenn eða fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, hafa komið fyrir í samræmi við d-lið 2. mgr. 13. gr.
2. Eftirlitsstofnun EFTA getur, með ákvörðun, sektað aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. umræddrar gerðar, eða viðkomandi fyrirtæki, um fjárhæð sem skal ekki fara yfir 10% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis í skilningi 5. gr. umræddrar gerðar þegar þau, vísitandi eða af gáleysi:

- a) tilkynna ekki um samfylkingu í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar eða 4. og 5. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 22. gr. þessa kafla áður en hún kemur til framkvæmda, hafi þau ekki skýrt umboð til þess skv. 2. mgr. 7. gr. eða ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. 7. gr.,
 - b) láta samfylkingu, sem brýtur í bága við 7. gr., koma til framkvæmda,
 - c) láta samfylkingu koma til framkvæmda sem hefur verið lýst ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, með ákvörðun skv. 3. mgr. 8. gr., eða sem gera ekki þær ráðstafanir sem fyrir-mæli eru gefin um með ákvörðun skv. 4. eða 5. mgr. 8. gr.,
 - d) uppfylla ekki skilyrði eða skyldu sem hefur verið lögð á með ákvörðun skv. 6. gr. (b-lið 1. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) eða 8. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.).
3. Við ákvörðun á fjárhæð sektarinnar skal taka tillit til þess hvers eðlis brotið er, hve alvarlegt það er og hve lengi það hefur staðið yfir.
 4. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1., 2. og 3. mgr., varða ekki við hegningarlög.

15. gr.

Févíti.

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur, með ákvörðun, lagt á aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, féviti sem fer ekki yfir 5% af meðaltali daglegrar heildarveltu viðkomandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, í skilningi 5. gr. þeirrar gerðar, fyrir hvern virkan dag sem telst töf, sem reiknast frá þeim degi sem er tiltekinn í ákvörðuninni, til að þvinga þau til:
 - a) að veita tæmandi og réttar upplýsingar sem hún hefur krafist með ákvörðun skv. 3. mgr. 11. gr.,
 - b) að gangast undir athugun sem hún hefur gefið fyrir-mæli um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,
 - c) að uppfylla skyldu sem hefur verið lögð á með ákvörðun skv. 6. gr. (b-lið 1. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) eða 8. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.) eða
 - d) að taka tillit til ráðstafana sem gefin hafa verið fyrir-mæli um með ákvörðun skv. 4. eða 5. mgr. 8. gr.
2. Þegar aðilar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. umræddrar gerðar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa uppfyllt þá skyldu sem févítinu var ætlað að framfylgja getur Eftirlitsstofnun EFTA ákvarðað endanlega fjárhæð févítis lægri en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

16. gr.

Áfrýjun til EFTA-dómstólsins.

EFTA-dómstóllinn hefur í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, ótakmarkaða lögsögu í skilningi 36. gr. sáttmálans til að endurskoða ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA um sektir eða féviti, honum er heimilt að fella niður, hækka eða lækka álagða sekt eða féviti.

17. gr.

Þagnarskylda.

1. Með fyrirvara um 9. gr. í bókun 24 við EES-samninginn skulu upplýsingar, sem aflað er skv. 57. og 58. gr. EES-samningsins, bókun 24 við hann og þessum kafla, einungis notaðar í þeim tilgangi sem lá að baki öflun þeirra, við rannsókn eða skýrslugjöf.
2. Með fyrirvara um 3. mgr. 4. gr. gerðarinnar, sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og 18. og 20. gr. þess kafla, skulu Eftirlitsstofnun EFTA og lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum, embættismenn þeirra, fylgdarmenn þeirra og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í EFTA-ríkjunum, ekki veita þær upplýsingar, sem þeir afla við beitingu bókunar 24 við EES-samninginn, umræddrar gerðar eða þess kafla, og sem falla undir þagnarskyldu.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða kannana sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

18. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila.

1. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun, sem kveðið er á um í 6. gr. (3. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (2.–6. mgr.) og 14. og 15. gr., skal hún veita hlutaðeigandi aðilum, fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja tækifæri, á öllum stigum málsmeðferðar og allt til samráðs við ráðgjafarnefndina, til að skýra frá sjónarmiðum sínum varðandi andmæli sem lögð hafa verið fram gegn þeim.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun skv. 3. mgr. 7. gr. og 5. mgr. 8. gr. án þess að gefa hlutaðeigandi aðilum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja fyrst tækifæri til að kynna sjónarmið sín, að því tilskildu að Eftirlitsstofnun EFTA gefi þeim færi á því eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur tekið ákvörðun sína.
3. Í ákvörðun sinni skal Eftirlitsstofnun EFTA einungis taka til greina þau andmæli sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Réttur til málsvarnar skal virtur að fullu í málsmeðferðinni. Aðgangur að málsskjölum skal vera heimill a.m.k. þeim aðilum sem beina hlutdeild eiga að málinu en taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.
4. Eftirlitsstofnun EFTA eða lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum er einnig heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögaðila, telji þau ástæðu til þess. Einstaklingar eða lögaðilar, sem sýna fram á að þeir eigi nægilega mikilla hagsmuna að gæta, einkum þeir sem sitja í stjórn og framkvæmdastjórn viðkomandi fyrirtækja, eða viðurkenndir fulltrúar starfsmanna þeirra, skulu eiga rétt á að gefa skýrslu, æski þeir þess.

19. gr.

Samstarf við yfirvöld í EFTA-ríkjunum.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af tilkynningum innan þriggja virkra daga og, eins fljótt og auðið er, afrit af mikilvægustu skjölum sem henni hafa borist eða hún gefið út samkvæmt gerðinni sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og þessum kafla. Meðal slíkra skjala skulu vera skuldbindingar sem viðkomandi fyrirtæki bjóða fram gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA með það fyrir augum að samfylking geti samrýmst framkvæmd EES-samningsins skv. 2. mgr. 6. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal beita þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í þeirri gerð og þessum kafla í nánú og stöðugu samstarfi við lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum sem eiga rétt á að láta í ljós sjónarmið sín varðandi þessa málsmeðferð. Að því er varðar ákvæði 9. gr. skal hún afla upplýsinga frá lögbæru yfirvaldi í EFTA-rikinu, eins og um getur í 2. mgr. þeirrar greinar, og gefa því tækifæri, á öllum stigum málsmeðferðar, til að koma fram með sjónarmið sín allt þar til ákvörðun hefur verið samþykkt skv. 3. mgr. þeirrar greinar; í því skyni skal hún veita yfirvaldinu aðgang að málsskjölum.
Eftirlitsstofnun EFTA skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum allar upplýsingar sem hún fær frá framkvæmdastjórn EB skv. 3., 6., 8. og 10. gr. bókunar 24 við EES-samninginn.
3. Hafa skal samráð við ráðgjafarnefnd um samfylkingar áður en ákvörðun er tekin skv. 8. gr. (1.–6. mgr.), 14. gr. eða 15. gr., að undanskildum bráðabirgðaákvörðunum sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 18. gr.
4. Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum. Hvert EFTA-ríki skal tilnefna einn eða tvo fulltrúa; ef þeir forfallast mega aðrir fulltrúar koma í þeirra stað. Að minnsta kosti einn fulltrúi EFTA-ríkis skal vera þar til bær að því er varðar samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.
5. Samráð skal fara fram á sameiginlegum fundi sem Eftirlitsstofnun EFTA boðar til og stýrir. Fundarboðinu skal fylgja samantekt um hvert mál, sem taka á til umfjöllunar, og upplýsingar um helstu málsskjöl ásamt fyrstu drögum að ákvörðun. Fundinn skal ekki halda fyrr en 10 virkum dögum eftir að fundarboðið er sent út. Í undantekningartilvikum er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt

að stytta þennan frest, ef við á, til að komast hjá því að eitt eða fleiri fyrirtæki, sem eiga hlut að samfylkingu, verði fyrir alvarlegu tjóni.

6. Ráðgjafarnefndin skal skila álit á drögum að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila álit jafnvel þótt einhverjir nefndarmanna séu fjarstaddir og enginn hafi komið í þeirra stað. Álitid skal vera skriflegt og skal það fylgja drögunum að ákvörðuninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.
7. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda þeim sem ákvörðuninni er beint til álit ráðgjafarnefndarinnar og ákvörðunina. Hún skal birta álitid ásamt ákvörðuninni, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

20. gr.

Birting ákvarðana.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 8. gr. (1.–6. mgr.), 14. gr. og 15. gr., að frátöldum bráðabirgðaákvörðunum sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 18. gr., ásamt álit ráðgjafarnefndarinnar í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.
2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; við birtinguna skal tekið tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

21. gr.

Beiting gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og í þessum kafla og lögsögu.

1. Einungis gerðin, sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og þessi kafla skulu gilda um samfylkingar eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. gerðarinnar. Ákvæði II. kafla og gerðin sem um getur í 10. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 169/2009) gilda ekki, nema í tengslum við fyrirtæki um sameiginleg verkefni sem varða ekki hagsmuni EFTA-ríkjanna en hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að samræma samkeppnishegðun fyrirtækja sem eru áfram sjálfstæð.
2. Með fyrirvara um endurskoðun EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings skal Eftirlitsstofnun EFTA ein hafa lögsögu, með þeim skilyrðum sem getið er í 58. gr. EES-samningsins, til að taka ákvarðanir sem kveðið er á um í gerðinni sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og þessum kafla.
3. EFTA-ríkin mega ekki beita innlendum samkeppnislögum sínum gagnvart samfylkingu sem varðar hagsmuni EFTA.
Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um vald EFTA-ríkis til að gera nauðsynlegar rannsóknir þegar beita á ákvæðum 4. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. eða, eftir að máli hefur verið vísað til þess skv. b-lið, fyrstu undirgreinar 3. mgr. 9. gr. eða 5. mgr. 9. gr., til að gera þær ráðstafanir sem eru alveg nauðsynlegar vegna beitingar 8. mgr. 9. gr.
4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. er EFTA-ríkjum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni aðra en þá sem eru tilteknir í umræddri gerð og þessum kafla og eru í samræmi við almennar meginreglur og önnur ákvæði sem kveðið er á um, beint eða óbeint, samkvæmt EES-samningnum.
Líta skal á almannaöryggi, fjölmiðlafrelsi og varfærnisreglur sem lögmæta hagsmuni í skilningi fyrstu undirgreinar.
Hlutaðeigandi EFTA-ríki ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um öll önnur hagsmunamál almennings og skal hún taka afstöðu til þeirra eftir að metið hefur verið hvort þau samrýmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum eins og kveðið er á um, beint eða óbeint, í EES-samningnum áður en gripið er til þeirra ráðstafana sem um getur hér að framan. Eftirlitsstofnun EFTA skal gera hlutaðeigandi EFTA-ríki grein fyrir ákvörðun sinni innan 25 virkra daga frá tilkynningunni.

22. gr.

Vísun máls til Eftirlitsstofnunar EFTA.

1. Eitt eða fleiri EFTA-ríki geta lagt fram beiðni um að Eftirlitsstofnun EFTA kanni samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr. í gerðinni sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 139/2004), sem varðar ekki hagsmuni EFTA samkvæmt skilningi 1. gr. þeirrar gerðar en hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og hætta er á að muni hafa veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði EFTA-ríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina. Slík beiðni skal lögð fram eigi síðar en 15 virkum dögum eftir þann dag sem tilkynnt var um samfylkinguna eða viðkomandi EFTA-ríki greint frá henni á annan hátt ef tilkynningar er ekki krafist.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna og viðkomandi fyrirtækjum tafarlaust um beiðnir, sem berast skv. 1. mgr. Annað EFTA-ríki skal eiga rétt á að gerast aðili að upphaflegu beiðninni innan 15 virkra daga frá því að tilkynning berst frá Eftirlitsstofnun EFTA um upphaflegu beiðnina. Alla innlenda fresti, sem varða samfylkinguna, skal fella tímabundið úr gildi uns skorið hefur verið úr um, í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í þessari grein, hvar samfylkingin skuli könnuð. Um leið og EFTA-ríki hefur veitt Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki leggja fram beiðni ásamt öðrum lýkur tímabundinni niðurfellingu fresta.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákveða, í síðasta lagi 10 virkum dögum eftir að fresturinn sem settur er í 2. mgr. rennur út, að kanna samfylkinguna ef hún telur að hún hafi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og hætta sé á að hún hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði EFTA-ríkis eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina. Taki Eftirlitsstofnun EFTA ekki ákvörðun innan þessa frests er lítið svo á að hún hafi samþykkt ákvörðun um að kanna samfylkinguna í samræmi við beiðnina. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna öllum EFTA-ríkjunum ásamt hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína. Hún getur farið fram á að tilkynning verði lögð fram skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar gerðar og 4. og 5. mgr. 4. gr. þessa kafla. EFTA-ríki eða -ríkin, sem lögðu fram beiðnina, skulu ekki lengur beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.
4. Ákvæði 2. gr., 4. gr. (2.-3. mgr.) og 5. gr. fyrrnefndrar gerðar og 6. gr. og 8.-21. gr. þessa kafla gilda í þeim tilvikum þegar Eftirlitsstofnun EFTA kannar samfylkingu í samræmi við ákvæði 3. mgr. Ákvæði 7. gr. skulu eiga við svo fremi samfylkingin hafi ekki komið til framkvæmda á þeim degi sem Eftirlitsstofnun EFTA upplýsir hlutaðeigandi fyrirtæki um að beiðni hafi verið lögð fram. Sé tilkynningar skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar gerðar og 4. og 5. mgr. 4. gr. þessa kafla ekki krafist skal fresturinn til að hefja málsmeðferð, sem settur er í 1. mgr. 10. gr., hefjast næsta virka dag eftir að Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir hlutaðeigandi fyrirtækjum um að hún hafi ákveðið að kanna samfylkinguna skv. 3. mgr.
5. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að tilkynna einu eða fleiri EFTA-ríkjum um að hún telji samfylkingu fullnægja viðmiðunum 1. mgr. Í slíkum tilvikum getur Eftirlitsstofnun EFTA boðið því EFTA-ríki eða -ríkjum að leggja fram beiðni í samræmi við ákvæði 1. mgr.

23. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að leggja fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna, í samræmi við 49. gr. þessa samnings, tillögur að eyðublöðum fyrir tilkynningar skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), greinargerðir samkvæmt 4. og 5. mgr. 4. gr. og breytingar samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr., 8. gr. þessa kafla, svo og tillögur að athugasemdum við eyðublöðin.

24. gr.

Tengsl við lönd sem eru ekki aðilar að EES-samningnum.

1. EFTA-rikin skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um alla erfiðleika almenns eðlis sem fyrirtæki þeirra lenda í vegna samfylkinga, eins og skilgreint er í 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), í landi sem er ekki aðili að EES-samningnum.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal, í fyrsta sinn eigi síðar en einu ári eftir að gerðin sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og þessum kafla, öðlast gildi og eftir það með jöfnu millibili, semja skýrslu þar sem hún tekur til skoðunar, með tilliti til þeirra atriða sem um getur í 3. og 4. mgr., hvaða meðferð þau fyrirtæki EFTA fá sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang innan yferráðasvæðis EFTA þegar um er að ræða samfylkingar í löndum sem eiga ekki aðild að EES-samningnum. Eftirlitsstofnun EFTA skal leggja skýrslurnar fyrir fastanefndina, ásamt tilmælum, ef við á.
3. Ef Eftirlitsstofnun EFTA telur, annaðhvort á grundvelli skýrslanna sem um getur í 2. mgr. eða á grundvelli annarra upplýsinga, að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang á yferráðasvæði EFTA, fái ekki meðferð í landi, sem á ekki aðild að EES-samningnum, sambærilega þeirri sem EFTA-rikin veita fyrirtækjum frá því landi getur hún lagt tillögur fyrir ríkisstjórn hvers EFTA-ríkis með það fyrir augum að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang á yferráðasvæði EFTA, fái sambærilega meðferð.
4. Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við skyldur EFTA-rikjanna samkvæmt alþjóðasamningum, hvort heldur er tvíhliða eða marghliða.

25. gr.

(Enginn texti)

26. gr.

Ákvæði XIII. kafla, eins og þeim var beitt fyrir gildistöku samningsins um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-rikjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem var undirritaður 4. júní 2004, skulu gilda áfram um samfylkingar sem samið eða tilkynnt er um eða þegar yferráða hefur verið aflað í skilningi 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 fyrir gildistöku þeirrar gerðar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og fyrrverandi XIII. kafla, sbr. þó einkum ákvæði um beitingu sem eru sett fram í 1. og 2. undirgrein³.

V. KAFLI

**UM FRAMKVÆMD IV. KAFLA UM EFTIRLIT
MEÐ SAMFYLKINGUM FYRIRTÆKJA**

I. ÞÁTTUR

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gildissvið.

Þessi kafli gildir um eftirlit með samfylkingum sem stofnað er til samkvæmt IV. kafla.

II. ÞÁTTUR

TILKYNNINGAR OG AÐRAR AFHENDINGAR

2. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram tilkynningar.

1. Þeir aðilar eða fyrirtæki sem um getur í 2. mgr. 4. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) skulu leggja fram tilkynningar.

3 Texti 26. gr. er sambærilegur texta fyrrverandi 3. mgr. 10. gr. XVI. kafla, eins og honum var breytt með samningnum frá 4. júní 2004 um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-rikjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (öðlast gildi 20.5.2005). Athygli er vakin á því að 1. undirgrein sem um getur í greininni er nú í 1. mgr. 10. gr. VIII. kafla í 5. hluta. Ákvæði 2. undirgreinar þeirrar greinar hafa verið felld brott.

2. Þegar fulltrúar aðila eða fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.
3. Sameiginlegum fulltrúa, sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra tilkynningaraðila, ber að leggja fram sameiginlegar tilkynningar.

3. gr.

Framlagning tilkynninga.

1. Tilkynningar skal leggja fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á CO-eyðublaði eins og það er sett fram í 2. viðauka við þessa bókun. Með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 3. viðauka má leggja fram tilkynningar á einfölduðu eyðublaði eins og það er skilgreint þar. Sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.
2. Senda skal frumrit og sex afrit af CO-eyðublaði og fylgiskjölum til Eftirlitsstofnunar EFTA. Tilkynninguna skal senda á það pósthfang sem um getur í 1. mgr. 23. gr. og á því sniði sem Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir.
3. Fylgiskjölín skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum; í síðara tilvikinu skulu tilkynningaraðilar staðfesta að um rétt og óstytt afrit sé að ræða.
4. Tilkynningar skal leggja fram á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Bandalagsins. Kjósi fyrirtæki að beina tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA á tungumáli sem ekki er eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem falla undir valdsvið stofnunarinnar, eða er ekki vinnutungumál hennar, ber því jafnframt að láta þýðingu fylgja öllum skjölum á einhverju opinberu tungumáli eða vinnutungumáli stofnunarinnar. Tungumálið, sem þýtt er á, er það tungumál sem Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að nota í samskiptum við fyrirtækin. Fylgiskjöl skal leggja fram á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af hinum opinberu tungumálum, sem um getur hér að framan, skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.
5. (Enginn texti)

4. gr.

Upplýsingar og skjöl sem láta skal í té.

1. Í tilkynningum skulu vera upplýsingar, þ.m.t. skjöl, sem farið er fram á í viðeigandi eyðublöðum sem sett eru fram í viðbættunum. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.
2. Eftirlitsstofnun EFTA getur veitt undanþágu frá þeirri skyldu að leggja fram tiltekna upplýsingar sem eiga að koma fram í tilkynningunni, þ.m.t. skjöl, eða frá öðrum kröfum sem tilgreindar eru í 2. og 3. viðbæti, telji Eftirlitsstofnun EFTA að ekki sé nauðsynlegt fyrir rannsókn málsins að þær skyldur eða kröfur séu uppfylltar.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda tilkynningaraðilum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar staðfestingu á því að henni hafi borist tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent samkvæmt 2. og 3. mgr. 5. gr.

5. gr.

Gildistökudagur tilkynninga.

1. Litið skal svo á að tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast Eftirlitsstofnun EFTA, með fyrirvara um 2., 3. og 4. mgr.
2. Ef upplýsingar, þ.m.t. skjöl, sem eru innifalin í tilkynningu, eru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna það tilkynningaraðilum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar. Í þessum tilvikum skal litið svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast Eftirlitsstofnun EFTA.
3. Komi í ljós breytingar sem máli skipta á staðreyndum sem greint er frá í tilkynningunni, eftir að hún hefur verið gerð og sem tilkynningaraðilum er kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um, eða ef nýjar upplýsingar koma í ljós eftir tilkynninguna, sem tilkynningaraðilum er kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um og sem hefði átt að greina frá í tilkynningunni, skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt um það án tafar. Í slíkum tilvikum, þegar breytingar sem máli skipta eða nýjar upplýsingar gætu haft veruleg áhrif á mat á samfylkingunni, getur Eftirlitsstofnun EFTA litið svo á að tilkynningin öðlist gildi á þeim degi þegar Eftirlitsstofnun EFTA tekur við viðkomandi upplýs-

ingum, og skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna tilkynningaraðilum eða fulltrúum þeirra það skriflega og án tafar.

4. Farið er með rangar eða misvísandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.
5. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA gefur út yfirlýsingu um að henni hafi borist tilkynning, samkvæmt 3. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð (EB) nr. 139/2004) skal hún tilgreina dagsetninguna þegar hún veitti tilkynningunni viðtöku. Frestist gildistaka tilkynningar frá auglýstri dagsetningu hennar, samanber 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa út nýja yfirlýsingu þar sem síðari dagsetningin er tilgreind.

6. gr.

Sértæk ákvæði sem varða greinargerðir, viðbætur og vottorð.

1. Greinargerðir í skilningi 4. og 5. mgr. 4. gr. IV. kafla skulu hafa þær upplýsingar, þ.m.t. gögn, sem óskað er eftir í samræmi við 4. viðbæti þessarar bókunar.
2. Ákvæði 2. gr., 3. gr. (1. mgr., þriðja setning), 3. gr. (2. til 5. mgr.), 4. gr., 5. gr. (1. mgr., 2. mgr. 1. setning, 3. og 4. mgr.), 21. gr. og 23. gr. þessa kafla skulu eiga við að breyttu breytanda um greinargerðir í skilningi 4. og 5. mgr. 4. gr. IV. kafla. Ákvæði 2. gr., 3. gr. (1. mgr. þriðja setning), 3. gr. (2. til 5. mgr.), 4. gr., 5. gr. (1. til 4. mgr.), 21. gr. og 23. gr. þessa kafla skulu eiga við að breyttu breytanda um viðbætur við tilkynningar og vottorð í skilningi 5. mgr. 10. gr. IV. kafla.

III. ÞÁTTUR

FRESTIR

7. gr.

Upphaf frests.

Frestur hefst á næsta virka degi, í skilningi 24. gr. þessa kafla, eftir þann atburð sem viðeigandi ákvæði gerðarinnar, sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004, og IV. kafli vísa til.

8. gr.

Fresti lýkur.

Frestur sem reiknaður er út í virkum dögum skal renna út við lok síðasta virka dags.

Frestur sem Eftirlitsstofnun EFTA ákvarðar miðað við tiltekna dagsetningu skal renna út við lok þess dags.

9. gr.

Frestur rofínn.

1. Rjúfa skal frestina, sem um getur í 4. mgr. 9. gr. og 1. og 3. mgr. 10. gr. IV. kafla, ef Eftirlitsstofnun EFTA verður að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 11. gr. eða 4. mgr. 13. gr. sama kafla, vegna einhverra eftirfarandi ástæðna:
 - a) að upplýsingar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur óskað eftir samkvæmt 2. mgr. 11. gr. IV. kafla, frá einum tilkynningaraðila eða öðrum hlutaðeigandi aðila samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla eru ekki veittar, eða ekki veittar að fullu, innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur,
 - b) að upplýsingar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur óskað eftir frá þriðja aðila samkvæmt 2. mgr. 11. gr. IV. kafla, samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla, eru ekki veittar, eða ekki veittar að fullu, innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur vegna aðstæðna sem einn tilkynningaraðila eða annar hlutaðeigandi aðili samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla ber ábyrgð á,
 - c) einn tilkynningaraðili eða annar hlutaðeigandi aðili, eins og skilgreint er í 11. gr. þessa kafla, hefur neitað að gangast undir athugun sem Eftirlitsstofnun EFTA telur nauðsynlega á grundvelli 1. mgr. 13. gr. IV. kafla eða að aðstoða við framkvæmd slíkrar athugunar í samræmi við 2. mgr. 13. gr. þess kafla,

- d) tilkynningaraðilar hafa ekki tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um verulegar breytingar á staðreyndum sem eru tilgreindar í tilkynningunni, eða um nýjar upplýsingar þess efnis sem um getur í 3. mgr. 5. gr. þessa kafla.
2. Fresturinn sem um getur í 4. mgr. 9. gr., og 1. og 3. mgr. 10. gr. IV. kafla skal rofinn ef Eftirlitsstofnun EFTA þarf að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 11. gr. þess kafla, án þess að fyrst sé óskað eftir upplýsingum, vegna aðstæðna sem eitthvert hlutaðeigandi fyrirtækja í samfylkingunni ber ábyrgð á.
3. Fresturinn sem um getur í 4. mgr. 9. gr. og 1. og 3. mgr. 10. gr. IV. kafla skal rofinn:
- í tilvikum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., frá þeim tíma er frestur, sem tiltekinn er í venjulegri beiðni um upplýsingar, er útrunninn þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast,
 - í tilvikum sem um getur í c-lið 1. mgr., frá þeim tíma er tilraun til að gera athugun mistókst þar til athuginni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið,
 - í tilvikum sem um getur í d-lið 1. mgr., frá þeim tíma er breytingar urðu á málavöxtum sem þar er getið þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar berast,
 - í tilvikum sem um getur í 2. mgr., frá þeim tíma er frestur, sem tiltekinn er í ákvörðun, er útrunninn þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast,
4. Frestur er rofinn á næsta virka degi eftir að atburðurinn, sem er tilefni rofsins, átti sér stað. Rof á fresti stendur til loka þess dags þegar tilefni þess er ekki lengur fyrir hendi. Ef sá dagur er ekki virkur dagur skal rofi á fresti ljúka við lok næsta virka dags.

10. gr.

Farið að fresti.

- Litið er svo á að frestir, sem um getur í 4. gr. (4. mgr. 4. undirgrein), 9. gr. (4. mgr.), 10. gr. (1. og 3. mgr.) og 22. gr. (3. mgr.) IV. kafla, hafi verið virtir ef Eftirlitsstofnun EFTA tekur viðeigandi ákvörðun áður en frestur rennur út.
- Litið skal svo á að frestir sem um getur í 4. gr. (4. mgr. 2. undirgrein), 4. gr. (5. mgr., 3. undirgrein), 9. gr. (2. mgr.), 22. gr. (1. mgr., 2. undirgrein) og 22. gr. (2. mgr., 2. undirgrein) IV. kafla, hafi verið virtir af því EFTA-ríki sem um er að ræða ef það EFTA-ríki tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA skriflega um það eða leggur fram skriflega beiðni eða á aðild að slíkri beiðni, eftir atvikum, áður en fresturinn rennur út.
- Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. IV. kafla, hafi verið virtur ef lögbært yfirvald í viðkomandi EFTA-ríki tilkynnir viðkomandi fyrirtækjum það á þann hátt sem kveðið er á um í þeim ákvæðum áður en fresturinn rennur út.

IV. ÞÁTTUR

RÉTTUR TIL AÐ FLYTJA MÁL SITT: SKÝRSLUGJÖF

11. gr.

Aðilar sem eiga þess kost að flytja mál sitt.

Að því er varðar réttinn til að flytja mál sitt samkvæmt 18. gr. IV. kafla eru eftirtaldir aðilar aðgreindir:

- tilkynningaraðilar, þ.e. einstaklingar eða fyrirtæki sem leggja fram tilkynningar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004),
- aðrir hlutaðeigandi aðilar, þ.e. aðilar að fyrirhugaðri samfylkingu, aðrir en tilkynningaraðilar, svo sem seljendur og fyrirtækið sem verður til við samfylkinguna,
- þriðju aðilar, þ.e. einstaklingar eða lögaðilar, þ.m.t. viðskiptavinir, birgjar og keppinautar, að því tilskildu að þeir sýni fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, í skilningi annarrar setningar 4. mgr. 18. gr. IV. kafla, sem einkum á við um
 - aðila að stjórn eða framkvæmdastjórn viðkomandi fyrirtækja, eða viðurkennda fulltrúa starfsmanna þeirra,
 - neytendasamtök, þegar fyrirhuguð samfylking varðar vörur eða þjónustu til loka-neytenda.

- d) aðilar sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka ákvörðun um í samræmi við 14. eða 15. gr. IV. kafla.

12. gr.

Ákvarðanir um frestun samfylkinga.

- Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. IV. kafla sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir einn eða fleiri málsaðila skal hún, samkvæmt 1. mgr. 18. gr. sama kafla, láta tilkynningaraðila og aðra hlutaðeigandi vita skriflega um andmæli sín og setja þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.
- Hafi Eftirlitsstofnun EFTA tekið bráðabirgðaákvörðun samkvæmt 2. mgr. 18. gr. IV. kafla, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, án þess að veita tilkynningaraðilum og öðrum hlutaðeigandi aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum skal hún senda þeim texta bráðabirgðaákvörðunarinnar án tafar og setja þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum. Þegar tilkynningaraðilar og aðrir hlutaðeigandi aðilar hafa skýrt frá sjónarmiðum sínum skal Eftirlitsstofnun EFTA taka lokaákvörðun og ógilda, breyta eða staðfesta bráðabirgðaákvörðunina. Hafi þeir ekki skýrt skriflega frá sjónarmiðum sínum innan tiltekins frests skal bráðabirgðaákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA gilda sem lokaákvörðun þegar fresturinn er útrunninn.

13. gr.

Ákvarðanir um efnisatriði málsins.

- Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 6. gr. eða 2. - 6. mgr. 8. gr. IV. kafla skal hún veita hlutaðeigandi aðilum færi á að gefa skýrslu samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. sama kafla áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja. Ákvæði 2. mgr. 12. gr. þessa kafla gilda að breyttu breytanda ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur beitt 2. mgr. 18. gr. IV. kafla og tekið ákvörðun til bráðabirgða samkvæmt 5. mgr. 8. gr. þess kafla.
- Eftirlitsstofnun EFTA skal beina andmælum sínum skriflega til tilkynningaraðila. Um leið og Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli sín skal hún setja frest sem tilkynningaraðilar geta nýtt sér til að koma athugasemdum sínum skriflega á framfæri við Eftirlitsstofnun EFTA. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna öðrum hlutaðeigandi aðilum skriflega um andmæli sín. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig setja frest sem aðrir hlutaðeigandi aðilar geta nýtt sér til að koma athugasemdum sínum skriflega á framfæri við Eftirlitsstofnun EFTA. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að taka tillit til athugasemda sem berast eftir að fresturinn sem hún ákvarðaði er útrunninn.
- Aðilar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur beint andmælum sínum til eða sem hefur verið tilkynnt um slík andmæli, skulu skýra skriflega frá athugasemdum sínum varðandi andmælin innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að setja fram alla málavexti og öll atriði, sem þeim er kunnugt um og varða málsvörn, í skriflegum athugasemdum sínum og láta fylgja með öll skjöl sem máli skipta sem sönnunargögn á þá málavexti sem lagðir eru fram. Þeim er einnig heimilt að leggja til að Eftirlitsstofnun EFTA taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest fyrrnefndar upplýsingar. Þeir skulu leggja athugasemdir sínar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í einu frumriti og sex afritum. Einnig skal senda rafrænt afrit á sama pósthfang og á því sniði sem Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir. Eftirlitsstofnun EFTA framsendir án tafar afrit slíkra skriflegra athugasemda til lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum.
- Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 14. eða 15. gr. IV. kafla skal hún veita málsaðilum, sem hún hyggst taka ákvörðun um, færi á að gefa skýrslu samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. sama kafla áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr., og í 3. mgr., gildir að breyttu breytanda.

14. gr.

Munnleg skýrslugjöf.

1. Ef Eftirlitsstofnun EFTA ætlar taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 6. gr. eða 2.-6. mgr. 8. gr. IV. kafla, skal hún veita þeim tilkynningaraðilum sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum tækifæri til að rökstyðja mál sitt við formlega, munnlega skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt á öðrum stigum málsmeðferðarinnar að veita tilkynningaraðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.
2. Ef Eftirlitsstofnun EFTA ætlar að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 6. gr. eða 2.-6. mgr. 8. gr. IV. kafla, skal hún einnig veita öðrum aðilum, sem málið varðar og sem hafa óskað eftir því í skriflegum athugasemdum sínum, tækifæri til að rökstyðja mál sitt við formlega, munnlega skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt á öðrum stigum málsmeðferðarinnar að veita öðrum aðilum sem málið varðar færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.
3. Ef Eftirlitsstofnun EFTA ætlar að taka ákvörðun samkvæmt 14. gr. eða 15. gr. IV. kafla skal hún veita þeim aðilum sem hún hyggst sekta eða leggja á dagsektir, tækifæri til að gera grein fyrir rökstuðningi sínum við formlega, munnlega skýrslugjöf, hafi þeir óskað eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.. Henni er einnig heimilt á öðrum stigum málsmeðferðarinnar að veita slíkum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

15. gr.

Framkvæmd formlegrar, munnlegrar skýrslugjafar.

1. Skýrslugjafarfulltrúi skal stjórna formlegri, munnlegri skýrslugjöf og skal hann vera fullkomlega hlutlaus.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal boða þá einstaklinga, sem eiga að gefa skýrslu, til formlegrar, munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal boða lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna til þátttöku í öllum formlegum, munnlegum skýrslutökum.
4. Aðilar, sem eru boðaðir, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér lagalegan fyrirvarsmann til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem reglur þeirra heimila, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er einnig heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.
5. Þeim sem gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu er heimilt að leita aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra og lögbærra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.
6. Formleg, munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.
7. Skýrslugjafarfulltrúi getur heimilað öllum aðilum í skilningi 11. greinar, Eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna að bera fram spurningar við formlega, munnlega skýrslugjöf. Skýrslugjafarfulltrúi getur haldið undirbúningsfund með aðilum og þjónustudeildum Eftirlitsstofnunar EFTA til þess að greiða fyrir skilvirku fyrirkomulagi formlegu, munnlegu skýrslugjafarinnar.
8. Skrá skal málf lutning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem eru viðstaddir formlega, munnlega skýrslugjöf skulu fá aðgang að skráðum málf lutningi ef þeir óska eftir því. Taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

16. gr.

Skýrslugjöf annarra aðila.

1. Sæki þriðju aðilar skriflega um að fá að gefa skýrslu samkvæmt öðrum málslið 4. mgr. 18. gr. IV. kafla skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og veita þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.
2. Þeir þriðju aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum innan tiltekens frests. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir því sem við á, að veita þriðju aðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að taka þátt í formlegri skýrslugjöf.

Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita þriðju aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

3. Einnig getur Eftirlitsstofnun EFTA boðið hvaða einstaklingi eða lögaðila sem er að kynna sjónarmið sín, bæði skriflega og munnlega, þ.m.t. við formlega, munnlega skýrslugjöf.

V. ÞÁTTUR
AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM OG MEÐFERÐ
TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

17. gr.

Aðgangur að málsskjölum og notkun skjala.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, aðgang að málsskjölum, ef um það er beðið, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að nýta rétt sinn til málsvarnar. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem hún hefur tilkynnt um andmæli sín, aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, að því marki sem nauðsynlegt er við gerð athugasemda.
3. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga eða innanhússkjala Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar EB, lögbærra yfirvalda í EFTA-rikinum eða aðildarríkja EB. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær heldur ekki til bréfaskipta milli Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnarinnar, lögbærra yfirvalda í EFTA-rikinum og lögbærra yfirvalda aðildarríkja EB.
4. Skjöl fengin með aðgangi að málsskjölunum samkvæmt þessari grein má einungis nota að því er varðar viðeigandi ákvæði gerðarinnar, sem vísað er til í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004, og IV. kafla.

18. gr.

Trúnaðarupplýsingar.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal ekki afhenda eða veita aðgang að upplýsingum, þ.m.t. skjöl, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, telji Eftirlitsstofnun EFTA slíka birtingu ekki nauðsynlega vegna málsmeðferðarinnar.
2. Einstaklingur, sem skýrir frá sjónarmiðum sínum eða athugasemdum skv. 12. gr., 13. gr. og 16. gr. þessa kafla, eða afhendir upplýsingar samkvæmt 11. gr. IV. kafla, eða afhendir Eftirlitsstofnun EFTA síðar frekari upplýsingar á meðan á þessari sömu málsmeðferð stendur, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur vera trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt innan frests sem eftirlitsstofnunin veitir honum til að skýra frá sjónarmiðum sínum.
3. Með fyrirvara um 2. mgr. getur Eftirlitsstofnun EFTA krafist þess að aðilar sem um getur í 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), fyrirtæki og samtök fyrirtækja, í öllum tilvikum sem þau leggja fram eða hafa lagt fram skjöl eða greinargerðir samkvæmt fyrrnefndri grein eða IV. kafla, tilgreini hvaða skjöl eða hlutar skjala þau telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem tilheyra þeim og gagnvart hvaða fyrirtækjum slík skjöl skuli vera trúnaðarmál. Einnig getur Eftirlitsstofnun EFTA farið fram á það að þeir aðilar sem um getur í 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), fyrirtæki eða samtök fyrirtækja tilgreini þá hluta yfirlýsingar til andmæla, samantekt eða ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, sem að þeirra mati hefur að geyma viðskiptaleyndarmál. Þegar viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar hafa verið tilgreindar skulu aðilar, fyrirtæki og samtök fyrirtækja rökstyðja það og leggja fram sérútgáfu þar sem trúnaðarupplýsingum er sleppt fyrir þá dagsetningu sem Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir.
4. Ef einstaklingar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja fara ekki að ákvæðum 2. eða 3. mgr. getur Eftirlitsstofnun EFTA gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjölum eða skýrslum.

VI. ÞÁTTUR
SKULDBINDINGAR SEM VIÐKOMANDI FYRIRTÆKI BJÓÐA

19. gr.

Frestur til að leggja fram skuldbindingar.

1. Skuldbindingar sem viðkomandi fyrirtæki bjóða samkvæmt 2. mgr. 6. gr. IV. kafla skulu lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en innan 20 virkra daga frá móttökudegi tilkynningarinnar.
2. Skuldbindingar sem fyrirtækin bjóða samkvæmt 2. mgr. 8. gr. IV. kafla skulu lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en innan 65 virkra daga frá þeim degi þegar málsmeðferð var hafin. Í samræmi við 2. undirgrein 3. mgr. 10. gr. IV. kafla, þegar fresturinn til að samþykkja ákvörðun samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. 8. gr. er framlengdur, skal fresturinn sem er 65 virkir dagar, til að leggja fram skuldbindingar, sjálfkrafa lengjast um sama fjölda virkra daga. Í undantekningartilvikum getur Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt skuldbindingar sem boðnar eru eftir að fresturinn til framlagningar þeirra í skilningi þessarar málsgreinar rennur út, að því tilskildu að farið sé að málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 5. mgr. 19. gr. IV. kafla.
3. Ákvæði 7., 8. og 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

20. gr.

Málsmeðferð við framlagningu skuldbindinga.

1. Senda skal Eftirlitsstofnun EFTA eitt frumrit og sex afrit af skuldbindingum sem viðkomandi fyrirtæki hafa boðið henni, samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. IV. kafla. Einnig skal senda rafrænt afrit á sama pósthfang og á því sniði sem Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir. Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda án tafar afrit af slíkum skuldbindingum til lögbærra yfirvalda í EFTA-rikinum.
 - 1a. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. skulu viðkomandi fyrirtæki, jafnframt því að bjóða skuldbindingar samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. IV. kafla, leggja fram eitt frumrit og sex afrit af upplýsingum og skjölum eins og tiltekið er með RM-eyðublaði sem varðar úrræði (RM-eyðublað) sem sett er fram í 5. viðbæti við þessa bókun. Upplýsingarnar sem lagðar eru fram skulu vera réttar og fullnægjandi.
2. Þegar viðkomandi fyrirtæki bjóða skuldbindingar samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. IV. kafla skulu þau jafnframt tilgreina með skýrum hætti hvaða upplýsingar þau telja trúnaðarmál og rökstyðja það, og leggja fram sérútgáfu sem inniheldur ekki trúnaðarmál.

20. gr. a

Fjárvörsluaðilar.

1. Skuldbindingar sem viðkomandi fyrirtæki bjóða samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. IV. kafla geta falið í sér, á eigin kostnað viðkomandi fyrirtækja, tilnefningu sjálfstæðs fjárvörsluaðila, eins eða fleiri, sem aðstoðar Eftirlitsstofnun EFTA við að hafa umsjón með því að aðilar fari að ákvæðum skuldbindinganna eða hafi umboð til að koma skuldbindingunum í framkvæmd. Aðilar geta tilnefnt fjárvörsluaðila þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur sannreynt hver hann er, eða eftirlitsstofnunin sjálf. Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa eftirlit með verkefnum fjárvörsluaðilans.
2. Eftirlitsstofnun EFTA getur sett ákvæði sem tengjast fjárvörsluaðilum skuldbindinganna sem skilyrði og skyldur samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. IV. kafla.

VII. ÞÁTTUR
ÝMIS ÁKVÆÐI

21. gr.

Sending skjala.

1. Heimilt er að senda skjöl og kvaðningu frá Eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda á einhvern eftirfarandi máta:
 - a) með boðsendingu gegn kvittun;
 - b) með ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku;
 - c) með símbréfi ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku;
 - d) með fjarrita;

- e) með tölvupósti ásamt beiðni um kvittum fyrir móttöku.
- Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla gildir 1. mgr. einnig um sendingu tilkynningaraðila, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila á skjölum til Eftirlitsstofnunar EFTA.
 - Ef skjal er sent með fjarrita, símbréfi eða tölvupósti skal gera ráð fyrir að viðtakanda hafi borist það í hendur sama dag og það var sent.

22. gr.

Frestir settir.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA setur fresti, sem kveðið er á um í 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.), skal hún taka tillit til þess undirbúningstíma sem þörf er á við gerð umsagnar og til þess hversu brýnt málið er. Hún skal einnig taka tillit til virkra daga og lögboðinna frídaga í landinu sem orðsending hennar fer til.

Frestina skal binda við ákveðna almanaksdaga.

23. gr.

Viðtaka skjala hjá Eftirlitsstofnunar EFTA.

- Tilkynningar skal afhenda Eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 5. gr. í þessum kafla.⁴
- Viðbótarupplýsingar sem farið er fram á til að ganga frá tilkynningum skulu berast Eftirlitsstofnun EFTA á því pósthafi sem um getur í 1. mgr.
- Nauðsynlegt er að skriflegar athugasemdir við orðsendingar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.) þessa kafla berist Eftirlitsstofnun EFTA á pósthafi það sem um getur í 1. mgr. áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út.

24. gr.

Skilgreining á virkum dögum.

Orðalagið virkir dagar í gerðinni sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004) og í þessum kafla þýðir allir dagar nema laugardagar, sunnudagar og frídagar Eftirlitsstofnunar EFTA sem birtir eru í EES-þætti og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins fyrir upphaf hvers árs.

25. gr.

(Enginn texti)

IV. HLUTI

KOL OG STÁL

VI. KAFLI

REGLUR SEM EIGA VIÐ UM FYRIRTÆKI Á SVIÐI KOLA OG STÁLS

I. ÞÁTTUR

ALMENNAR REGLUR UM SAMNINGA OG SAMFYLKINGAR.

1. gr.

- Veita má leyfi samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 25 við EES-samninginn, með fyrirvara um tilteknar aðstæður og takmarkaðan tíma. Í þeim tilvikum skal Eftirlitsstofnun EFTA endurnýja leyfið einu sinni eða nokkrum sinnum ef hún kemst að raun um að kröfurnar í undirliðum a til c í 2. mgr. 1. gr. bókunar 25 við EES-samninginn eru uppfylltar.
- Eftirlitsstofnun EFTA skal afturkalla eða breyta leyfi ef hún telur breyttar aðstæður valda því að samningurinn uppfylli ekki lengur þessar kröfur eða raunveruleg niðurstaða samningsins eða beiting hans brjóti í bága við kröfurnar fyrir leyfi þess.
- Ákvarðanir um að úthluta, endurnýja, breyta, hafna eða afturkalla leyfi skal birta ásamt rökstuðningi, hömlurnar sem settar eru samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skulu ekki gilda.

⁴ Eftirlitsstofnun EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussel, Belgíu.

4. Eins og kveðið er á um í 3. gr. er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga vegna beitingar 1. gr. í bókun 25 við EES-samninginn og þessarar greinar, annaðhvort með því að leggja fram sérstaka beiðni hjá hlutaðeigandi aðilum eða með ákvörðunum þar sem fram kemur hvaða samningar, ákvarðanir eða aðgerðir verður að tilkynna til hennar.
5. Eftirlitsstofnun EFTA skal ein hafa lögsögu um hvort slíkir samningar eða ákvarðanir samrýmist 1. gr. í bókun 25 við EES-samninginn, með fyrirvara um réttinn til að hefja málsókn fyrir EFTA-dómstólnum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, og skilyrðin sem sett eru fram í 55. gr. EES-samningsins og bókunum 22 og 25 við hann.
6. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að sekta eða beita dagsektum hvert það fyrirtæki sem hefur gert samning sem er sjálfkrafa ógildur samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í bókun 25 við EES-samninginn, eða hefur framfylgt eða reynt að framfylgja með gerðardómi, fávíti, með því að sniðganga eða með öðrum hætti, samningi eða ákvörðun sem er sjálfkrafa ógild, eða samningi sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir eða það afturkallað, leyfi sem var veitt vegna upplýsinga sem vitað var að væru rangar eða villandi, eða sem hefur stundað starfshætti sem eru bannaðir samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 25 við EES-samninginn og skulu sektir þessar eða dagsektir ekki nema hærri upphæð en tvöfaldri veltu varanna sem samningurinn, ákvörðunin eða aðgerðinni sem var bönnuð samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 25 við EES-samninginn náði yfir, en ef tilgangurinn með samningnum, ákvörðuninni eða aðgerðinni hins vegar er að takmarka framleiðslu, tæknipróun eða fjárfestingu má hækka hámarkið um 10% af ársveltu viðkomandi fyrirtækja sé um sektir að ræða og um 20% af daglegri veltu sé um dagsektir að ræða.

2. gr.

1. Þegar metið er hvort kröfurnar í 2. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn eru uppfylltar skal Eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við meginregluna um bann við mismunun, taka tillit til stærðar samsvarandi fyrirtækja á yferráðasvæði sem EES-samningurinn gildir um, að því marki sem hún telur réttlætanlegt, til að komast hjá eða leiðrétta óhagræði sem stafar af ójafnri samkeppnisstöðu.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að veita leyfi með fyrirvara um aðstæður sem hún telur viðeigandi að því er varðar 2. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal afla athugasemda frá hlutaðeigandi ríkisstjórnnum áður en hún úrskurðar um viðskipti varðandi fyrirtæki, þar sem a.m.k. eitt fellur ekki undir 3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn.
4. Með fyrirvara um beitingu 3. gr. gagnvart fyrirtækjum sem falla undir lögsögu Eftirlitsstofnunar EFTA, getur eftirlitsstofnunin fengið allar nauðsynlegar upplýsingar til að beita 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn og núverandi grein um viðskipti sem geta valdið þeim áhrifum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn, frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa aflað eða endurflokkað eða hyggjast eignast eða endurflokka réttindi og fjármuni sem um er að ræða.
5. Ef samfylking á sér stað og Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að henni hafi verið komið á þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn en uppfylli engu að síður skilyrði 2. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn, er samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA á samfylkingunni háð því að greiðslur einstaklinganna, sem hafa eignast eða endurflokkað réttindi þau eða fjármuni sem um er að ræða með tilliti til sektarinnar sem kveðið er á um í b-lið 12. gr., skal upphæð sektarinnar a.m.k. nema helmingi hámarksfjárhæðar í þeirra undirgrein b, ef ekki fer á milli mála að sækja bar um leyfið. Ef sektin er ekki greidd skal Eftirlitsstofnun EFTA grípa til þeirra ráðstafana sem kveðið er á um hér á eftir, hvað varðar samfylkingar sem teljast ólöglegar.
6. Ef samfylking á sér stað og Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að hún geti ekki uppfyllt þau almennu eða sérstöku skilyrði sem leyfi samkvæmt 2. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn væri háð, skal Eftirlitsstofnun EFTA, með rökstuddri ákvörðun, lýsa því yfir að samfylkingin sé ólögleg og, eftir að hafa veitt aðilum þeim sem um er að ræða færi á að koma athugasemdum sínum á framfæri, fyrirskipa aðskilnað fyrirtækjanna eða fjármunanna sem með óréttmætum hætti var samfylkt, stöðva sameiginleg yferráð og grípa til annarra ráðstafana sem hún telur viðeigandi til að breyta fyrirtækjum þeim eða fjármunum sem um er að ræða í sjálfstæðan rekstur og koma aftur á venjulegum samkeppnisskilyrðum. Allir einstaklingar sem málið varðar beint geta höfðað mál til að fá slíkum ákvörðunum hnekkkt eins og kveðið er á um í b-lið

2. mgr. 108 gr. EES-samningsins og 18. gr. þessa samnings. Í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og með viðeigandi ákvæðum þessa samnings skal EFTA-dómstóllinn hafa ótakmarkaða lögsögu til að meta hvort viðskiptin sem framkvæmd voru séu samfylking í merkingu 1. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn, og um gerðirnar á sviði kola og stáls í XIV. viðauka við EES-samninginn. Upphaf málsmeðferðar skal hafa áhrif til frestunar. Málsmeðferð hefst ekki fyrr en skipað hefur verið fyrir um ráðstafanirnar sem kveðið er á um hér að framan nema Eftirlitsstofnun EFTA samþykki sérstaka málsmeðferð til að hnekkja þeim úrskurði að viðskiptin séu ólögleg.
7. Eftirlitsstofnun EFTA getur, hvenær sem er, gripið til eða látið gripa til tímabundinna verndar-ráðstafana þar sem hún telur nauðsynlegt að vernda hagsmuni fyrirtækja í samkeppni og þriðju aðila, og til að koma í veg fyrir allar aðgerðir sem geta hindrað að ákvarðanir hennar komist til framkvæmda, nema þegar 41. gr. þessa samnings er beitt. Málsmeðferð skal ekki hafa áhrif til frestunar hvað slíkar tímabundnar ráðstafanir varðar nema EFTA-dómstóllinn ákveði annað.
 8. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita viðkomandi aðilum hæfilegan tíma til að fara að ákvörðunum hennar, að honum liðnum getur stofnunin lagt á dagsektir sem fara ekki yfir tíunda hluta af 1% verðgildis réttinda þeirra og fjármuna sem um er að ræða.
 9. Enn fremur skal Eftirlitsstofnun EFTA sjálf gera ráðstafanir til að ákvörðun hennar verði tekin upp ef viðkomandi aðilar uppfylla ekki skuldbindingar sínar.
 10. Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig heimild til að beina nauðsynlegum tilmælum til viðkomandi EFTA-ríkja til að tryggja að ráðstafanirnar sem kveðið er á um í undanfarandi málsgreinum séu teknar upp samkvæmt þeirra eigin lögum.
 11. Við beitingu valds síns skal Eftirlitsstofnun EFTA hafa hliðsjón af réttindum þriðja aðila sem fengin voru í góðri trú.
 12. Sektir sem Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að beita mega ekki vera hærrí en:
 - a) 3% af verðgildi eigna einstaklinga eða lögaðila, sem þeir hafa eignast eða flokkað á ný eða ráðgert er að eignast eða flokka á ný, og hafa komið sér undan skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 4. lið,
 - b) 10% af verðgildi eigna einstaklinga eða lögaðila, sem þeir hafa eignast eða flokkað á ný, og hafa komið sér undan skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn, skal þetta hámark hækka um einn tuttugasta og fjórða hluta fyrir hvern mánuð sem líður eftir lok tólfta mánaðar frá því gengið var frá viðskiptunum þar til Eftirlitsstofnun EFTA ákvarðar að brot hafi átt sér stað.
 - c) 10% af verðgildi eigna einstaklinga eða lögaðila, sem þeir hafa eignast eða flokkað á ný eða ráðgert er að eignast eða flokka á ný, og hafa fengið eða reynt að fá leyfi skv. 2. mgr. 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn með röngum eða villandi upplýsingum.
 - d) 15% af verðgildi eigna fyrirtækja sem þau hafa eignast eða flokkað á ný, sem heyra undir lögsögu stofnunarinnar og hafa stundað eða verið aðilar að viðskiptum sem brjóta í bága við ákvæði 2. gr. í bókun 25 við EES-samninginn eða við þessa grein.
 13. Einstaklingar sem sektaðir eru skv. 12. gr. geta áfrýjað til EFTA-dómstólsins eins og kveðið er á um í 35. gr við þennan samning.

3. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að afla upplýsinga sem hún þarfnast til að geta sinnt verkefnum sínum. Henni er heimilt að láta nauðsynlegt eftirlit fara fram.
2. Með fyrirvara um 2. mgr. 9. gr. og 2. og 3. mgr. 10. gr. í bókun 23 við EES-samninginn má Eftirlitsstofnun EFTA ekki birta upplýsingar sem hún hefur fengið vitneskju um vegna beitingar 55. og 58. gr. við EES-samninginn, bókunar 25 við hann og ákvæða þessa kafla, og sem er af því tagi að þagnarskylda gildir um þær, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti. Þessi skylda tekur einnig til fulltrúa framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB sem taka þátt í störfum ráðgjafarnefndarinnar skv. 2. mgr. 14. gr. í II. kafla og í skýrslugjöf skv. 3. mgr. 14. gr. í III. kafla.
Með fyrirvara um þennan fyrirvara skal hún birta gögn sem geta verið gagnleg fyrir ríkisstjórnir eða alla aðra viðkomandi aðila.

3. Eftirlitsstofnun EFTA getur beitt þau fyrirtæki sektum og dagsektum sem koma sér undan skuldbindingum sínum samkvæmt ákvörðunum sem teknar eru í samræmi við þessa grein, eða sem láta vísitandi rangar upplýsingar í té. Hámarksfjárhæð þessara sekta skal vera 1% af ársveltu og verða hámarksfjárhæðið slíkra dagsekta 5% af meðaltali dagsveltu fyrir hvern dag sem töf á sér stað.
4. Brot á þagnarskyldu af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA sem valdið hefur fyrirtæki tjóni getur verið tilefni aðgerðar til bóta fyrir EFTA-dómstólnum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 39. gr.

4. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA verður að gefa viðkomandi aðila tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri áður en hún setur fjárhagsleg viðurlög eða skipar fyrir um dagsektir, eins og kveðið er á um í þessum kafla.

5. gr.

Velta sem lögð er til grundvallar útreikningum á sektum og dagsektum sem settar eru á fyrirtæki samkvæmt þessum kafla skal vera velta varanna sem um getur í bókun 14 við EES-samninginn.

II. ÞÁTTUR
UPPLÝSINGAR SEM LÁTA SKAL Í TÉ (4. MGR. 2. GR I. ÞÁTTAR)
FYRSTI HLUTI
LÖGBODNAR TILKYNNINGAR.

1. gr.

Allir einstaklingar og fyrirtæki, að undanskildum einstaklingum á yfirráðasvæði sem EES-samningurinn tekur til, sem starfa við kola- og stálframleiðslu eða við dreifingu þessara vara á annan hátt en með sölu til neytenda sem kaupa til einkanota eða til handiðnaðar, skulu leggja fram upplýsingar eins og kveðið er á um í þessum þætti, ef þær hafa áhrif á viðskipti eins og tilgreint er í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Þeir einstaklingar sem getið er um í 1. gr. skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um öflun réttinda í fyrirtæki sem fellur undir 3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn og yfirtöku valds til að beita réttindum, fyrir þeirra hönd eða þriðja aðila, í slíkum fyrirtækjum, og afla með því meira en 10% atkvæðaréttar á hluthafafundum eða fundum annarra aðila í slíku fyrirtæki, og þar sem heildarvirði réttinda sem þeir ráða yfir er meira en 100 000 evrópskar mynteiningar (ECU). Öll réttindi, eða umboð til að neyta réttinda fyrir hönd annarra, sem viðkomandi einstaklingar höfðu með höndum áður en viðskiptin sem um er að ræða áttu sér stað, skulu höfð með í útreikningunum.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda líka um öflun réttinda í fyrirtæki sem hefur með höndum stjórn fyrirtækis sem fellur undir 3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn.

4. gr.

1. Bankar og fulltrúar þeirra skulu undanþegnir þeirri skyldu að tilkynna viðskiptin sem um getur í 2. og 3. gr. ef beiting atkvæðisréttar tengist:
 - hlutabréfum viðskiptavina þeirra eða annarra banka, eða
 - skráðum hlutabréfum eða skuldabréfum vegna hverra bankinn á rétt á að annast fjármunavörslu fyrir hönd viðskiptavina sinna.
2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á:
 - skyldu banka til að láta í té upplýsingar um slík viðskipti skv. 7. gr.,
 - skyldu viðskiptavina þeirra til að tilkynna um slík viðskipti, í samræmi við 2. og 3. gr. eða til að láta í té upplýsingar skv. 7. gr.

5. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA getur, að fengnu sérstöku leyfi og með fyrirvara um tiltekin skilyrði, veitt undanþágu frá þeirri skyldu að tilkynna viðskiptin, sem getið er um í 2. og 3. gr. til tilhlýðilega viðurkennendra verðbréfamíðlara ef þeir neyta ekki atkvæðisréttar síns, sem liggja að baki skuldabréfunum sem þeir hafa í sinni umsjá.

6. gr.

Tilkynningin sem 2. og 3. gr. kveða á um skal gerð innan fjögurra vikna frá þeim degi er einstaklingurinn sem skylt er að leggja fram tilkynningu, fékk vitneskju um viðskiptin sem um var að ræða.

ANNAR HLUTI

Sérstakar beiðnir um upplýsingar.

7. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA getur, með sérstakri beiðni, aflað allra nauðsynlegra upplýsinga frá einstaklingunum sem nefndir eru í 1. gr. til framkvæmdar 2. gr. í I. þætti, varðandi:
 - 1) yfirtöku eignarhalds eða notkunarrétt á athafnasvæði, iðjuveri eða sérleyfis fyrirtækis ef þessi athafnasvæði, iðjuver eða sérleyfi voru notuð við rekstur fyrirtækisins fyrir yfirtöku,
 - 2) yfirtöku réttinda í fyrirtæki, veitingu umboðs til atkvæðisréttar á hluthafafundum eða fundum annarra aðila í fyrirtækinu,
 - 3) yfirtöku valds til að beita réttindum, fyrir þeirra hönd eða þriðju aðila, þeirrar gerðar sem um getur í 2. undirgrein og á við um þriðju aðila,
 - 4) yfirtöku valds, með samningi, til að taka ákvarðanir hvernig hagnaður fyrirtækis er færður samkvæmt reikningum eða honum beitt,
 - 5) yfirtöku valds til að taka þátt í stjórnun fyrirtækis, einn eða með öðrum, sem eigandi, rétthafi, framkvæmdastjóri eða meðlimur í framkvæmdastjórn,
 - 6) skipan stjórnar fyrirtækis.
2. Einstaklingar þeir sem skylt er að veita upplýsingar verða einnig að gefa Eftirlitsstofnun EFTA upp nafn og heimilisfang raunverulegs eiganda viðkomandi réttinda ef stofnunin óskar eftir því, ef það er á þeirra valdi:
 - að beita réttindunum sem um getur í 1. mgr. í krafti forræðis fyrir hönd þriðja aðila,
 - að beita réttindum, fyrir þeirra hönd eða þriðju aðila, sem um getur í 1. gr. og á við um þriðju aðila.

III. ÞÁTTUR

FYRNINGARFRESTUR Í MÁLSMEÐFERÐ OG TIL FULLNUSTU VIÐURLAGA SAMKVÆMT BÓKUN 25 VIÐ EES-SAMNINGINN OG ÞESSUM KAFLA.

1. gr.

Fyrningarfrestur við málsmeðferð.

1. Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að beita sektum vegna brota á ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins og bókun 25 við hann, eða vegna ákvæða í þessum kafla, eru með fyrirvara um fyrningarfrest:
 - a) til þriggja ára þegar um er að ræða brot á ákvæðum varðandi umsóknir eða orðsendingar milli aðila, kröfum um upplýsingar, ákvæðum eða framkvæmd rannsókna,
 - b) til fimm ára fyrir öll önnur brot.
2. Fresturinn hefst á þeim degi sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

2. gr.

Hlé á fyrningarfresti við málsmeðferð.

1. Allar aðgerðir sem Eftirlitsstofnunar EFTA grípur til að því er varðar forrannsókn eða málsmeðferð er varðar brot skulu rjúfa fyrningarfrest hvað varðar málsmeðferð. Hlé er gert á fyrn-

ingarfresti frá og með þeim degi sem a.m.k. einum aðila, sem aðild á að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina.

Aðgerðir, sem valda því að gert er hlé á fyrningarfresti, eru einkum:

- a) skriflegar beiðnir um upplýsingar eða úrskurði frá Eftirlitsstofnun EFTA eða ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem farið er fram á umbeðnar upplýsingar,
 - b) skrifleg umboð til að framkvæma rannsóknir sem Eftirlitsstofnun EFTA felur starfsmönnum sínum, eða ákvörðun stofnunarinnar um að fyrirskipa rannsókn.
 - c) upphaf málsmeðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA,
 - d) tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um bréf sem veitir viðkomandi aðila tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri, samkvæmt 4. gr. 1. þáttar.
2. Hlé á fyrningarfresti skal gilda gagnvart öllum aðilum sem eiga aðild að brotinu.
 3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ákvarðað sekt eða févíti, það tímabil framlengist um þann tíma sem hlé er gert á fyrningarfrestinum, samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Frestun á fyrningarfresti í málsmeðferð.

Fyrningarfresti í málsmeðferð skal frestað á meðan ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er til meðferðar fyrir EFTA-dómstólum.

4. gr.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga.

1. Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að framfylgja úrskurðum um að leggja á sektir eða dagsektir fyrir brot á ákvæðum EES-samningsins, eða ákvæðum um framkvæmd hans, er með fyrirvara um fimm ára fyrningarfrest.
2. Fresturinn hefst á þeim degi sem lokaákvörðun er tekin í málinu.

5. gr.

Hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga.

1. Gera skal hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga:
 - a) með tilkynningu um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar eða dagsektar eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,
 - b) Eftirlitsstofnun EFTA eða EFTA-riki að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslu á sekt eða dagsekt.
2. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

6. gr.

Frestun á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga skal felldur niður tímabundið þegar:

- a) greiðslufrestur er veittur eða
- b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun EFTA-dómstólsins.

IV. ÞÁTTUR

VALDSVIÐ EMBÆTTISMANNA OG FULLTRÚA EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA SEM FALIÐ ER AÐ SINNA EFTIRLITI SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í BÓKUN 25 VIÐ EES-SAMNINGINN OG ÞESSUM KAFLA.

1. gr.

1. Embættismönnum og fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA sem falið er að sinna eftirliti með fyrir-tækjum sem kveðið er á um í bókun 25 og XIV. viðauka við EES-samninginn og ákvæði þessa kafla, einkum 1. mgr. 3. gr. III. þáttar, er hér með veitt umboð:

- a) til að skoða bókhald og viðskiptaskjöl, eftir því sem þurfa þykir að því er eftirlitið varðar, þ.m.t. gögn í hvers konar sjálfvirkum kerfum, án tillits til þess hvar þessi bókhalds- og viðskiptaskjöl eru geymd,
 - b) til að taka afrit eða ljósrit eða gera útdrætti úr bókhalds- og viðskiptaskjölunum, þ.m.t. gögn sem geymd eru í hvers konar sjálfvirkum kerfum,
 - c) til að krefjast munnlegra skýringa á staðnum,
 - d) til að fara inn á athafnasvæði, landsvæði eða í flutningatæki fyrirtækja og allra þriðju aðila þar sem bókhalds- og viðskiptaskjöl hafa verið lögð inn, og við það fylgjast með fyrrnefndum bókhalds- og viðskiptaskjölum til að geta valið þau sem eiga við og á að leggja fram til skoðunar.
2. Væntanlegar skoðunarheimsóknir og staða embættismannanna skal tilkynnt viðkomandi ríki með viðeigandi hætti. Embættismenn þess ríkis geta, að ósk þess eða Eftirlitsstofnunar EFTA, aðstoðað embættismenn stofnunarinnar við verkefni sín.
 3. Fyrirtæki skulu aðstoða embættismenn og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA við að inna af hendi skyldur sínar.

2. gr.

Embættismenn og fulltrúar Eftirlitsstofnunar EFTA sem falið er að sinna eftirliti skulu beita valdi sínu þegar fyrir liggur skrifleg heimild sem tilgreinir tilganginn með eftirlitinu. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig útvega þeim fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem munu taka þátt í athuguninni í samræmi við 3. mgr. 8. gr. í bókun 23 við EES-samninginn, slíkt umboð.

3. gr.

Fyrirtæki skulu fara að skuldbindingum sem lagðar eru á skv. 1. gr. þessa þáttar, án þess að grípa þurfi til einstakra ákvarðana vegna þess, sé þessa ekki gætt hefur það í för með sér sektir og féviti eins og kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. I. þáttar.

V. HLUTI

FYRNINGARFRESTIR, BRÁÐABIRGÐAREGLUR OG AÐRAR REGLUR

VII. KAFLI

**FYRNINGARFRESTIR VIÐ MÁLSMEÐFERÐ OG FULLNUSTU
VIÐURLAGA SAMKVÆMT ÞEIM REGLUM SEM VARÐA FLUTNINGA
OG SAMKEPPNI Í IV. OG V. KAFLA**

1. gr.

Fyrningarfrestir við málsmeðferð.

1. Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að leggja á sektir og viðurlög fyrir brot á reglum EES-samningsins sem varða flutninga og samkeppni skal háð eftirfarandi fyrningarfrestum:
 - a) þrjú ár þegar um er að ræða brot á ákvæðum varðandi umsóknir eða tilkynningar fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, beiðnum um upplýsingar eða framkvæmd athugana,
 - b) fimm ár fyrir öll önnur brot.
2. Fresturinn hefst á þeim degi sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.

2. gr.

Hlé á fyrningarfresti við málsmeðferð.

1. Allar aðgerðir sem Eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn EB að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 8. gr. í bókun 23 við EES-samninginn, eða EFTA-ríki sem aðhefst að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, grípa til, að því er varðar forrannsókn eða málsmeðferð er varðar brot, skulu rjúfa fyrningarfrest hvað varðar málsmeðferð. Hlé er gert á fyrningarfresti frá og með þeim degi sem a.m.k. einu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, sem aðild eiga að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina. Aðgerðir, sem valda því að gert er hlé á fyrningarfresti, eru einkum:

- a) skriflegar beiðnir um upplýsingar frá Eftirlitsstofnun EFTA eða lögbæru yfirvaldi EFTA-ríkis sem aðhefst að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA eða ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA að krefjast umbeðinna upplýsinga,
 - b) skriflegt umboð til að framkvæma rannsóknir sem Eftirlitsstofnun EFTA eða lögbær yfirvöld í EFTA-ríki fela starfsmönnum sínum, að beiðni eftirlitsstofnunarinnar eða ákvörðun stofnunarinnar um að fyrirskipa rannsókn,
 - c) upphaf málsmeðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA,
 - d) tilkynning um andmæli af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.
2. Hlé á fyrningarfresti skal gilda gagnvart öllum fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem eiga aðild að brotinu.
 3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ákvarðað sekt eða févíti, það tímabil framlengist um þann tíma sem hlé er gert á fyrningarfrestinum, samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Frestun á fyrningarfresti í málsmeðferð.

Fyrningarfresti í málsmeðferð skal frestað á meðan ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er til málsmeðferðar fyrir EFTA-dómstólum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðkomandi ákvæði þessa samnings.

4. gr.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga.

1. Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að framfylgja úrskurðum um að leggja á sektir, févíti eða reglubundnar greiðslur fyrir brot á reglum EES-samningsins sem varða flutninga eða samkeppni er með fyrirvara um fimm ára fyrningarfrest.
2. Fresturinn hefst á þeim degi sem lokaákvörðun er tekin í málinu.

5. gr.

Hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga.

1. Gera skal hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga:
 - a) með tilkynningu um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar, févítis eða dagsekta, eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,
 - b) Eftirlitsstofnun EFTA eða EFTA-ríki að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslu á sekt, févíti eða dagsektum.
2. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

6. gr.

Frestun á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga skal felldur niður tímabundið þegar:

- a) greiðslufrestur er veittur eða
- b) Fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun EFTA-dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings.

7. gr.

Undantekning.

Þessi kafli gildir ekki um ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt II. kafla þessarar bókuar um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 53. og 54.gr. EES-samningsins.

VIII. KAFLI⁵
BRÁÐABIRGÐAREGLUR OG AÐRAR REGLUR
 I. ÞÁTTUR
REGLUR SEM GILDA UM FYRRVERANDI KAFLA II TIL XII OG XV.

1. gr.

Tilkynningar um gildandi samninga, ákvarðanir og aðgerðir.

1. Tilkynna skal um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem eru í gildi á gildistökudegi EES-samningsins og eiga við um aðila, sem leita eftir beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, til Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt ákvæðum 56. gr. EES-samningsins, reglunum sem um getur í 1. til 3. gr. í bókun 21 og bókun 23 við EES-samninginn, ásamt III., VI., VII., IX., X., XI., XII. og XV. kafla, innan sex mánaða frá gildistökudegi EES-samningsins.
2. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og falla undir 2. mgr. 4. gr. II. kafla, en tilkynna má um ofangreind atriði til Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 56. gr. EES-samningsins, reglunum sem um getur í 1. til 3. gr. í bókun 21 og bókun 23 við EES-samninginn, ásamt III., VI., VII., IX., X., XI., XII. and XV. kafla.

2. gr.

Ákvarðanir samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

1. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun skv. 3. mgr. 53. gr. við EES-samninginn skal hún tilgreina þar frá hvaða degi ákvörðunin tekur gildi. Sá dagur skal ekki vera fyrir en dagurinn þegar tilkynnt er um ákvörðunina.
2. Annar málsliður 1. mgr. gildir hvorki um samninga, ákvarðanir né samstilltar aðgerðir sem falla undir 2. mgr. 4. gr. í II. kafla og 2. mgr. 1. gr. þessa kafla, né þær sem falla innan 1. mgr. 1. gr. sem tilkynnt hefur verið um innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr. 1. gr.

3. gr.

Sérákvæði um gildandi samninga, ákvarðanir og aðgerðir.

1. Ef samningar, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir, eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem eru í gildi á gildistökudegi EES-samningsins og tilkynnt er um þær innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr. 1. gr. þessa kafla, uppfylla ekki kröfurnar í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins og viðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hætta að framfylgja þeim eða breyta þannig að þær falla ekki lengur undir bannið í 1. mgr. 53. gr., eða að þær uppfylli kröfurnar í 3. mgr. 53. gr., skal bannið í 1. mgr. 53. gr. aðeins gilda í þann tíma sem Eftirlitsstofnun EFTA tiltekur. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt framangreindum málslið, skal ekki gilda um fyrirtæki og samtök fyrirtækja sem samþykktu tilkynninguna ekki sérstaklega.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir sem falla undir 2. mgr. 4. gr. II. kafla og eru í gildi á gildistökudegi EES-samningsins, ef tilkynnt er um þær innan sex mánaða frá þeirri dagsetningu.

4. gr.

Umsóknir og tilkynningar sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórn EB fyrir gildistökudag EES-samningsins skulu teljast fara að ákvæðum um umsóknir og tilkynningar samkvæmt þeim samningi.

Samkvæmt 56. gr. EES-samningsins og 10. gr. bókunar 23 við EES-samninginn getur Eftirlitsstofnun EFTA farið fram á rétt útfyllt eyðublað eins og mælt er fyrir um til að framkvæma EES-samninginn og á að senda það stofnuninni innan þeirra tímamarka sem hún setur. Í því tilviki skal því aðeins fara með umsóknir og tilkynningar sem fullfrágengnar ef eyðublöð eru lögð fram innan tilskilins tímabils og í samræmi við ákvæði EES-samningsins og II., III., V., VII., X., XII. og XV. kafla þessarar bókunar.

⁵ Með ákvæðum VIII. kafla er mælt fyrir um bráðabirgðaákvæði og önnur ákvæði sem tengjast gildistöku EES-samningsins og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól árið 1994. Öll bráðabirgðaákvæði sem samþykkt hafa verið síðar eru tekin upp í viðeigandi kafla þessarar bókunar.

5. gr.

Sektir.

Sektir fyrir brot á 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins skulu ekki settar hvað varðar athöfn sem á sér stað áður en tilkynnt er um samningana, ákvarðanirnar og samstilltu aðgerðirnar sem 1. og 2. gr. þessa kafla gilda um og sem hafa verið tilkynnt innan þess tímabils sem þar er tilgreint.

6. gr.

EFTA-ríkin skulu tryggja að ráðstafanirnar sem veita aðstoð sem býðst embættismönnum Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB til að framkvæma rannsóknir sínar eins og gert er ráð fyrir í samningnum, séu gerðar innan sex mánaða frá gildistöku EES-samningsins.

7. gr.

Að því er varðar samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem eru í gildi á gildistöku EES-samningsins og falla undir 1. mgr. 53. gr. hans, gildir bannið í 1. mgr. 53. gr. ekki ef samningunum, ákvörðununum og hinum samstilltu aðgerðum er breytt innan sex mánaða frá gildistöku EES-samningsins til að uppfylla skilyrðin um hópundanþágu sem kveðið er á um í XIV. viðauka við EES-samninginn.

8. gr.

Að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem eru í gildi á gildistöku EES-samningsins og falla undir 1. mgr. 53. gr. hans, gildir bannið í 1. mgr. 53. gr. ekki frá gildistöku samningsins ef samningunum, ákvörðununum og hinum samstilltu aðgerðum er breytt innan sex mánaða frá gildistöku EES-samningsins til að falla ekki lengur undir bann-ákvæði 1. mgr. 53. gr.

9. gr.

Samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem hafa ávinning af einstakri undanþágu sem veitt er skv. 3. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu fyrir gildistöku EES-samningsins, skulu áfram vera undanþegnar ákvæðum EES-samningsins þar til þeir falla úr gildi, eins og kveðið er á um í ákvörðununum sem veita þessar undanþágur eða þar til framkvæmdastjórn EB ákveður annað, eftir því hvor dagsetningin er á undan.

II. ÞÁTTUR

REGLUR SEM GILDA UM FYRRVERANDI XIII. OG XIV. KAFLA.

10. gr.

Gerðin, sem um getur í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89, og XIII. kafli skal ekki gilda um neina samfylkingu sem samið eða tilkynnt var um, eða þar sem yfirráðum var náð í skilningi 1. mgr. 4. gr. umræddrar gerðar fyrir gildistöku EES-samningsins, og gilda ekki undir neinum kringumstæðum um nokkra samfylkingu hafi lögbært yfirvald í EFTA-ríki, sem ber ábyrgð á samkeppni, hafið málarekstur fyrir gildistöku.

II. VIÐAUKI
VIÐ SAMNINGINN FRÁ 18. NÓVEMBER 2009
UM BREYTINGU Á BÓKUN 4 VIÐ SAMNINGINN MILLI EFTA-RÍKJANNA
UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS

I. VIÐBÆTIR
EYÐUBLAÐ C

KVÖRTUN SKV. 7. GR. II. KAFLA

I. Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun og fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem kvörtunin varðar.

1. Veita skal allar upplýsingar um þann lögaðila eða einstakling sem ber fram kvörtunina. Ef fyrirtæki leggur fram kvörtun skal tilgreina fyrirtækjasamstæðuna sem það tilheyrir og gefa nákvæmt yfirlit yfir eðli og umfang starfseminnar. Gefið upp tengilið (ásamt símanúmeri, póstfangi og netfangi) þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. Tilgreinið fyrirtæki eða samtök fyrirtækja þar sem kvartað er yfir starfseminni, þ.m.t. ef við á, allar tiltækar upplýsingar um fyrirtækjasamstæðuna sem fyrirtækið eða fyrirtækin, sem kvörtunin beinist að, tilheyrir og eðli og umfang starfsemi þeirra. Tilgreinið stöðu kvartanda gagnvart fyrirtækinu/fyrirtækjunum eða samtökum fyrirtækja sem kvartað er yfir (t.d. viðskiptavinur eða samkeppnisaðili).

II. Ítarlegar upplýsingar um meint brot og sönnunargögn.

3. Greinið nákvæmlega frá staðreyndum sem talið er að bendi til þess að um brot sé að ræða á ákvæðum 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Tilgreinið einkum hvers eðlis varan er (vara eða þjónusta) sem hið meinta brot hefur áhrif á og útskýrið, ef þörf krefur, viðskiptatengsl varðandi þessar vörur. Gefið upp í einstökum atriðum allar fyrirbyggjandi upplýsingar um samninga eða starfsvenjur fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja sem þessi kvörtun varðar. Tilgreinið, að svo miklu leyti sem unnt er, hlutfallslega markaðsstöðu fyrirtækjanna sem kvörtunin varðar.
4. Leggið fram öll skjöl í yðar vörslu sem varða eða tengjast beint þeim staðreyndum sem settar eru fram í kvörtuninni (t.d. texta samninga, fundargerðir samningaviðræðna eða funda, viðskiptaskilmála, viðskiptaskjöl, umburðarbréf, bréfaskeipti, minnisatriði frá símtölum...). Tilgreinið nöfn og heimilisföng aðila sem geta vottað þær staðreyndir sem eru settar fram í kvörtuninni, einkum þeirra sem hið meinta brot hefur áhrif á. Leggið fram tölulegar upplýsingar eða önnur gögn í yðar vörslu sem tengjast staðreyndunum sem eru settar fram, einkum þar sem þau sýna þróun á markaði (t.d. upplýsingar varðandi verð og verðþróun, aðgangshindranir á markaði fyrir nýja birgja o.s.frv.).
5. Setjið fram sjónarmið yðar varðandi landfræðilegt umfang meints brots og útskýrið, þar sem það er ekki augljóst, að hve miklu leyti sú háttsemi, sem kvartað er yfir, kann að hafa áhrif á viðskipti á milli aðildarríkja EB eða á milli Bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja eða milli EFTA-ríkjanna.

III. Niðurstöður fengnar frá Eftirlitsstofnun EFTA og lögmætir hagsmunir.

6. Útskýrið hvaða niðurstöðu eða aðgerðum óskað er eftir að málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA skili.
7. Setja skal fram ástæður sem liggja að baki kröfunni um lögmæta hagsmuni skv. 7. gr. í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Einkum skal gera grein fyrir því á hvern hátt háttsemin, sem kvörtun er lögð fram gegn, hefur áhrif á þann sem kvartar og, álit á því hvernig afskipti Eftirlitsstofnunar EFTA væru líkleg til að bæta meint kvörtunarmál.

IV. Málsmeðferð fyrir innlendum samkeppnisfyrivöldum eða innlendum dómstólum.

8. Veita skal allar upplýsingar um það hvort leitað hafi verið til einhverra annarra samkeppnis-yfirvalda varðandi sama málefni eða nátengt málefni og/eda hvort málinu hafi verið vísað til innlends dómstóls. Ef sú er raunin skal veita allar upplýsingar um stjórnsýslu- eða dómsmála-yfirvaldið sem leitað var til og um það hvaða gögn hafi verið lögð fyrir slíkt yfirvald.

Yfirlýsing þess efnis að upplýsingarnar, sem koma fram á þessu eyðublaði og í viðaukum við það, séu veittar í góðri trú.

Dagsetning og undirskrift

II. VIÐBÆTIR

EYÐUBLAÐ CO VARÐANDI TILKYNNINGU UM SAMFYLKINGU FYRIRTÆKJA SAMKVÆMT GERÐINI SEM UM GETUR Í 1. TÖLUL. XIV. VIÐAUKA VIÐ EES-SAMNINGINN (REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) NR. 139/2004)

1. INNGANGUR

1.1. Tilgangurinn með eyðublaðinu.

Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem tilkynningaraðilum ber að veita þegar þeir leggja fram tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA um fyrirhugaðan samruna, yfirtöku eða aðra samfylkingu fyrirtækja. Mælt er fyrir um samrunaefirlitskerfi Evrópska efnahagssvæðisins í 57. gr. EES-samningsins, 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og bókunum 21 og 24 við EES-samninginn. Mælt er fyrir um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði málsmeðferðar í bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól). Texta þessara gerða og önnur tengd skjöl er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA. Athygli er vakin á samsvarandi ákvæðum hjá Evrópu-sambandinu.⁶

Til að takmarka þann tíma og fjármuni, sem varið er þegar ólíkum málsmeðferðarreglum við samrunaefirlit er fylgt í mörgum mismunandi löndum, hefur samrunaefirlitskerfi verið komið á fót á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna eða Eftirlitsstofnun EFTA metur samfylkingar sem varða hagsmuni Bandalagsins eða EFTA (yfirleitt þegar aðilar að samfylkingu uppfylla tiltekin veltumörk)⁷ með einni málsmeðferð (samkvæmt meginreglunni um afgreiðslu á einum stað). Samruni sem ekki uppfyllir sett veltumörk kann að falla undir valdsvið þeirra yfirvalda í aðildarríkjum EB og/eða EFTA-ríkjunum sem annast samrunaefirlit. Valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA, skv. b-lið 2. mgr. 57. gr., er með fyrirvara um valdsvið aðildarríkja EB.

Í IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er gerð krafa um að Eftirlitsstofnun EFTA komist að niðurstöðu innan lögákveðins frests. Til að byrja með hefur Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna 25 virka daga til þess að ákvarða hvort heimila skuli samfylkinguna eða „hefja málsmeðferð“, þ.e. að ráðast í ítarlega rannsókn.⁸ Ákveði Eftirlitsstofnun EFTA að hefja málsmeðferð þarf hún að taka lokaákvörðun um aðgerðina innan 90 virkra daga frá þeim degi þegar málsmeðferðin hefst⁹.

Með tilliti til þessa frests og til að meginreglan um afgreiðslu á einum stað gangi upp er nauðsynlegt að Eftirlitsstofnun EFTA berist tímanlega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að framkvæma rannsókn og meta áhrif samfylkingarinnar á viðkomandi markaði. Því er nauðsynlegt að leggja fram tiltekið magn upplýsinga þegar tilkynningin er send.

Viðurkennt er að upplýsingarnar sem óskað er eftir á þessu eyðublaði séu mikilvægar. Reynslan hefur hins vegar sýnt að ekki er alltaf er þörf á öllum upplýsingunum til að rannsókn á fyrirhugaðri samfylkingu sé fullnægjandi heldur fer það eftir sérstökum eiginleikum málsins. Í samræmi við það er hvatt til að biðja Eftirlitsstofnun EFTA um að falla frá þeirri skyldu að veita tilteknar upplýsingar (undanþága) ef talið er að tilteknar upplýsingar sem farið er fram á í eyðublaðinu kunni að vera ónauðsynlegar að því er varðar rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA. Nánar um þetta í g-lið í þætti 1.3.

Það er afar nýtsamlegt bæði fyrir tilkynningaraðila og Eftirlitsstofnun EFTA að funda áður en tilkynning er lögð fram til að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar verða að koma fram í tilkynningunni enda er árangurinn í flestum tilvikum sá að tilskildum upplýsingum fækkar til

⁶ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 („samrunareglugerð EB“), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 („framkvæmdarreglugerðin“) eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1033/2008.

⁷ Hugtakið „samfylking“ er skilgreint í 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og hugtökin „hagsmunir Bandalagsins“ og „hagsmunir EFTA“ í 1. gr. hennar. Auk þess er í 5. mgr. 4. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól kveðið á um að við tilteknar aðstæður, þegar viðmiðunarmörk EFTA um veltu eru ekki virt, geti tilkynningaraðili farið fram á að Eftirlitsstofnun EFTA fari með fyrirhugaða samfylkingu sem mál sem varði hagsmuni EFTA.

⁸ Sjá 1. mgr. 10. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁹ Sjá 3. mgr. 10. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

muna. Tilkynningaraðilar geta vísað til bestu starfsvenja framkvæmdastjórnar EB við framkvæmd samrunaeftirlits EB en þar eru leiðbeiningar um fundi áður en tilkynning er lögð fram og undirbúning tilkynninga.

Auk þess er vakin athygli á því að heimilt er að tilkynna tilteknar samfylkingar, sem ekki er líklegt að samkeppni stafi vandi af, með því að nota einfaldað eyðublað sem fylgir með bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem III. viðbætur.

1.2. Hver á að leggja fram tilkynningu?

Sé um samruna að ræða, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn (samrunareglugerð EB), eða öflun sameiginlegra yfirlitáða í fyrirtæki, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. þessarar gerðar, skulu samrunaaðilar, eða þeir sem ná sameiginlegum yfirlitáðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni¹⁰.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

Sé um yfirtökubod í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

1.3. Krafan um að tilkynning sé rétt og fullnægjandi.

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Tilskiðlar upplýsingar ber að láta í té í réttum þætti þessa eyðublaðs.

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

- Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 2. og 4. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka, hefjast frestir samkvæmt IV. kafla, sem tengjast tilkynningum, ekki fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist allar upplýsingar sem fylgja skulu tilkynningunni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í IV. kafla.
- Þegar tilkynningaraðilar undirbúa tilkynningu sína skulu þeir ganga úr skugga um að nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer og tölvupóstföng, sem send eru Eftirlitsstofnun EFTA, séu nákvæm, viðeigandi og uppfærð.
- Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í tilkynningu sem ófullnægjandi upplýsingar (4. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn).
- Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningaraðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingunum viðtöku (1. mgr. 10. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og 2. og 4. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka).
- Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól geta tilkynningaraðilar sem, hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi, veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samanlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis. Auk þess er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt, samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 6. mgr. 8. gr. IV. kafla við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin byggist á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á.
- Heimilt að fara þess skriflega á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að).

Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar, og að reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar Eftirlitsstofnun EFTA getur aflað einhverra þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.

¹⁰ Sjá 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn.

- g) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, í fullri lengd eða styttri gerð, vanti ef talið er að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir rannsókn hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Rétt er að skýra frá þessu í samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA áður en að tilkynningu kemur og óska eftir því skriflega við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, skv. 2. mgr. 4. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

1.4. Hvernig ber að standa að tilkynningu?

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins. Kjósi fyrirtæki að beina tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA á tungumáli sem ekki er eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem falla undir valdsvið stofnunarinnar, eða er ekki vinnutungumál hennar, ber þeim jafnframt að láta fylgja með öllum skjölum þýðingu á einhverju opinberu tungumáli eða vinnutungumáli stofnunarinnar. Tungumálið, sem þýtt er á, er það tungumál sem Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að nota í samskiptum við fyrirtækin. Fylgiskjöl skal leggja fram á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af hinum opinberu tungumálum, sem um getur hér að framan, skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 11. þætti, og fylgiskjöl. Við frágang 7. til 9. þáttar þessa eyðublaðs eru tilkynningaráðilar hvattir til þess að skoða hvort best sé, fyrir skýrleika, sakir að setja þessa þætti fram í númeraröð, eða hvort hægt sé að flokka þá saman fyrir hvern markað þar sem áhrifa gætir (eða flokk markaða þar sem áhrifa gætir).

Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að allar helstu upplýsingar, einkum þær sem varða markaðshlutdeild aðilanna og helstu samkeppnisaðila þeirra, komi fram í meginmáli CO-eyðublaðs. Viðaukana við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Leggja skal fram samskiptaupplýsingar á sniði sem skrifstofa samkeppnismála og ríkisaðstoðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA leggur til. Brýnt er að allar samskiptaupplýsingar séu réttar svo rannsóknarferlið fari rétt fram. Ítrekuð tilvik um rangar samskiptaupplýsingar geta verið tilefni til að úrskurða að tilkynning sé ófullnægjandi.

Fylgiskjöl skal leggja fram á frummálinu, sé það ekki eitt af opinberum tungumálum ríkjanna sem falla undir valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA, eða vinnutungumál hennar, skal þýða þau á það tungumál sem notað er við meðferð málsins (4. mgr. 3. gr. í V. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynningaráðilum að staðfesta að þau séu rétt og óstýtt.

Senda skal frumritið og sex afrit af CO-eyðublaðinu og fylgiskjölum til skrifstofu samkeppnismála og ríkisaðstoðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA.

Tilkynninguna skal senda á póstfang Eftirlitsstofnunar EFTA¹¹ á því sniði sem Eftirlitsstofnunin tilgreinir. Tilkynningin skal berast Eftirlitsstofnun EFTA á virkum degi samkvæmt skilgreiningu í 24. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ef unnt á að vera að skrá hana samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga og fyrir kl. 16:00 á föstudögum og á virkum dögum næst á undan opinberum frídögum og öðrum frídögum eins og Eftirlitsstofnun EFTA fastsetur og birt er í EES-hluta Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau. Öllum öryggisfyrirmælum sem sett eru fram á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA verður að fylgja.

¹¹ Eftirlitsstofnun EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussel, Belgíu.

1.5. Trúnaðarkvaðir.

Í 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og, hvað viðkemur Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, 2. mgr. 17. gr. IV. kafla við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, er farið fram á það við framkvæmdastjórnina, Eftirlitsstofnun EFTA, aðildarríki EB og EFTA-ríkin, embættismenn þeirra og aðra opinbera starfsmenn, að þeir láti öðrum ekki í té vitneskju sem þeir hafa öðlast við beitingu 57. og 58. gr. EES-samningsins, bókunar 24 við EES-samninginn og, hvað viðkemur EFTA-ríkjunum, IV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaradila.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í lokuðu umslagi og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

1.6. Skilgreiningar og leiðbeiningar við útfyllingu þessa eyðublaðs.

Tilkynningaradili eða -aðilar: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynningaradilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaradili eða -aðilar: Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuböð berast í.

Hugtökin tilkynningaradili eða-aðilar og samfylkingaradili eða -aðilar taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðum og þessir aðilar, nema annað sé tekið fram.

Markaðir þar sem áhrifa gætir: Í 6. þætti þessa eyðublaðs er óskað eftir að tilkynningaradilar skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini enn fremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af tilkynntri aðgerð. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar getið er um markaði þar sem áhrifa gætir á eyðublaðinu er átt við markaði sem tilkynningaradilar skilgreina. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár“ á eyðublaðinu merkja almanaksár, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan tilkynningarárinu, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í þáttum 3.3 til 3.5, skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanirnar á þessu eyðublaði eru í viðeigandi greinar og málsgreinar gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka og IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól nema annað sé tekið fram.

1.7. Miðlun upplýsinga til starfsmanna og fulltrúa þeirra.

Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á þeim skuldbindingum sem aðilar að samfylkingu kunna að hafa, samkvæmt lögum Evrópska efnahagssvæðisins og/eða landslögum um upplýsingar og samráð vegna viðskipta sem tengjast samfylkingu, gagnvart starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra.

1. ÞÁTTUR LÝSING Á SAMFYLKINGU.

- 1.1. Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingarinnar þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingunni, eðli hennar (t.d. hvort um er að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið tilkynningaradila, markaðir þar sem áhrifa samfylkingarinnar mun

gæta (einnig helstu markaðir þar sem áhrifa gætir¹²), og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.

- 1.2. Leggja skal fram samantekt (allt að 500 orð) um þær upplýsingar sem kveðið er á um í þætti 1.1. Fyrirhugað er að birta samantektina á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA daginn sem tilkynnt er um samfylkinguna. Samantektina skal semja þannig að hún innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar eða viðskiptaleyndarmál.

2. ÞÁTTUR

UPPLÝSINGAR UM AÐILA.

- 2.1. Upplýsingar um tilkynningaraðila

Taka skal fram:

 - 2.1.1. heiti og pósthfang fyrirtækis,
 - 2.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,
 - 2.1.3. nafn, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupósthfang tengiliðar og stöðu hans, og
 - 2.1.4. pósthfang tilkynningaraðila (eða sérhvers tilkynningaraðila) sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA. Leggja skal fram nafn, símanúmer og tölvupósthfang aðila á þessu pósthfangi sem hefur heimild til að taka við tilkynningum.
- 2.2. Upplýsingar um aðra aðila¹³ að samfylkingu

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig (að undanskildum tilkynningaraðila eða -aðilum) skal taka eftirfarandi fram:

 - 2.2.1. heiti og pósthfang fyrirtækis,
 - 2.2.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,
 - 2.2.3. nafn, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupósthfang viðkomandi tengiliðar og stöðu hans, og
 - 2.2.4. pósthfang aðila (eða sérhvers aðila) sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA. Leggja skal fram nafn, tölvupósthfang og símanúmer aðila á þessu pósthfangi sem hefur heimild til að taka við tilkynningum.
- 2.3. Tilnefning fulltrúa

Ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi heimild til þess.

Í skriflegri staðfestingu verður að koma fram nafn og staða þeirra aðila sem veita slíka heimild. Veita skal eftirfarandi samskiptaupplýsingar um þá fulltrúa sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hvaða samfylkingaraðila sem vera skal og tilgreina umbjóðendur þeirra:

 - 2.3.1. nafn fulltrúa,
 - 2.3.2. pósthfang fulltrúa,
 - 2.3.3. nafn, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupósthfang tengiliðar, og pósthfang fulltrúa (í Brussel, ef um það er að ræða) sem unnt er að beina öllum pósti og skjölum til.

3. ÞÁTTUR

UPPLÝSINGAR UM SAMFYLKINGUNA.

- 3.1. Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Takið í þessu sambandi fram:
 - a) hvort fyrirhugað samfylking er alger samruni að lögum, yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í fullum rekstri, í skilningi 4. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka, við EES-samninginn, eða hvort hún verður til með samningi eða með öðrum hætti sem leiðir til beinna eða óbeinna yfiráða í skilningi 2. mgr. 3. gr. sömu gerðar,
 - b) hvort samfylkingin tekur til óskipts fyrirtækis eða hluta þess,
 - c) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu samfylkingarinnar er háttað,
 - d) hvort opinbert tilboð eins aðila í verðbréf annars aðila nýtur stuðnings stjórnar og framkvæmdastjórnar þess síðarnefnda eða annarra stofnana sem koma fram fyrir hönd hans,

¹² Sbr. þátt 6.III um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

¹³ Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki skal tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

- e) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar,
 - f) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samfylkingu,
 - g) hvort einhver aðilanna hefur þegið fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð, hvaðan sem hún kemur (þar á meðal frá opinberum yfirvöldum) og eðli og umfang aðstoðarinnar, og
 - h) til hvaða atvinnuvega samfylkingin nær.
- 3.2. Tilgreina skal verðmæti viðskiptanna (innkaupsverð eða verðgildi allra eigna sem um ræðir, eftir því sem við á).
- 3.3. Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki¹⁴ um sig ber að veita upplýsingar um eftirfarandi¹⁵ fyrir síðasta fjárhagsár:
- 3.3.1. veltu á heimsvísu,
 - 3.3.2. veltu innan Bandalagsins,
 - 3.3.3. veltu innan EFTA,
 - 3.3.4. veltu í hverju aðildarríki,
 - 3.3.5. veltu í hverju EFTA-ríki,
 - 3.3.6. svo fremi veltan í einstöku aðildarríki EB sé meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan Bandalagsins skal tilgreina það ríki, og
 - 3.3.7. svo fremi veltan í einstöku EFTA-ríki sé meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA skal tilgreina það ríki.
- 3.4. Að því er varðar 3. mgr. 1. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn, ef aðgerðin nær ekki þeim mörkum, sem sett eru í 2. mgr. 1. gr. gerðarinnar, ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta fjárhagsár:
- 3.4.1. í hvaða EFTA-ríki samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja er yfir 100 milljónum evra, sé um það að ræða, og
 - 3.4.2. í hvaða EFTA-ríki samanlögð velta að minnsta kosti tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, er yfir 25 milljónir evra, sé um það að ræða.
- 3.5 Gerið grein fyrir efnahagslegum rökstuðningi fyrir samfylkingunni.

4. ÞÁTTUR

Eignarhald og yfirrád.¹⁶

- 4.1 Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu. Taka skal eftirfarandi fram:
- 4.1.1. hvaða fyrirtæki eða aðilar ráða yfir samfylkingaraðilum með beinum eða óbeinum hætti,
 - 4.1.2. hvaða fyrirtæki stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir¹⁷ og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:
 - a) samfylkingaraðila,
 - b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í 4.1.1.
- Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yfirráðin eru. Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipurritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.
- 4.2. Fyrir samfylkingaraðilana og fyrir hvert fyrirtæki eða aðila, sem um getur í svörum við spurningum í þætti 4.1., skal:
- 4.2.1. tilgreina öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir (sjá í 6. þætti skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir) þar sem fyrirtækin eða aðilarnir í

¹⁴ Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnar EB um skilgreiningu á hlutaðeigandi fyrirtækjum.

¹⁵ Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnar EB um útreikning á veltu. Til veltu yfirtökuaðila eða aðila að samfylkingu skal telja samanlagða veltu allra fyrirtækja í skilningi 4 mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn. Til veltu yfirtekens aðila, eins eða fleiri, skal telja samanlagða veltu allra fyrirtækja í skilningi 2 mgr. 5. gr. gerðarinnar. Sérákvæði er að finna í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. gerðarinnar að því er varðar lánastofnanir, váttryggingarfélög, aðrar fjármálastofnanir og sameiginleg fyrirtæki.

¹⁶ Sbr. 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn.

¹⁷ Sbr. 6. þátt um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- fyrirtækjasamstæðunni ráða einir eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa,
- í hverju tilviki, tilgreina hundraðshlutann sem um ræðir og eiganda hans,
- 4.2.2. tilgreina, fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem sitja í framkvæmdastjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn eða yfirstjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og (þar sem við á), fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem eiga sæti í stjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir; og í hverju tilviki skal tilgreina heiti fyrirtækisins og stöðu viðkomandi innan þess,
- 4.2.3 veita nákvæmar upplýsingar um yfirtöku ofangreindra fyrirtækjasamstæðna (þáttur 4.1.) á síðustu þremur árum á fyrirtækjum, sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, eins og þær eru skilgreindar í 6. þætti.
- Heimilt er að skýra þessar upplýsingar á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til skilningsauka.

5. ÞÁTTUR FYLGISKJÖL.

Tilkynningaraðilar skulu láta eftirfarandi fylgja:

- 5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtökubóði,
 - 5.2. afrit skriflegs tilboðs ef um yfirtökubóð er að ræða; liggi það ekki fyrir við tilkynningu ber að senda það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við póstlagningu þess til hluthafa,
 - 5.3. afrit af síðustu ársskýrslu og ársreikningi allra samfylkingaraðila, og
 - 5.4. afrit af öllum greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum og sambærilegum gögnum, sem unnin hafa verið af aðila eða aðilum sem eiga sæti í framkvæmdastjórn eða yfirstjórn, eða fyrir hann eða þá, eða annan eða aðra sem gegna áþekku hlutverki (eða sem slíkt hlutverk hefur verið falið eða fengið), eða sem eiga sæti á hluthafafundum, í þeim tilgangi að meta eða greina samfylkinguna að því er varðar markaðshlutdeild, samkeppnisstöðu, samkeppnisaðila (raunverulegra eða hugsanlegra), rökstuðning fyrir samfylkingunni, möguleika á söluaukningu eða útvíkkun til annarra vörumarkaða eða landfræðilegra markaða og/eða almennar markaðsaðstæður.¹⁸
- Fyrir hvert þessara skjala skal taka fram (ef það kemur ekki fram í skjalinu sjálfu) dagsetningu vinnslu skjalsins, einnig nafn og stöðu hvers einstaklings sem vann hvert slíkt skjal.

6. ÞÁTTUR SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM.

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samfylkinguna.¹⁹

Tilkynningaraðila eða -aðilum ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. Viðkomandi vörumarkaðir:

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum og/eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

¹⁸ Eins og kemur fram í inngangshlutum 1.1 og 1.3 (g-lið), í tengslum við undirbúning tilkynningar, getur verið gagnlegt að ráðgast við Eftirlitsstofnun EFTA um að hve miklu leyti sé hægt að fá undanþágu frá því að leggja fram tilskilin gögn. Sé sótt um undanþágur getur Eftirlitsstofnun EFTA tilgreint þau gögn sem lögð eru fram í tilteknu máli, í beiðni um upplýsingar, í samræmi við 11. gr. IV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

¹⁹ Sjá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum með tilliti til samkeppnisлага á Evrópska efnahagssvæðinu.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, eru greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, m.a., hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á vörumörkuðunum (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

II. Viðkomandi landfræðilegir markaðir:

Til landfræðilegs markaðar sem skiptir máli telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi landsvæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru umtalsvert frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu landsvæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. Markaðir þar sem áhrifa gætir:

Þegar svarað er spurningum á þessu eyðublaði skulu viðkomandi vörumarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins, í Bandalaginu, á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, í hverju aðildarríki eða í hverju EFTA-ríki teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:

- a) ef tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama vörumarkaði og samfylking þeirra myndi leiða til 15% sameiginlegrar markaðshlutardeildar eða meira. Þetta nefnast lárétt tengsl;
 - b) ef einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra á hvoru stigi sem er eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra nemur 25% eða meira án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samfylkingaraðila eða ekki²⁰. Þetta nefnast lóðrétt tengsl.
 Á grundvelli framangreindra upplýsinga og viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild skal veita eftirfarandi upplýsingar:²¹
 - Tilgreinið hvern markað þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar:
 - innan Evrópska efnahagssvæðisins, Bandalagsins, eða EFTA,
 - í hverju aðildarríki EB eða EFTA-ríki.
- 6.2. Tilgreinið og skýrið að auki sjónarmið aðila varðandi umfang viðkomandi landfræðilegs markaðar í skilningi II. þáttar sem á við í tengslum við hvern þann markað þar sem áhrifa gætir og sem um er getið hér á undan.

IV. Aðrir markaðir þar sem aðgerðin sem tilkynnt er um getur haft veruleg áhrif:

- 6.3. Lýsið á grundvelli skilgreininganna hér á undan þeim vörum og landfræðilegu gildissviði markaða, annarra en þeirra markaða þar sem áhrifa gætir og tilgreindir eru í 6. þætti, þar sem aðgerðin, sem tilkynnt er um, kann að hafa veruleg áhrif, t.d. ef:
 - a) einhver aðila að samfylkingunni er með markaðshlutdeild umfram 25% og annar aðili að samfylkingunni er mögulegur samkeppnisaðili á þeim markaði. Aðili getur einkum talist hugsanlegur samkeppnisaðili ef hann fyrirhugar inngöngu á tiltekinn markað, eða ef hann hefur þróað eða framfylgt áætlunum um slíkt á undangengnum tveimur árum,
 - b) einhver aðilanna að samfylkingunni er með markaðshlutdeild umfram 25% og annar aðili að samfylkingunni á mikilvæg hugverkaréttindi á þeim markaði,

²⁰ Ef aðili að samfylkingu er t.d. með markaðshlutdeild umfram 25% á markaði sem er aðliggjandi miðað við markað þar sem annar aðili er virkur gætir áhrifa bæði á aðliggjandi og fráliggjandi markaði. Renni samþætt lóðrétt fyrirtæki saman við annað fyrirtæki, sem er virkt á aðliggjandi markaði, og leiði samruninn til sameiginlegrar markaðshlutdeildar á fráliggjandi markaði sem nemur 25% eða meira, eru á sama hátt bæði aðliggjandi og fráliggjandi markaðir, markaðir þar sem áhrifa gætir.

²¹ Eins og kemur fram í inngangshlutum 1.1 og 1.3 (g-lið) í tengslum við undirbúning tilkynningar, getur verið gagnlegt hvað varðar tiltekna markaði, þar sem áhrifa gætir, að ráðgast við Eftirlitsstofnun EFTA um að hve miklu leyti sé hægt að fá undanþágu frá því að leggja fram tilskildar upplýsingar (eins og lýst er í IV).

- c) einhver aðili að samfylkingu er fyrir á vörumarkaði sem er nærliggjandi markaður í nánnum tengslum við vörumarkað þar sem einhver annar aðili að samfylkingunni er í virkri stöðu, og ef markaðshlutdeild einstaklings eða sameiginleg markaðshlutdeild aðilanna á einhverjum þessara markaða nemur 25% eða meira. Vörumarkaðir eru náskyldir nærliggjandi markaðir þar sem vörurnar eru hver annarri til fyllingar²² eða þegar þær tilheyra vöruflokki sem sami hópur neytenda kaupir til sömu nota²³, þegar slíkur markaður nær til Evrópska efnahagssvæðisins í heild eða að hluta.

Í því skyni að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að taka til athugunar frá upphafi samkeppnisáhrif fyrirhugaðrar samfylkingar á markaðina, sem tilgreindir eru í þætti 6.3, eru tilkynningaraðilar hvattir til að leggja fram þær upplýsingar sem um getur í 7. og 8. þætti þessa eyðublaðs að því er varðar þessa markaði.

7. ÞÁTTUR

UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR.

Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig og fyrir hvert hinna þriggja síðustu fjárhagsára²⁴:

- a) fyrir Evrópska efnahagssvæðið,
- b) fyrir Bandalagið í heild,
- c) fyrir yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild,
- d) fyrir hvert aðildarríki EB og EFTA-ríki þar sem samfylkingaraðilar stunda viðskipti, og
- e) fyrir viðkomandi landfræðilegan markað, ef hann er annar að mati tilkynningaraðila, annar, skal veita eftirfarandi upplýsingar um:
 - 7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í eininga-fjölda)²⁵. Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tók eru á,
 - 7.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætluð markaðshlutdeild hans,
 - 7.3. áætlað verðmæti (og umfang þar sem við á) markaðshlutdeildar allra samkeppnisaðilanna (að meðtöldum innflytjendum) sem ráða yfir að minnsta kosti 5% af landfræðilega markaðinum sem er til athugunar. Leggið fram á þessum grundvelli áætlun um HHI-vísitölu²⁶ fyrir og eftir samruna, og muninn á þessum tvennu (deltastuðul)²⁷. Tilgreinið hlutfall markaðshlutdeildar sem er notað sem grundvöllur til að reikna út HHI. Getið þeirra heimilda sem eru notaðar við útreikning á þessari markaðshlutdeild og leggið fram skjöl, eftir því sem unnt er, til að staðfesta útreikninginn,
 - 7.4. nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) þeirra samkeppnisaðila sem tilgreindir eru í 7.3,

²² Vörur (eða þjónusta) teljast til dæmis til fyllingar þegar notkun (eða neysla) einnar vöru felur í raun í sér notkun (eða neyslu) hinnar vörunnar, t.d. má nefna heftara og hefti, eða prentara og prenthylki.

²³ Dæmi um vörur sem tilheyra slíkum sviðum væri viski og gin sem selt er börum og veitingastöðum, og ýmsar vörur til þess að pakka tilteknum vöruflokkum sem seldar eru framleiðendum slíkrar vöru.

²⁴ Með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. í V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

²⁵ Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við. Vinsamlegast leggið fram, ef það er hægt með góðu móti, sundurliðaðar upplýsingar um innflutning og útflutning eftir upprunalandi annars vegar og viðtökulandi hins vegar.

²⁶ HHI stendur fyrir Herfindahl-Hirshman-vísitöluna sem er mælikvarði á samþjöppun á markaði. HHI er reiknuð út með því að leggja saman kvaðrat markaðshlutdeildar allra fyrirtækjanna á markaðinum. Taka má dæmi af markaði þar sem fimm fyrirtæki hafa hvert um sig markaðshlutdeild sem nemur 40%, 20%, 15%, 15% og 10% er HHI 2 550 ($40^2 + 20^2 + 15^2 + 15^2 + 10^2 = 2 550$). HHI getur verið á bilinu frá nærri núlli (á örmarkaði) til 10 000 (þar sem um er að ræða hreina einokun). HHI eftir samruna er reiknuð út frá þeirri vinnuforsendu að markaðshlutdeild hvers fyrirtækis haldist óbreytt. Þótt best sé að taka öll fyrirtækin með í reikninginn getur skortur á upplýsingum um mjög lítil fyrirtæki haft óveruleg áhrif þar sem slík fyrirtæki hafa ekki veruleg áhrif á HHI.

²⁷ Aukna samþjöppun eins og hún mælist með HHI er hægt að reikna út óháð heildarsamþjöppun á markaði með því að tvöfalda samanlagða markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem renna saman. Svo dæmi sé tekið myndi samruni tveggja fyrirtækja með annars vegar 30% markaðshlutdeild og hins vegar 15% hækka HHI um 900 ($30 \times 15 \times 2 = 900$). Skýringin á þessari aðferð er sem hér segir: Fyrir samrunann hefur markaðshlutdeild fyrirtækjanna sem renna saman áhrif á HHI sem stakt kvaðrat hvors um sig: $(a)^2 + (b)^2$. Eftir samrunann er það kvaðrat samtölu þeirra sem hefur áhrif: $(a + b)^2$, sem jafngildir $(a)^2 + (b)^2 + 2ab$. Því er hækkan HHI táknuð sem 2ab.

- 7.5. mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilgreina skal:
- hlutdeild þeirra fyrirtækjasamstæðna, sem samfylkingaraðilarnir tilheyra, í slíkum innflutningi,
 - mat á því í hve miklum mæli kvótar, tollar eða aðrar viðskiptahindranir en tollar hafa áhrif á þennan innflutning, og
 - mat á því í hve miklum mæli flutningskostnaður og annar kostnaður hefur áhrif á þennan innflutning,
- 7.6. mat á því að hve miklu leyti hindranir, sem eru á viðskiptum milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru vegna:
- flutningskostnaðar og annars kostnaðar og
 - annarra viðskiptahindrana en tolla,
- 7.7. hvernig samfylkingaraðilar framleiða, verðleggja og selja vöru og/eða þjónustu; t.d. hvort framleiðsla og verðlagning er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundið dreifikerfi,
- 7.8. samanburð á verði sem samfylkingaraðili setur upp í hverju aðildarríki EB og EFTA-ríki og hliðstæðan samanburð á verðlagi milli Bandalagsins, EFTA-ríkjanna og annarra svæða þar sem þessar vörur eru framleiddar (t.d. Rússland, Bandaríkin, Japan og önnur svæði sem skipta máli), og
- 7.9. eðli og umfang lóðréttrar sameiningar fyrir hvern samfylkingaraðila um sig miðað við helstu samkeppnisaðila.

8. ÞÁTTUR

Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- 8.1. Tilgreinið fimm helstu óháðu²⁸ birgja aðila samfylkingarinnar og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja (innkaupum á hráefni eða vörum sem eru notaðar við framleiðslu á viðkomandi vörum). Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) hvers birgis.

Hvernig framboði er háttáð á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- 8.2. Lýsið helstu dreifileiðum og þjónustukerfum á mörkuðunum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:
- algengustu dreifikerfum á markaðinum og vægi þeirra. Að hvaða marki annast þriðju aðilar dreifinguna og/eða fyrirtæki innan sömu samstæðu og aðilarnir sem um getur í 4. þætti?
 - algengustu þjónustukerfum (til dæmis viðhaldi og viðgerðum) og vægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hvaða marki annast þriðju aðilar þjónustuna og/eða fyrirtæki innan sömu samstæðu og aðilarnir sem um getur í 4. þætti?
- 8.3. Leggið fram mat á heildarafkastagetu í Bandalaginu og á yfirráðasvæði EFTA-ríkja undanfarin þrjú ár. Hve stóran hlut þessarar afkastagetu hefur hver samfylkingaraðili um sig talið sig hafa á þessu tímabili og hvernig hafa þeir, hver um sig, nýtt þá afkastagetu? Tilgreinið, ef við á, staðsetningu og afkastagetu framleiðsluástöðu hvers aðila að samfylkingunni á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.
- 8.4. Tilgreinið hvort einhver aðila samfylkingarinnar, eða einhver samkeppnisaðilanna, sé með vörur í þróun, vörur sem verða líklega markaðssettar í náinni framtíð, eða áform um að auka (eða draga saman) framleiðslu- eða sölugetu. Ef svo er, leggið þá fram áætlun um fyrirhugaða sölu og markaðshlutdeild aðilanna að samfylkingunni á næstu þremur til fimm árum.
- 8.5. Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá hér.

²⁸ Þ.e. birgjar sem eru ekki dótturfyrirtæki, umboðsaðilar eða fyrirtæki sem eru hluti af fyrirtækjasamstæðu viðkomandi málsaðila. Auk þessara fimm sjálfstæðu birgja geta tilkynningaraðilar tilgreint birgja innan samstæðunnar telji þeir það nauðsynlegt til að fá fram rétt mat. Það sama gildir í lið 8.6 í tengslum við viðskiptavini.

Hvernig eftirspurn er háttáð á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- 8.6. Tilgreinið fimm²⁹ helstu óháðu viðskiptavini aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hlut hvers þeirra í heildarsölu þessara vara sem hver þessara viðskiptavina hefur skráð sig fyrir. Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) hvers viðskiptavinar.
- 8.7. Lýsið því hvernig eftirspurn er háttáð að því er varðar:
- þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útþenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni vaxa,
 - vægi viðskiptavinavildar, t.d. að því er varðar tryggð við vörumerki, veitingu þjónustu fyrir og eftir sölu, heildstætt vöruframboð, eða áhrif netkerfis,
 - hlut vöruaðgreiningar að því er varðar eiginleika eða gæði, og að hve miklu leyti vörur aðilanna að samfylkingunni eru áþekkar staðgönguvörur,
 - hlut aðlögunarkostnaðar (hvað varðar tíma og útgjöld) viðskiptavina þegar þeir færa sig frá einum birgi til annars,
 - samþjöppun eða dreifing viðskiptavina,
 - skiptingu viðskiptamanna í ólíka flokka með lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki,
 - mikilvægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga, og
 - vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum.

Markaðsaðgangur.

- 8.8. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Sé svo, tilgreinið þá nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) hvers nýs fyrirtækis, og mat á núverandi markaðshlutdeild hvers slíks nýs fyrirtækis. Hafi einhver aðilanna að samfylkingunni komið inn á markað þar sem áhrifa gætir á undanförunum fimm árum, leggið þá fram greiningu á þeim aðgangshindrunum sem urðu á vegi þeirra.
- 8.9. Telja tilkynningaráðilar að til séu fyrirtæki (þ.m.t. fyrirtæki sem nú starfa aðeins á mörkuðum utan Bandalagsins eða utan Evrópska efnahagssvæðisins) sem eru líkleg til að koma inn á markaðinn? Sé svo, tilgreinið þá nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra). Skýrið frá því hvers vegna slík koma fyrirtækis inn á markað sé líkleg og leggið fram áætlun um það hvenær líklegt sé að þetta gerist.
- 8.10. Lýsið þeim þáttum sem hafa áhrif á komu inn á markaði þar sem áhrifa gætir, þannig að bæði sé tekið mið af landsvæði og vöru. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:
- heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (rannsóknir og þróun, framleiðsla, stofnun dreifikerfa, söluherferðir, auglýsingar, þjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur samkeppnisaðili og tilgreinið markaðshlutdeild þessa samkeppnisaðila,
 - hvers konar aðgangshindrunum í lögum eða reglugerðum, t.d. leyfisveitingu stjórnvalda eða staðlasetningu í hvaða formi sem er, einnig hindrunum sem stafa af vöruvottunarreglum eða nauðsyn þess að vera með staðfesta ferilsskrá,
 - að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa,
 - að hve miklu leyti hver og einn samfylkingaraðili er með, hefur fengið eða lætur í té nytjaleyfi, verkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum,

²⁹ Reynslan hefur sýnt að athugun á flóknum tilvikum krefst oft ítarlegri samskiptaupplýsinga um viðskiptavini. Sé um að ræða samskipti áður en tilkynning er lögð fram getur Eftirlitsstofnun EFTA farið fram á ítarlegri samskiptaupplýsingar um viðskiptavini að því er varðar tiltekna markaði þar sem áhrifa gætir.

- e) mikilvægi stærðarhagkvæmni í framleiðslu eða dreifingu vöru á mörkuðum þar sem áhrifa gætur, og
- f) aðgangi að birgðum, til dæmis framboði á hráefnum og nauðsynlegu grunnvirki.

Rannsóknir og þróun.

8.11. Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma litið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samfylkingaraðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætur.

Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a) stefnu og umfangi rannsókna og þróunar³⁰ á umræddum mörkuðum og hjá samfylkingaraðilum,
- b) tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili (þar með talin þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.).
- c) helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum, og
- d) þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar aðilarirnir eru staddir í því ferli.

Samstarfssamningar.

8.12. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta, lóðrétta eða aðra) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætur?

8.13. Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samfylkingaraðilar hafa gert á mörkuðum þar sem áhrifa gætur, t.d. samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu, sérhæfingu, dreifingu, birgðahald til langs tíma og upplýsingaskipti, og leggið fram afrit af slíkum samningum eftir því sem þurfa þykir.

Atvinnugreinasamtök.

8.14. Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætur skal tilgreina:

- a) samtök sem samfylkingaraðilar tilheyra, og
- b) helstu atvinnugreinasamtök sem viðskiptavinir og birgjar samfylkingaraðila tilheyra.

Gefið upp heiti allra framangreindra atvinnugreinasamtaka, pósthfang, tölvupósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

9. ÞÁTTUR

Almennt markaðssamhengi og hagkvæmni.

9.1. Setja skal fyrirhugaða samfylkingu í alþjóðlegt samhengi með því að lýsa stöðu hvers samfylkingaraðila á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar markaðshlutdeild og samkeppnisstyrk.

9.2. Lýsið hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðrar samfylkingar á hagsmunum milliliða og endanlegra neytenda og á þróun efnahags- og tækniframfara.

9.3. Sé þess óskað að Eftirlitsstofnun EFTA taki gagnert til athugunar frá upphafi³¹ hvort aukin hagkvæmni sem leiðir af samfylkingunni sé líkleg til að auka getu og hvata nýju fyrirtækjaheildarinnar til samkeppnishvetjandi aðgerða, til hagsbóta fyrir neytendur, skal leggja fram lýsingu á hvers kyns hagkvæmni (einnig kostnaðarlækkanir, nýjar vörukynningar og bætt vöru- og þjónustugæði), studda skjölum, sem aðilar sjá fram á að leiði af fyrirhugaðri samfylkingu í tengslum við allar viðkomandi vörur³².

Fyrir hvert tilvik um að þörf sé á hagkvæmni skal leggja fram:

³⁰ Umfang rannsókna og þróunar er skilgreint sem kostnaður við rannsóknir og þróun, sem hlutfall af veltu.

³¹ Rétt er að vekja athygli á því að framlagning upplýsinga í samræmi við þátt 9.3. er valfrjál. Ekki er ætlast til þess að aðilar færi rök fyrir því að sá þáttur sé ekki uppfylltur. Þrátt fyrir að upplýsingar um hagkvæmni séu ekki lagðar fram verður það ekki túlkað sem svo að fyrirhuguð samfylking skapi ekki hagkvæmni eða að grunnforsendan fyrir samfylkingunni sé sú að hún auki markaðsstyrk. Þótt umbeðnar upplýsingar um hagkvæmni séu ekki lagðar fram með tilkynningunni útilokar það ekki að þau verði lögð fram síðar. Hins vegar er rétt að benda á að því fyrr sem upplýsingar eru lagðar fram því betur getur Eftirlitsstofnun EFTA gengið úr skugga um að þörf sé á hagkvæmni.

³² Frekari leiðbeiningar um hagkvæmnismat er að finna í tilkynningu framkvæmdastjórnar EB um mat á láréttum samruna.

- i. sundurliðaða skýringu á því hvernig fyrirhuguð samfylking gerir nýju einingunni kleift að ná fram hagkvæmni. Tilgreinið fyrirhugaðar aðgerðir aðilanna til þess að ná fram þessari hagkvæmni, áhættuna sem felst í henni og nauðsynlegan tíma og fjármuni þessu samfara.
- ii. þegar slíkt er unnt með góðu móti, mælingu á hagkvæmninni og ítarlega skýringu á því hvernig hún var gerð. Leggið einnig fram, þar sem við á, áætlun um vægi hagkvæmni í tengslum við innleiðingu á nýjum vörum eða auknum vörugæðum. Þegar hagkvæmni hefur kostnaðarlækkun í för með sér skal tilgreina sérstaklega staka, fasta kostnaðarlækkun, reglu-bundna fasta kostnaðarlækkun og breytilega kostnaðarlækkun (í evrum á einingu og evrum á ári),
- iii. áætlun á því að hve miklu leyti hagkvæmnin kemur viðskiptavinum til góða og ítarlega skýringu á því hvernig sú niðurstaða er fengin, og
- iv. ástæðu þess að aðilinn eða aðilarnir gátu ekki náð fram sams konar hagkvæmni með öðrum ráðum en fyrirhugaðri samfylkingu, og á þann hátt að ekki væri ástæða til að huga að samkeppnisstöðu.

10. ÞÁTTUR

Samstarfsáhrif á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

10. Að því er varðar 4. mgr. 2. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka skal svara eftirfarandi spurningum:
 - a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið eða á nærliggjandi markaði sem er nátengdur honum?³³
Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:
 - veltu hvers móðurfyrirtækis á næstliðnu reikningsári,
 - efnahagslegt vægi starfsemi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni miðað við þessa veltu,
 - markaðshlutdeild hvers móðurfyrirtækis.
 Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.
 - b) Ef svarið við a-lið er já og talið er að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli óháðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ber að rökstyðja svarið.
 - c) Með fyrirvara við svörin við a- og b-lið og til að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið málið á fullnægjandi hátt skal skýra frá því hvernig viðmiðuninum í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er beitt. Samkvæmt 3. mgr. 53. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 53. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:
 - i. stuðlar að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða eflir tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
 - ii. veitir neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af henni hlýst,
 - iii. leggur ekki höft, sem eru óþörf til að ná þessum markmiðum, á hlutaðeigandi fyrirtæki, og
 - iv. veitir þessum fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

11. ÞÁTTUR

Yfirlýsing.

Í 2. mgr. 2. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól kemur fram að ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skuli þeir framvísa skriflegu umboði til þess. Þetta umboð skal fylgja tilkynningunni.

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af öllum tilkynningaraðilum eða fyrir þeirra hönd:

³³ Sjá skilgreiningu á markaði í 6. þætti.

Tilkynningaraðili eða -aðilar lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, séu sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund þeirra, að rétt og óstytt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt CO-eyðublaði, fylgi með, að allt mat sé tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Þeim eru kunn ákvæði 1. mgr. 14. gr. í IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Staður og dagsetning:

Undirritun:

Nafn og staða:

Fyrir hönd:

III. VIÐBÆTIR
**EINFALDAÐ EYÐUBLAÐ FYRIR TILKYNNINGU UM SAMFYLKINGU
 SAMKVÆMT GERÐINI SEM UM GETUR Í 1. TÖLUL. XIV. VIÐAUKA VIÐ EES-
 SAMNINGINN (REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) NR. 139/2004)**

1. INNGANGUR

1.1. Tilgangurinn með einfaldaða eyðublaðinu.

Á einfaldaða eyðublaðinu eru tilgreindar þær upplýsingar sem tilkynningaraðilum ber að veita þegar þeir leggja fram tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA um fyrirhugaðan samruna, yfirtöku eða aðra samfylkingu fyrirtækja sem ólíklegt er talið að hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

Þegar eyðublaðið er fyllt út er athygli vakin á gerðinni sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og IV. og V. kafla í bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól). Texta þessara gerða og önnur tengd skjöl er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA. Athygli er einnig vakin á samsvarandi ákvæðum hjá Evrópusambandinu³⁴.

Að jafnaði er heimilt að nota einfaldaða eyðublaðið til þess að tilkynna um samfylkingu að uppfylltu einu eftirtalinna skilyrða:

1. sé um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni að ræða sem hefur enga eða hverfandi litla starfsemi á yfirráðasvæði Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þannig háttar til þegar:
 - a) velta fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið og/eða velta yfirfærðrar starfsemi er undir 100 milljónum evra á Evrópska efnahagssvæðinu, og
 - b) heildarvirði eigna, sem eru færðar yfir til fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið, er undir 100 milljónum evra innan Evrópska efnahagssvæðisins,
2. enginn aðili að samfylkingu stundar viðskipti á viðkomandi markaði vöru- og landfræðilegum markaði (engin lárétt skörun), eða á aðliggjandi eða fráliggjandi markaði miðað við markað þar sem annar aðili að samfylkingunni stundar starfsemi (engin lóðrétt tengsl),
3. tveir eða fleiri aðilar að samfylkingunni stunda viðskipti á sama viðkomandi vöru- og landfræðilegum markaði (lárétt tengsl), að því tilskildu að sameiginleg markaðshlutdeild sé undir 15%; og/eða einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við vörumarkað þar sem einhver annar samfylkingaraðili stundar viðskipti (lóðrétt tengsl), og að því tilskildu að þeir hvorki, hver fyrir sig né til samans, hafi yfir að ráða markaðshlutdeild, á hvoru markaðsstigi sem er, sem nemur 25% eða meira, eða
4. aðili öðlast einn yfirráð yfir fyrirtæki sem hann hefur þegar sameiginleg yfirráð yfir.

Eftirlitsstofnun EFTA getur farið fram á óstytta tilkynningu ef í ljós kemur að annaðhvort hafi skilyrðin fyrir notkun einfaldaða eyðublaðsins ekki verið uppfyllt, eða, í sérstökum undantekningar-tilvikum, þar sem þau hafa verið uppfyllt, hafi Eftirlitsstofnun EFTA eigi að síður ákvarða að tilkynning á CO- eyðublaði sé nauðsynleg til þess að unnt sé að rannsaka hvort samfylkingin geti hugsanlega haft áhrif á samkeppni.

Dæmi um tilvik þar sem nauðsynlegt getur verið að tilkynninga á CO-eyðublaði eru samfylkingar þar sem erfitt er að skilgreina markaðina sem skipta máli (t.d. þegar um er að ræða nýja markaði eða þar sem ekki ríkja viðteknar venjur); þar sem aðili er nýr eða hugsanlegur aðili á markaði, eða veigamikill einkaleyfishafi, þar sem ekki er með góðu móti unnt að skilgreina markaðshlutdeild aðilanna; á mörkuðum þar sem aðgangshindranir eru miklar, þar sem samþjöppun er mikil eða önnur viðurkennd vandamál sem varða samkeppni; þegar a.m.k. tveir aðilar samfylkingarinnar eru virkir á nátengdum grannmörkuðum³⁵, og í samfylkingum þar sem upp kemur vandi varðandi samræmingu, eins og um getur í 4. mgr. 2. gr gerðarinnar sem vísað er til í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn. Á sama hátt getur verið nauðsynlegt að tilkynning sé á CO-eyðublaði þegar einn aðili öðlast öll yfirráð yfir fyrirtæki um sameiginlegt verkefni þar sem hann tekur þegar þátt í sameiginlegri stjórnun eða þegar yfirtökuaðilinn og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið hafa saman sterka mark-

³⁴ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004.

³⁵ Vörumarkaðir eru náskyldir nærliggjandi markaðir þegar vörurnar eru hver annarri til fyllingar eða þegar þær tilheyra vöruflokki sem sami hópur neytenda kaupir til sömu endanlegra nota.

aðsstöðu, eða þar sem samreksturinn og yfirtökuaðilinn hafa sterka stöðu á lóðrétt tengdum mörkuðum.

1.2. Skipti yfir í CO-eyðublað í fullri lengd.

Við mat á því hvort unnt sé að tilkynna um samfylkingu á einfölduðu eyðublaði skal Eftirlitsstofnun EFTA tryggja að allir málavextir þar að lútandi séu settir fram með nægilega skýrum hætti. Hvað það varðar bera tilkynningaraðilar ábyrgð á því að réttar og fullnægjandi upplýsingar séu lagðar fram. Ef Eftirlitsstofnun EFTA telur, eftir að tilkynning hefur borist um samfylkingu, að einfölduð tilkynning nægi ekki í viðkomandi tilviki, getur hún krafist þess að tilkynningin sé á CO-eyðublaði að fullu útfyllt, eða að hluta eftir því sem við á. Þetta getur átt við þegar:

- svo virðist sem skilyrðin fyrir notkun einfaldaða eyðublaðsins séu ekki fyrir hendi,
- þörf virðist vera á því að nota CO-eyðublaðið, að öllu leyti eða að hluta til, þótt skilyrðin fyrir notkun einfaldaða eyðublaðsins séu uppfyllt, svo unnt sé að rannsaka á fullnægjandi hátt hvort um hugsanlegar samkeppnishindranir sé að ræða, eða til að sýna fram á að aðgerðin feli í sér samfylkingu í skilningi 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn,
- einfaldaða eyðublaðið hefur að geyma rangar eða misvísandi upplýsingar,
- aðildarríki EB eða EFTA-ríki lætur í ljós rökstuddar efasemdir um áhrif tilkynntrar samfylkinga á samkeppni innan 15 virkra daga frá móttöku afrits af tilkynningunni, eða
- þriðji aðili lætur í ljós rökstuddar efasemdir um áhrif á samkeppni innan þeirra tímamarka sem Eftirlitsstofnun EFTA setur fyrir slíkum athugasemdum.

Þegar svo háttar til má líta svo á að tilkynningin sé efnislega ófullnægjandi, samkvæmt 2. mgr. 5. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Eftirlitsstofnun EFTA lætur tilkynningaraðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast fyrst gildi daginn sem allar umbeðnar upplýsingar hafa borist henni.

1.3. Mikilvægi samskipta fyrir tilkynningu.

Fundur áður en tilkynning er lögð fram er mjög gagnlegir bæði fyrir tilkynningaraðila og Eftirlitsstofnun EFTA, því þannig er hægt að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar verða að koma fram í tilkynningunni. Aðilum sem vilja leggja fram tilkynningu á einfölduðu eyðublaði er einnig ráðlagt að hafa samband við Eftirlitsstofnun EFTA áður til þess að ræða hvort rétt sé að nota einfaldað eyðublað í því tilviki. Tilkynningaraðilar geta vísað til bestu starfsvenja framkvæmdastjórnar EB við framkvæmd samrunaefirlits EB en þar eru leiðbeiningar um fundi áður en tilkynning er lögð fram og undirbúning tilkynninga.

1.4. Hver á að leggja fram tilkynningu?

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn eða öflun sameiginlegra yfiráðna í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. þessarar gerðar skulu samrunaaðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfiráðnum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni³⁶.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingarnar í henni séu réttar.

1.5. Krafan um að tilkynning sé rétt og fullnægjandi.

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Tilskildar upplýsingar ber að láta í té í réttum þætti þessa eyðublaðs.

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og 2. og 4. mgr. 5. gr. í V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, hefjast frestir samkvæmt IV. kafla, sem tengjast tilkynningum, ekki fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist allar upplýsingar sem fylgja skulu tilkynningunni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í IV. kafla.

³⁶ Sjá 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn.

- b) Þegar tilkynningaraðilar undirbúa tilkynningu sína skulu þeir ganga úr skugga um að nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer og tölvupóstföng, sem send eru Eftirlitsstofnun EFTA, séu nákvæm, viðeigandi og uppfærð.
- c) Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í tilkynningunni sem ófullnægjandi upplýsingar (4. mgr. 5. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- d) Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningaraðila eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingunum viðtöku (1. mgr. 10. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og 2. og 4. mgr. 5. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- e) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól geta tilkynningaraðilar sem, hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi, veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samanlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis. Auk þess er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt, samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 6. mgr. 8. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin byggist á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á.
- f) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að).
Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar Eftirlitsstofnun EFTA getur aflað einhverra þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.
- g) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún fallist á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef talið er að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.
Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir rannsókn hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Rétt er að skýra frá þessu í samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA áður en að tilkynningu kemur og óska eftir því skriflega við Eftirlitsstofnunina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, skv. 2. mgr. 4. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

1.6. Hvernig ber að standa að tilkynningu?

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins. Kjósi fyrirtæki að beina tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA á tungumáli sem ekki er eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem falla undir valdsvið stofnunarinnar, eða er ekki vinnutungumál hennar, ber þeim jafnframt að láta fylgja með öllum skjölum þýðingu á einhverju opinberu tungumáli eða vinnutungumáli stofnunarinnar. Tungumálið, sem þýtt er á, er það tungumál sem lögbærur yfirvaldi er heimilt að nota í samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA. Fylgiskjöl skal leggja fram á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af hinum opinberu tungumálum, sem um getur hér að framan, skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 9. þætti, og fylgiskjöl. Við frágang 7. þáttar þessa eyðublaðs eru tilkynningaraðilar hvattir til þess að skoða hvort best sé, fyrir skýrleika sakir, að setja fram þennan þátt í númeraröð, eða hvort hægt sé að flokka upplýsingar saman fyrir hvern tilkynningarskyldan markað (eða flokk tilkynningarskyldra markaða).

Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að allar helstu upplýsingar, einkum þær sem varða markaðshlutdeild aðilanna og helstu samkeppnisaðila þeirra, komi fram í meginmáli þessa eyðublaðs. Viðauka við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Leggja skal fram samskiptaupplýsingar á sniði sem skrifstofa samkeppnismála og ríkisaðstoðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA leggur til. Brýnt er að allar samskiptaupplýsingar séu réttar svo rannsóknarferlið fari rétt fram. Ítrekuð tilvik um rangar samskiptaupplýsingar geta verið tilefni til að úrskurða að tilkynning sé ófullnægjandi.

Fylgiskjöl skal leggja fram á frummálinu, sé það ekki eitt af opinberum tungumálum ríkjanna sem falla undir valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA, eða vinnutungumál hennar, skal þýða þau á það tungumál sem notað er við meðferð málsins (4. mgr. 3. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynningaraðilum að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal frumritið og sex afrit af einfaldaða eyðublaðinu og fylgiskjölunum til skrifstofu samkeppnismála og ríkisaðstoðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA.

Tilkynninguna skal senda á pósthöfund sem um getur í 1. mgr. 23. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól³⁷ á eyðublaði sem Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir. Tilkynningin skal berast Eftirlitsstofnun EFTA á virkum degi í skilningi 24. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ef unnt á að vera að skrá hana samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga og fyrir kl. 16:00 á föstudögum og á virkum dögum næst á undan opinberum frídögum og öðrum frídögum eins og Eftirlitsstofnun EFTA fastsetur og birt er í EES-hluta Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau. Öllum öryggisfyrirmælum sem sett eru fram á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA verður að fylgja.

1.7. Trúnaðarkvaðir.

Í 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og, hvað viðkemur Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, 2. mgr. 17. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, er farið fram á það við framkvæmdastjórnina, aðildarríki EB, Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin, embættismenn þeirra og aðra opinbera starfsmenn að þeir láti öðrum ekki í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaraðila.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í lokuðu umslagi og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

1.8. Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa eyðublaðs.

Tilkynningaraðili eða -aðilar: ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynningaraðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaraðili (eða -aðilar): Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þ.m.t. öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin tilkynningaraðili eða-aðilar og samfylkingaraðili eða -aðilar taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðum og þessir aðilar, nema annað sé tekið fram.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár“ á eyðublaðinu merkja almanaksár, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan tilkynningarárinu, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í þáttum 3.3 til 3.5, skulu gefnar upp í evrum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

³⁷ Eftirlitsstofnun EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussel, Belgíu.

1.9. Miðlun upplýsinga til starfsmanna og fulltrúa þeirra.

Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á þeim skuldbindingum sem aðilar að samfylkingu kunna að hafa, samkvæmt lögum Evrópska efnahagssvæðisins og/eða landslögum um upplýsingar og samráð vegna viðskipta sem tengjast samfylkingu, gagnvart starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra.

1. ÞÁTTUR

Lýsing á samfylkingu.

- 1.1. Leggja skal fram samantekt um starfsemi samfylkingarinnar, þar sem tilgreindir eru aðilar að samfylkingunni, eðli hennar (t.d. hvort um er að ræða samruna, yfirtöku eða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni), starfssvið tilkynningaraðila, markaðir þar sem áhrifa samfylkingarinnar mun gæta (einnig helstu tilkynningarskyldir markaðir³⁸) og skipulagslegar og efnahagslegar grunnforsendur samfylkingarinnar.
- 1.2. Leggja skal fram samantekt (allt að 500 orð) um þær upplýsingar sem kveðið er á um í þætti 1.1. Fyrirhugað er að birta samantektina á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA daginn sem tilkynnt er um samfylkinguna. Samantektina skal semja þannig að hún innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar eða viðskiptaleyndarmál.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar um aðila.

- 2.1. Upplýsingar um tilkynningaraðila
 - Taka skal fram:
 - 2.1.1. heiti og póstfang fyrirtækis,
 - 2.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,
 - 2.1.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu, og
 - 2.1.4. póstfang tilkynningaraðila (eða sérhvers tilkynningaraðila) sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA. Leggja skal fram nafn, tölvupóstfang og símanúmer aðila á þessu póstfangi sem hefur heimild til að taka við tilkynningum.
- 2.2. Upplýsingar um aðra aðila³⁹ að samfylkingunni. Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig (að undanskildum tilkynningaraðila eða -aðilum) skal taka eftirfarandi fram:
 - 2.2.1. heiti og póstfang fyrirtækis,
 - 2.2.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er,
 - 2.2.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar ásamt stöðu, og
 - 2.2.4. póstfang aðila (eða hvern aðila um sig) sem hægt er að senda skjöl til, einkum ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA. Leggja skal fram nafn, tölvupóstfang og símanúmer aðila á þessu póstfangi sem hefur heimild til að taka við tilkynningum.
- 2.3. Tilnefning fulltrúa

Ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi heimild til þess. Í skriflegri staðfestingu verður að koma fram nafn og staða þeirra aðila sem veita slíka heimild.

Veita skal eftirfarandi samskiptaupplýsingar um þá fulltrúa sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hvaða samfylkingaraðila sem vera skal og tilgreina umbjóðendur þeirra:

 - 2.3.1. nafn fulltrúa,
 - 2.3.2. póstfang fulltrúa,
 - 2.3.3. nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang tengiliðar, og
 - 2.3.4. póstfang þjónustufulltrúa (í Brussel, ef um það er að ræða) sem unnt er að beina öllum pósti og skjölum til.

3. ÞÁTTUR

Upplýsingar um samfylkinguna.

- 3.1. Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Takið í þessu sambandi fram:

³⁸ Sbr. 6. þátt um skilgreiningu á mörkuðum sem tilkynningarskyldir eru..

³⁹ Þetta tekur einnig til fyrirtækis sem fjandsamleg yfirtaka beinist að en í því tilviki skal tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

- a) hvort fyrirhuguð samfylking er alger samruni að lögum, yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í fullum rekstri, í skilningi 4. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka, við EES-samninginn, eða hvort hún verður til með samningi eða með öðrum hætti sem leiðir til beinna eða óbeinna yfirráða í skilningi 2. mgr. 3. gr. sömu gerðar,
 - b) hvort samfylkingin tekur til óskipts fyrirtækis eða hluta þess,
 - c) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu samfylkingarinnar er háttað,
 - d) hvort opinbert tilboð eins aðila í verðbréf annars aðila nýtur stuðnings eftirlitsaðila eða framkvæmdastjórnar þess síðarnefnda eða annarra stofnana sem koma fram fyrir hönd hans,
 - e) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar,
 - f) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samfylkingu,
 - g) hvort einhver aðilanna hefur þegið fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð, hvaðan sem hún kemur (þar á meðal frá opinberum yfirvöldum) og eðli og umfang aðstoðarinnar, og
 - h) til hvaða atvinnuvega samfylkingin nær.
- 3.2. Tilgreina skal verðmæti viðskiptanna (innkaupsverð eða verðgildi allra eigna sem um ræðir, eftir því sem við á).
- 3.3. Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki⁴⁰ um sig ber að veita upplýsingar um eftirfarandi⁴¹ fyrir síðasta fjárhagsár:
- 3.3.1. veltu á heimsvísu,
 - 3.3.2. veltu innan Bandalagsins,
 - 3.3.3. veltu innan EFTA,
 - 3.3.4. veltu í hverju aðildarríki EB,
 - 3.3.5. veltu í hverju EFTA-ríki,
 - 3.3.6. í hvaða aðildarríki EB veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan Bandalagsins, sé um það að ræða, og
 - 3.3.7. í hvaða EFTA-ríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA, sé um það að ræða.
- 3.4. Að því er varðar 3. mgr. 1. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn, ef aðgerðin nær ekki þeim mörkum, sem sett eru í 2. mgr. 1. gr. ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta fjárhagsár:
- 3.4.1. í hvaða EFTA-ríki samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja er yfir 100 milljónum evra, sé um það að ræða, og
 - 3.4.2. í hvaða EFTA-ríki samanlögð velta að minnsta kosti tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, er yfir 25 milljónir evra, sé um það að ræða.
- 3.5. Ef aðgerðin varðar yfirtöku sameiginlegrar stjórnunar á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar um:
- 3.5.1. veltu fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið og/eða veltu samanlagðrar starfsemi fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið, og/eða
 - 3.5.2. heildarvirði eigna sem eru færðar yfir til fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið.
- 3.6. Gerið grein fyrir efnahagslegum rökstuðningi fyrir samfylkingunni.

4. ÞÁTTUR

Eignarhald og yfirrád⁴².

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu. Taka skal eftirfarandi fram:

⁴⁰ Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnar EB um skilgreiningu á hlutaðeigandi fyrirtækjum.

⁴¹ Sjá tilkynningu framkvæmdastjórnar EB um útreikning á veltu. Til veltu yfirtökuaðila eða aðila að samfylkingu skal telja samanlagða veltu allra fyrirtækja í skilningi 4 mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. í XIV. viðauka við EES-samninginn. Til veltu yfirtekens aðila, eins eða fleiri, skal telja samanlagða veltu allra fyrirtækja í skilningi 2 mgr. 5. gr. gerðarinnar. Sérákvæði er að finna í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. gerðarinnar að því er varðar lánastofnanir, váttryggingarfélög, aðrar fjármálastofnanir og sameiginleg fyrirtæki.

⁴² Sbr. 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn.

- 4.1. hvaða fyrirtæki eða einstaklingar ráða yfir samfylkingaraðilum með beinum eða óbeinum hætti,
 4.2. hvaða fyrirtæki stunda viðskipti á markaði sem tilkynna skal um⁴³ og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yferráðum:
- a) samfylkingaraðila,
 - b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í 4.1.
- Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yferráðin eru. Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yferráðum er háttað í fyrirtækjunum.

5. ÞÁTTUR

Fylgigögn.

Tilkynningaraðilar skulu láta eftirfarandi fylgja:

- 5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtöku-boði, og
- 5.2. afrit af síðustu ársskýrslu og ársreikningi allra samfylkingaraðila.

6. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum.

Viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samfylkinguna.⁴⁴

Tilkynningaraðila eða -aðilum ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. Viðkomandi vörumarkaðir.

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum og/eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, eru greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, m.a., hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á vörumörkuðunum (t.d. framboðsstaðgöngu þegar við á).

II. Viðkomandi landfræðilegir markaðir.

Til landfræðilegs markaðar sem skiptir máli telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi landsvæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru umtalsvert frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu landsvæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. Tilkynningarskyldir markaðir.

Að því er varðar upplýsingar sem krafist er á þessu eyðublaði teljast tilkynningarskyldir markaðir allir viðkomandi vörumarkaðir og landfræðilegir markaðir, einnig líklegar viðeigandi skilgreiningar staðgöngumarkaða fyrir vörumarkaði og landfræðilega markaði, en á grundvelli þeirra:

- a) stunda tveir eða fleiri samfylkingaraðilanna viðskipti á sama viðkomandi markaði (lárétt tengsl),

⁴³ Sbr. þátt 6.III um skilgreiningu á mörkuðum sem tilkynningarskyldir eru.

⁴⁴ Sjá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum með tilliti til samkeppnislaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

- b) stundar einn eða fleiri samfylkingaraðilar viðskipti á vörumarkaði, sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við markað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samfylkingaraðila eða ekki (lóðrétt tengsl).
- 6.1. Tilgreinið alla tilkynningarskylda markaði á grundvelli markaðsskilgreininganna hér á undan.

7. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði.

Fyrir hvern tilkynningarskyldan markað sem lýst er í 6. þætti skal leggja fram eftirfarandi gögn næstliððins árs fyrir aðgerð:⁴⁵

- 7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í evrum) og umfang (í eininga-fjölda)⁴⁶. Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tók eru á,
- 7.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætluð markaðshlutdeild hans. Tilgreinið hvort verulegar breytingar hafi orðið á sölu- og markaðshlutdeild á næstliðnum þremur fjárhagsárum, og
- 7.3. að því er varðar lárétt tengsl og lóðrétt tengsl, mat á virði markaðshlutdeildar (og magni þar sem við á) þriggja helstu samkeppnisaðila (tilgreina skal á hvaða grunni matið er gert). Tilgreinið nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang yfirmanns lagadeildar (eða annars einstaklings sem gegnir svipaðri stöðu; sé þess ekki kostur, þá aðalframkvæmdastjóra) samkeppnisaðila.

8. ÞÁTTUR

Samstarfsáhrif fyrirtækis um sameiginlegt verkefni.

8. Svarið eftirfarandi spurningum að því er varðar 4. mgr 2. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn:
 - a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram starfsemi að verulegu leyti á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi miðað við markað fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið eða á nærliggjandi markaði sem er nátengdur honum?⁴⁷
 Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:
 - veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta fjárhagsári,
 - efnahagslegt vægi starfsemi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni miðað við þessa veltu,
 - markaðshlutdeild hvers móðurfyrirtækis.
 Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.
 - b) Ef svarið við a-lið er já og talið er að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli óháðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ber að rökstyðja svarið.
 - c) Með fyrirvara við svörin við a- og b-lið og til að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið málið á fullnægjandi hátt skal skýra frá því hvernig viðmiðunum í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er beitt. Samkvæmt 3. mgr. 53. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 53. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:
 - i. stuðlar að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða eflir tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
 - ii. veitir neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hlýst,
 - iii. leggur ekki höft, sem eru óþörf til að ná þessum markmiðum, á hlutaðeigandi fyrirtæki, og

⁴⁵ Við undirbúning tilkynningar getur verið gagnlegt að ráðgast við Eftirlitsstofnun EFTA um að hve miklu leyti sé hægt að fá undanþágu frá því að leggja fram tilskildar upplýsingar að því er varðar tiltekna, tilkynningarskylda markaði.

⁴⁶ Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á landsvæðunum sem um ræðir og bæta innflutningi við.

⁴⁷ Sjá skilgreiningar á markaði í 6. þætti.

- iv. veitir þessum fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

9. ÞÁTTUR

Yfirlýsing.

Í 2. mgr. 2. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól kemur fram að ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skuli þeir framvísa skriflegu umboði til þess. Þetta umboð skal fylgja tilkynningunni.

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af öllum tilkynningaraðilum eða fyrir þeirra hönd:

Tilkynningaraðili eða -aðilar lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, séu sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund þeirra, að rétt og óstytt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt þessu eyðublaði fylgi með, að allt mat sé tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Þeim eru kunn ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. í IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Staður og dagsetning:

Undirritun:

Nafn og staða:

Fyrir hönd:

IV. VIÐBÆTIR
EYÐUBLAÐ RS

(RS = rökstudd greinargerð samkvæmt 4. og 5. mgr. 4. gr. í V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004)

EYÐUBLAÐ RS SEM VARÐAR RÖKSTUDDAR GREINARGERÐIR

Samkvæmt 4. og 5. mgr. 4. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (reglugerð (EB) nr. 139/2004)

INNGANGUR

A. Tilgangurinn með eyðublaðinu.

Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem umsækjendur þurfa að láta í té þegar þeir skila rökstuddri greinargerð áður en tilkynning er lögð fram skv. 4. eða 5 mgr. 4. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Athygli er vakin á gerðinni sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og í IV. og V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Texta þessara gerða og önnur tengd skjöl er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA. Athygli er einnig vakin á samsvarandi ákvæðum hjá Evrópusambandinu⁴⁸.

Fundir áður en tilkynning er lögð fram eru mjög gagnlegir bæði fyrir aðila og viðkomandi yfirvöld, því þannig er hægt að ákvarða nákvæmlega umfang og tegund upplýsinganna sem verða að koma fram. Aðilar eru því hvattir til að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi EES-ríki, eitt eða fleiri, varðandi hæfilegt umfang og tegund upplýsinga sem þeir hyggjast byggja rökstudda greinargerð sína á.

B. Kröfurnar sem gerðar eru svo rökstudd greinargerð teljist rétt og fullnægjandi.

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Tilskildar upplýsingar ber að láta í té í réttum þætti þessa eyðublaðs.

Farið verður með rangar eða misvísandi upplýsingar í rökstuddri greinargerð sem ófullnægjandi upplýsingar (4. mgr. 5. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Leggi aðilar fram rangar upplýsingar hefur Eftirlitsstofnun EFTA heimild til þess að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið skv. 6. eða 8. gr. eftir að máli er vísað áfram sbr. 5. mgr. 4. gr., skv. a-lið 3. mgr. 6. gr. eða a-lið 6. mgr. 8. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Eftir afturköllun eiga innlend samkeppnislög aftur við um aðgerðina. Þegar um er að ræða að máli sé vísað áfram, sbr. 4. mgr. 4. gr., á grundvelli rangra upplýsinga, getur Eftirlitsstofnun EFTA krafist tilkynningar í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Auk þess hefur Eftirlitsstofnun EFTA heimild til þess að leggja á sektir vegna framlagningar rangra eða misvísandi upplýsinga skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. (Sjá d-lið hér á eftir). Loks er aðilum gerð grein fyrir því að komi til þess að máli sé vísað áfram vegna rangra, misvísandi eða ófullnægjandi upplýsinga, sem lagðar eru fram með RS-eyðublaði, er Eftirlitsstofnun EFTA og/eða EFTA-ríkjunum heimilt að íhuga að vísa máli áfram eftir tilkynningu til að leiðrétta hvers komar framvísun máls sem átt hefur sér stað fyrir tilkynningu.

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við 4. og 5. mgr. 4. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er Eftirlitsstofnun EFTA skylt að framsenda rökstuddar greinargerðir til EFTA-ríkjanna án tafar. Frestur til þess að fara yfir rökstudda greinargerð hefst þegar viðeigandi EFTA-ríki, eitt eða fleiri, hefur veitt henni móttöku. Ákvörðun um að fallast á rökstudda greinargerð eða hafna henni verður að öllu jöfnu tekin að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem hún hefur að geyma, án þess að viðkomandi yfirvöld leggi út í frekari rannsóknarvinnu.
- b) Við undirbúning rökstuddrar greinargerðar ættu aðilar sem leggja hana fram því að ganga úr skugga um að allar upplýsingar og röksemdir sem byggt er á séu nægilega studdar óháðum heimildum.

⁴⁸ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 7. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1).

- c) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. IV. kafla í bókun 4 í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól geta aðilar sem leggja fram rökstudda greinargerð sem, hvort heldur af ásetningi eða í gáleysi, veita rangar eða misvísandi upplýsingar sætt sektum sem nema allt að 1% af samantlagðri veltu viðkomandi fyrirtækis.
- d) Heimilt er að fara þess skriflega á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún fallist á að rökstudda greinargerðin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru yður ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (t.d. vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir um fyrirtæki sem fjandsamlegt yfirtökutilboð beinist að).

Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að greint sé frá ástæðum þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynt sé eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og tilgreint sé á hverju þetta mat byggist. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar Eftirlitsstofnun EFTA eða viðkomandi EFTA-ríki, eitt eða fleiri, getur aflað þeirra umbeðnu upplýsinga sem ekki voru tiltækar.

- e) Heimilt er að fara þess á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún fallist á að rökstudda greinargerðin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaði þessu, vanti ef talið er að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA eða viðkomandi EFTA-ríkis eða -ríkja.

Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að fullnægjandi rök séu færð fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir meðferð á beiðni um að vísa máli áfram áður en að tilkynningu kemur. Rétt er að skýra frá þessu á undirbúningsfundum með Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi EFTA-ríki, einu eða fleiri, og óska eftir því skriflega við Eftirlitsstofnunina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, skv. 2. mgr. 4. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Eftirlitsstofnun EFTA getur haft samráð við yfirvald eða yfirvöld viðkomandi EFTA-ríkis áður en hún tekur ákvörðun um að verða við slíkri beiðni.

C. Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram rökstudda greinargerð.

Sé um samruna að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn eða öflun sameiginlegra yfiráðna í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. þessarar gerðar skulu samrunaaðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfiráðnum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá rökstuddu greinargerðinni.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá greinargerðinni.

Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá greinargerðinni.

Allir sem leggja fram rökstudda greinargerð bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

D. Frágangur rökstuddrar greinargerðar.

Hina rökstuddu greinargerð ber að leggja fram á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða Evrópu-bandalagsins. Kjósi fyrirtæki að beina tilkynningu til Eftirlitsstofnunar EFTA á tungumáli sem ekki er eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem falla undir valdsvið stofnunarinnar, eða er ekki vinnutungumál hennar, ber þeim jafnframt að láta fylgja með öllum skjölum þýðingu á einhverju opinberu tungumáli eða vinnutungumáli stofnunarinnar. Tungumálið sem notað er við þýðinguna skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla aðila sem leggja fram greinargerð.

Í því augnamiði að greiða fyrir meðferð yfirvalda EFTA-ríkis á RS-eyðublaði eru aðilar eindregið hvattir til þess að útvega Eftirlitsstofnun EFTA þýðingu á rökstuddri greinargerð sinni á tungumáli eða tungumálum sem allir viðtakendur upplýsinganna skilja. Að því er varðar beiðnir um vísun máls til EFTA-ríkis eða -ríkja eru aðilar eindregið hvattir til að leggja einnig fram afrit af beiðninni á tungumáli/tungumálum EFTA-ríkisins/-ríkjanna sem beðið er um að máli sé vísað til.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing og fylgiskjöl. Sumar upplýsingar má setja í viðauka fyrir skýrleika sakir. Þó er brýnt að allar helstu upplýsingar komi fram í meginmáli RS-eyðublaðs. Viðaukana við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Fylgiskjöl skal leggja fram á frummálinu; sé það ekki eitt af opinberum tungumálum EFTA-rikkjanna, eða vinnutungumál Eftirlitsstofnunar EFTA, ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins.

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber aðila að staðfesta að þau séu rétt og fullfrágengin.

Sendu skal frumritið og sex afrit af RS-eyðublaði og fylgiskjölum til Eftirlitsstofnunar EFTA. Rökstuddu greinargerðina skal senda á pósthöfundum sem um getur í 1. mgr. 23. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á eyðublaði sem Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir.

Greinargerðina skal senda á pósthöfundum Eftirlitsstofnunar EFTA. Greinargerðina skal senda Eftirlitsstofnun EFTA á virkum degi í skilningi 24. gr. V. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ef unnt á að vera að skrá hana samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga og fyrir kl. 16:00 á föstudögum og á virkum dögum næst á undan opinberum frídögum og öðrum frídögum eins og Eftirlitsstofnun EFTA fastsetur og birt er í EES-hluta Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau. Öllum öryggisfyrirmælum sem sett eru fram á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA verður að fylgja.

E. Trúnaðarkvaðir.

Í 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn og, hvað viðkemur Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-rikkjunum, 2. mgr. 17. gr. IV. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, er farið fram á það við framkvæmdastjórn EB, aðildarríki EB, Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkin, embættismenn þeirra og aðra opinbera starfsmenn að þeir láti öðrum ekki í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar eða ákvæða hennar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynningaradila.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá rökstuddu greinargerðinni er heimilt að leggja viðskiptaleyndarmál fram í sérstökum viðaukum og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Rökstuddri greinargerð skulu fylgja allir slíkir viðaukar.

F. Skilgreiningar og leiðbeiningar við frágang þessa eyðublaðs.

Aðili eða aðilar að rökstuddri greinargerð: Ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram rökstudda greinargerð er hugtakið aðilar einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur greinargerðina fram

